BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR

*Gaman að elda og lesa alls konar uppskriftir*

• matur • tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




BLÁTT ÁFRAM

*Fræðsla og forvarnir í alheimsforvarnamánuði*

Sérblað Blátt áfram

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. apríl 2009 — 81. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Prófessor telur lán til félaga starfsfólks fara gegn lögum

**Lagaprófessor telur að stjórnir bankanna hafi ekki mátt lána einkahlutafélögum starfsmanna hluti í bönkum. „Ekkert verið að tengja hagsmuni starfsmanna og bankans saman," segir Vilhjálmur Bjarnason.**

**BANKAHRUNIÐ** Stjórnir bankanna brutu í bága við lög þegar þær seldu starfsmönnum sínum hluti í bönkunum í gegnum einkahlutafélög, að mati Stefáns Más Stefánssonar, lagaprófessors við Háskóla Íslands.

Undantekning í hlutafélagalögum leyfir að starfsmönnum sé lánað til kaupa í fyrirtækjum sínum.

„Einkahlutafélag er auðvitað ekki starfsmaður fyrirtækisins," segir Stefán. Hann setur þó þann fyrirvara að um lán hafi verið að ræða, í skilningi hlutafélagalaga.

Í 104. grein laganna segir að starfsmennirnir eða tengd félög megi fá lán til að kaupa hlutina, en Stefán kveður að umrædd tengd félög séu tengd fjármálafyrirtækinu, ekki starfsmönnunum.

Þekkt dæmi um að starfsmaður banka hafi stofnað félag til slíkra kaupa er af Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrum forstjóra Kaupþings. Hann stofnaði félag í eigin nafni og fékk lán upp á 3,5 milljarða til þessa. Alls fengu starfsmenn í Kaupþingi fimmtíu milljarða að láni til hlutabréfakaupa.

Starfskjarastefna banka kveður á um með hvaða hætti umbun til æðstu starfsmanna skuli vera. Samkvæmt starfskjarastefnu Kaupþings var starfsmönnum leyft að kaupa þessa hluti „til þess að samræma hagsmuni starfsmanna við langtímahagsmuni hluthafa".

Aðalfundur hvers banka samþykkir starfskjarastefnu hans. Spurður hvort stjórnir bankanna hafi farið á svig við samþykktir aðalfunda með þessum lánum, segir Vilhjálmur Bjarnason, formaður Félags fjárfesta, að samþykktir aðalfunda á Íslandi séu ekki merkilegar: „Aðalfundir samþykktu aldrei neitt, þetta var mjög hrátt."

Spurður hvernig lán til hlutafélaga standist stefnu sem miði að því að samræma hagsmuni banka og starfsmanna, þegar starfsmenn séu ekki endilega í persónulegum ábyrgðum fyrir einkahlutafélaginu, segir Vilhjálmur: „Þarna er ekkert verið að tengja hagsmuni starfsmanna og bankans saman, þarna er verið að velta allri áhættunni yfir á bankana. [...] Félag getur ekki verið aðili að kjarasamningi."

En þetta mun ekki hafa verið skilningur bankanna, því í skýringum við ársreikning Landsbanka 2007 er tekið fram að lánað hafi verið til félaga í eigu æðstu stjórnenda. Annars er hvergi minnst á lán til einkahlutafélaga í starfskjarastefnum bankanna, eftir því sem næst verður komist.

Refsing fyrir brot á viðkomandi grein hlutafélagalaga getur varðað allt að tveggja ára fangelsi, að sögn Stefáns Más. **- kóþ**




**STÚDENTAR Í VANDA** Stúdentar óttast að þeir verði margir án tekna í sumar, enda litla vinnu að hafa auk þess sem þeir eiga þá hvorki rétt á atvinnuleysisbótum né námslánum. Stúdentahreyfingin Röskva efndi til setuverkfalls við skrifstofu rektors í gær og krafðist þess að skólinn byði upp lánshæft nám í sumar til að koma til móts vanda stúdenta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Grunaður um fíkniefnasmygl:

## Víðtæk leit að strokufanga

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum gerði víðtæka leit í gær að rúmlega tvítugum Belga, Gilles Claessens, sem strauk úr varðhaldi lögreglu. Grunur leikur á að hann hafi fíkniefni innvortis. Hann slapp úr varðhaldi þegar verið var að færa hann til rannsóknar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Maðurinn er ekki talinn hættulegur.



GILLES CLAESSENS

Mikið var lagt upp úr að finna Claessens í gær; setti lögregla upp vegatálma í grennd við Reykjanesbæ. Tengsl hans við Íslendinga eru ókunn.

Maðurinn var ófundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun. **- shá**

Samkeppniseftirlitið hefur mikilvægu hlutverki að gegna í atvinnuuppbyggingu:

## Fjölgun starfsmanna nauðsyn

**EFNAHAGSMÁL** „Ég er eindregið þeirrar skoðunar að Samkeppniseftirlitið hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna á tímum eins og við lifum núna. Jafnvel meira en í góðu árferði því það skiptir miklu máli að endurreisn efnahagslífsins verði með þeim hætti að hér rísi atvinnulíf þar sem er virk og öflug samkeppni," segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (SE), segir brýnt að fjölga starfsmönnum stofnunarinnar. „Það er einfaldlega þannig í dag að við verðum að forgangsraða talsvert mikið." Hann segir að ef vilji sé til að flýta efnahagsbatanum þurfi að efla SE verulega.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir blasa við að samkeppnisyfirvöld þurfi að geta sinnt sínu hlutverki nú sem endranær. „Það reynir á margar grunneiningar í stjórnsýslunni í þessu árferði. Ef reynir á SE sérstaklega þá þarf að fara yfir það." Steingrímur segist engu geta svarað um hvort fjárveitingar til stofnunarinnar verði auknar. **- shá** / sjá síðu 4

## FÖSTUDAGUR

### Spilar í Cannes



Barði Jóhannsson fer með Bang Gang á virta kvikmyndahátíð.

FÓLK 36

### Ungur í anda



Heimir Guðjónsson er fertugur.

TÍMAMÓT 28

### Æskulýðsstarf í uppnámi

„Forgangsröðun meirihlutans kemur ekki aðeins til með að bitna á börnum og fjölskyldum samtímans, heldur er hún verulega kostnaðarsöm þegar til lengri tíma er litið," skrifar Sóley Tómasdóttir.

UMRÆÐAN 24

### Blómstra hjá Stefáni



Bestu frjálsíþróttastelpur landsins eru í stöðugri framför hjá þjálfaranum Stefáni Jóhannssyni.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**MILT** Í dag verður allhvöss norðaustan átt nyrst á Vestfjörðum, annars hæg austlæg átt. Rigning eða skúrir um mest allt land. Hiti 2-14 stig mildast í uppsveitum á Suður- og Vesturlandi.

VEÐUR 4










**SPURNING DAGSINS**



*Bergþóra, er þetta spurning um fjarnám eða fjárnám?*

„Í versta falli gæti þetta endað með líffæranámi.“

Háskólastúdentar sjá fram á stórfellt atvinnuleysi yfir sumarmánuðina og vilja að boðið verði upp á sumarannir við Háskóla Íslands. Bergþóra Snæbjörnsdóttir situr í stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Sóknarnefnd Selfosskirkju skrifar biskupi vegna máls Gunnars Björnssonar:

# Vilja séra Gunnar ekki aftur

**ÞJÓÐKIRKJAN** Sóknarnefnd Selfosskirkju hefur ritað biskupi Íslands bréf og óskað eftir því að séra Gunnar Björnsson snúi ekki aftur til starfa við kirkjuna. Hæstiréttur sýknaði séra Gunnar nýverið af ákæru um kynferðislega áreitni gegn sóknarbörnum sínum og hefur biskup tjáð honum að hann geti hafið störf að nýju 1. maí.

Eysteinn Ó. Jónasson, formaður nefndarinnar segir að bréfið hafi raunar verið ritað og sent biskupi í desember síðastliðnum eftir að sýknudómur féll í héraði. Það hafi verið merkt trúnaðarmál og beðið um að það yrði ekki opnað nema ef Hæstiréttur sýknaði Gunnar einnig.

Séra Gunnar játaði því við meðferð málsins að hafa strokið stúlkunum og kysst þær í leit að andlegum styrk. Dómurinn komst að því að hann hefði þó ekki brotið lög. „Okkur fannst þetta samt feikinóg til þess að það væri ekki æskilegt að hann væri að koma þarna aftur í hóp barnanna,“ segir Eysteinn. Málinu hafi lyktað þannig að orð stæði á móti orði og þá yrði að leyfa börnunum að njóta vafans.

Biskup hefur ekki svarað bréfi sóknarnefndarinnar. Verði ekki fallist á beiðni nefndarinnar á Eysteinn von á því að málinu verði skotið til úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar. - sh



**VILL BÆTUR** Séra Gunnar vill skaða- og miskabætur fyrir að hafa verið settur í tímabundið leyfi á meðan mál hans var til meðferðar hjá yfirvöldum.

Skilorðsbundinn dómur:

## Með maríjúana og rafbyssu

**DÓMSTÓLAR** **Maður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið. Sakarefnin voru umferðarlaga- og fíkniefnabrot.**

**Maðurinn var á síðasta ári stöðvaður undir stýri og reyndist undir áhrifum fíkniefna, auk þess sem rúm 180 grömm af maríjúana fundust hjá honum. Við húsleit á heimili hans fundust rúm níu grömm af efninu til viðbótar. Hann afplánar eldri dóm.**

**Maðurinn hefur áður hlotið ellefu refsidóma fyrir ýmiss konar brot. Auk fíkniefnanna sætti hann upptöku á rafbyssu sem fannst í fórum hans.** - jss

Fjárfest fyrir tugi milljarða:

## Erlendir aðilar verji krónum innanlands

**VIÐSKIPTI** **Viðræður hafa staðið yfir síðan fyrir áramót um leiðir til að vinda ofan af krónustöðum erlendra aðila í Seðlabankanum.**

**Ein þeirra leiða sem mögulegt er að verði farnar á næstu vikum er sú að eigendur um fimmtungs krónubréfa leysi þau út og kaupi skulda- og hlutabréf íslenskra fyrirtækja með sterka alþjóðlega tengingu. Fyrirtæki sem nefnd hafa verið eru Landsvirkjun, Norðurál, Marel Food Systems og Össur.**

**Stefnt er að því að skuldabréfin verði greidd til baka eftir allt að fimm ár í erlendum gjaldeyri en vonir standa til að þá heyri gjaldeyrishöftin sögunni til.**

- jab / sjá síðu 22

Þrír karlmenn dæmdir:

## Földu fíkiefnin í niðursuðudós

**DÓMSTÓLAR** **Þrír karlmenn hafa verið dæmdir fyrir tilraun til að smygla inn í landið rúmu kílói af maríjúana í niðursuðudósum.**

**Fíkniefnin voru í pakka sem sendur var frá Póllandi á nafngreindan einstakling í Kópavogi. Í sendingunni, sem tollgæslan hafði stöðvað við hefðbundið eftirlit, voru sex niðursuðudósir sem virtust innihalda kjötbúðing og niðursoðna ávexti; fjögur stór súkkulaðistykki, tveir kaffipakkar, sjö túnfiskdósir og þrjár kökur. Við rannsókn lögreglu á dósunum fundust fíkniefnin í þeim.**

**Sá sem þyngsta dóminn fékk á að sitja inni í fimm mánuði. Annar mannanna á sæta fangelsi í fjóra mánuði. Sá þriðji var dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af fjóra á skilorði.** - jss

# Vilja nýjan flugskóla á Keflavíkurflugvöll

**Til greina kemur að höfuðstöðvar háþróaðs flugskóla verði á Keflavíkurflugvelli. Hollenskt fyrirtæki undirbýr stofnun og yrði kennt á allt frá flugdrekum upp í orrustuþotur. Á annað hundrað starfa gæti skapast á Suðurnesjum.**

**MENNTUN** Til greina kemur að höfuðstöðvum alþjóðlegs flugskóla verði fundinn staður á Keflavíkurflugvelli. Ef af verður gætu orðið til á annað hundrað störf fyrir tæknimenn, flugvirkja, flugmenn og fleiri.

Það er hollenska fyrirtækið ECA sem kannar nú möguleika á uppbyggingu á Miðnesheiði, segir Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri samgönguskóla Keilis.



**HJÁLMAR ÁRNASON**

Hann segir lítið um málið að segja á þessu stigi, enda Keflavíkurflugvöllur aðeins einn af þeim stöðum sem forsvarsmenn flugskólans hafi skoðað.

Málið er á algeru byrjunarstigi, segir Hjálmar. Til standi að stofna flugskóla fyrir lengra komna nemendur, og kenna á ýmsar tegundir loftfara, allt frá flugdrekum að þyrlum og þotum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætla forsvarsmenn ECA að taka ákvörðun um staðsetningu á næstu vikum. Meðal staða sem keppa við Keflavíkurflugvöll um hylli félagsins er Goose Bay á austurströnd Kanada.

Keilir vinnur þessa dagana að uppbyggingu alþjóðlegs flugskóla á Miðnesheiði. Hjálmar segir skólann stefna að því að laða erlenda nemendur að náminu. Verði af stofnun skóla ECA á Keflavíkurflugvelli verði það í samstarfi við Keili, og gæti mögulega flýtt fyrir þeirri útrás.



**FLUG** Forsvarsmenn hollenska fyrirtækisins ECA líta meðal annars til þess að góð aðstaða er á Miðnesheiði, bæði íbúðarhúsnæði og stærðarinnar flugskýli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ECA hefur á undanförnum árum rekið alþjóðlega þyrluleigu, og leigir meðal annars Atlantshafsbandalaginu fjölmargar þyrlur sem notaðar eru í Afganistan.

Þá hefur fyrirtækið tekið að sér þjálfun herflugmanna ýmissa þjóðríkja. Stefnt er að því að halda þeirri starfsemi áfram, en slík þjálfun mun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, fara fram í þeim löndum sem kaupa munu þjónustuna.

Verði af uppbyggingu flugskóla fyrirtækisins á Keflavíkurflugvelli yrði flugmönnum kennt á fjölmargar tegundir flugvéla og þyrla. Þá er stefnt að því að fyrirtækið leigi erlendum flugherjum ýmiss konar æfingabúnað, sem notaður yrði í þeim löndum sem leigja búnaðinn. Ef af verður mun viðhald á fjölmörgum flugvélum félagsins að líkindum færast hingað til lands.

Mikil leynd hvílir yfir áhuga ECA, og segja heimildarmenn Fréttablaðsins gríðarlega hagsmuni í húfi fyrir það land sem verði fyrir valinu fyrir uppbyggingu flugskólans.

Málið hefur verið kynnt fyrir Össuri Skarphéðinssyni, utanríkis- og iðnaðarráðherra, en er ekki á hans borði, segir Kristján Guy Burgess, aðstoðarmaður ráðherra.

brjann@frettabladid.is

Viðskiptaráðherra:

## Íslendingar fyrstir á lappir

**EFNAHAGSMÁL** Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra var bjartsýnn fyrir hönd þjóðarinnar á fundi viðskiptanefndar í gær og sagði útlit fyrir að hún myndi rísa fyrr en aðrar þjóðir upp úr kreppunni.

„Nú er ég farinn að heyra í erlendum blaðamönnum sem horfa öfundaraugum til Íslands; það gerðist náttúrlega ekki áður,“ sagði hann. „Þá eru þeir einfaldlega að benda á það að við erum byrjaðir að taka á okkar málum þó að við séum ekki nándar nærri búnir að leysa öll okkar vandamál.“ Sagði hann að víðast hvar væru ríki ekki komin jafn langt í þessari vegferð og minnti jafnframt á auðlindir þjóðarinnar. Það væri því ýmislegt sem benti til þess að Ísland risi á lappirnar fyrr en aðrar þjóðir. - jse

**SVÍÞJÓÐ**

### Fá sama rétt

Sænska þingið hefur samþykkt lög um hjónavígslur samkynhneigðra með miklum meirihluta atkvæða. Lögin gefa samkynhneigðum sama rétt og gagnkynhneigðum hvað hjónavígslu varðar. Lögin taka gildi um næstu mánaðamót. Sænska kirkjan tekur afstöðu til laganna í haust. Fram að því geta samkynhneigðir aðeins fengið borgaralega vígslu.

**EIGNARNÁM**

### 1,8 milljónir fyrir vegstæði

Eigendum jarðanna Móbergs og Ásgrímsstaða á Fljótsdalshéraði hafa verið úrskurðaðar samtals ríflega 1,8 milljónir króna í bætur vegna lands sem fer undir endurbyggingu Borgarfjarðarvegar frá Lagarfossi að Sandi í Hjaltastaðaþinghá. Að auki á Vegagerðin að greiða þeim 1,5 milljónir króna í málskostnað og ríkinu eina milljón.


# Jóhanna! Nú er valdið í þínum höndum!

Við þökkum fyrir hreinsanirnar í Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum en verkinu er ekki lokið. Það þarf að taka til í lífeyrissjóðunum.



íslenskur ríkisborgari

Við viljum endurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu strax. Yfir 18.000 manns hafa þegar skrifað undir, stefnum á 25.000. Lífeyrissjóðirnir eru okkar eign!

**www.okkarsjodir.is**


Sjálfstæðismenn geta hugsað sér eina breytingu á stjórnarskránni að svo stöddu:

# Fallast ekki á valdaafsal Alþingis

**STJÓRNMÁL** Hart var tekist á um breytingar á stjórnarskránni við aðra umræðu málsins á Alþingi í gær.

Óánægja sjálfstæðismanna með frumvarp hinna stjórnmálaflokkanna fjögurra er megn. Höfu formaður og varaformaður flokksins gærdaginn á að útskýra viðhorf sitt á fundi með blaðamönnum. Sögðust þau geta fallist á eina grein frumvarpsins; þá er fjallar um hvernig breyta á stjórnarskránni. Annað vildu þingmenn flokksins ekki sjá að svo stöddu enda tíminn knappur fram að kosningum og vert að nýta hann til umræðna um brýnni viðfangsefni stjórnmálanna.

Engu að síður lýstu þau Bjarni Benediktsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir flokk sinn viljugan til að breyta stjórnarskránni. En það þyrfti að bíða betri tíma.

Í frumvarpinu, sem allt bendir til að verði samþykkt gegn vilja sjálfstæðismanna, er gert ráð fyrir að stjórnlagaþing starfi frá miðju næsta ári og setji lýðveldinu nýja stjórnarskrá.

Þorgerður Katrín sagði af og frá að hægt væri að fallast á slíkt; ekki kæmi til greina að Alþingi afsalaði sér valdinu til stjórnarskrárgjafar. Á hinn bóginn gæti hún hugsað sér að einhvers konar stjórnlagaþing yrði Alþingi ráðgefandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar.



**ÞORGERÐUR OG BJARNI** Þau segja flokk sinn viljugan að breyta stjórnarskránni. Það bíði betri tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þá sagði hún óráð að kveða á um þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnarskránni, rétt væri hins vegar að fjalla um slíka atkvæðagreiðslu í almennum lögum. - bþs

LAMBAKJOT.IS



# GRILLBRAGÐ *páskanna*



H:N markaðssamskipti / SÍA

**„Það er frábært tilfinning þegar stemmningin myndast á tungunni. Ég mæli með því.“**

## Grillað lambalæri með jógúrtkryddlegi

Lambalæri, án lykilbeins og sagað eftir endilöngu (langsagað).

Veltið lambinu upp úr kryddleginum og geymið í kæli í 2 - 12 klst. Strjúkið megnið af kryddleginum af kjötinu og grillið á meðalheitu grilli í 25 - 30 mín. Snúið kjötinu reglulega.

### Jógúrtkryddlögur:

2 dl jógúrt, hreint • 2 hvítlauksgeirar, pressaðir • 2 msk engiferrót, smátt söxuð • 3 msk sítrónusafi
1 tsk kummin • 1 tsk kóríanderfræ, steytt • 1/2 tsk kardimommur, steyttar • 1/2 tsk salt
3 msk mynta, smátt söxuð. Setjið allt í skál og blandið vel saman.

Berið lambalærið fram með grilluðu grænmeti og bökuðum kartöflum.

25 - 30 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

*Lambakjöt*
NÁTTÚRULEGA EINFALT

## GENGIÐ 02.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,52 | 119,08 |
| Sterlingspund | 174,22 | 175,06 |
| Evra | 158,33 | 159,21 |
| Dönsk króna | 21,252 | 21,376 |
| Norsk króna | 17,964 | 18,07 |
| Sænsk króna | 14,626 | 14,712 |
| Japanskt jen | 1,187 | 1,194 |
| SDR | 177,32 | 178,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

193,5032

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þjóðarleiðtogar áhyggjufullir á meðan N-Kóreumenn halda áfram að ögra:

# Eldsneyti sett á eldflaugina

**SEÚL, AP** Norður-Kóreumenn hafa byrjað að setja eldsneyti á eldflaug sem þeir áforma að skjóta út yfir Kyrrahaf á næstunni. Þetta fullyrðir Bandaríkjaher. Hægt er að skjóta eldflauginni á loft þremur til fjórum dögum eftir að byrjað er að dæla á hana eldsneyti.

Barack Obama Bandaríkjaforseti ræddi málið við Lee Myunbak, forseta Suður-Kóreu, í London í gær, þar sem G20-fundurinn er haldinn. Þeir sammæltust um þörfina á samræmdum viðbrögðum yrði af skotinu. Obama hefur sagt að skjóti Norður-Kóreumenn eldflauginni á loft verði litið á það sem ögrun sem kalli á viðbrögð öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.



**SAMMÁLA** Obama ræddi við forseta Suður-Kóreu í London og taldi nauðsynlegt að koma á friði og stöðugleika á Kóreuskaga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norður-Kóreumenn segjast með skotinu ætla að koma gervihnetti á braut um jörðu. Aðrar þjóðir telja tilganginn með skotinu fyrst og fremst vera að prófa nýja tegund langdrægra flugskeyta.

Skjóta á flauginni yfir Japan og hafa Japanar hótað því að skjóta hana niður þegar hún berst að ströndum þeirra. Þeir munu þegar hafa gert varúðarráðstafanir til að bregðast við því ef brak úr flauginni skyldi falla þar til jarðar.

Norður-Kóreumenn segja að það myndi jafngilda stríðsyfirlýsingu að skjóta flaugina niður og hóta því að eldi og brennisteini muni rigna yfir Japan verði það gert. - sh

Hraðamælingar lögreglu:

## Hraðakstur á Kársnesbraut

**LÖGREGLUMÁL** Sjötíu og þrír voru staðnir að hraðakstri á Kársnesbraut í Kópavogi í gær en þar var staðsett ómerkt lögreglubifreið sem er búin myndavélabúnaði.

Á einni klukkustund fyrir hádegi fóru 205 ökutæki þessa akstursleið og því óku 36 prósent ökumanna of hratt eða yfir afskiptahraða.

Þá voru 66 ökumenn staðnir að hraðakstri á Hringbraut í Hafnarfirði á þriðjudag. Á einni klukkustund eftir hádegi fóru 127 ökutæki þessa akstursleið og því óku 52 prósent ökumanna of hratt. - kg

Hæstiréttur staðfestir dóm:

## Annþór í fangelsi í fjögur ár

**DÓMSMÁL Annþór Kristján Karlsson hefur verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir að skipuleggja smygl á hálfu fimmta kílói af amfetamíni og hálfu kílói af kókaíni til landsins. Hæstiréttur hefur staðfest dóm héraðsdóms þess efnis.**



**ANNÞÓR KRISTJÁN KARLSSON**

**Efnin komu til landsins í hraðsendingu frá Þýskalandi. Vitorðsmaður Annþórs, Tómas Kristjánsson, starfaði hjá hraðsendingarfyrirtækinu. Hann hlaut tveggja og hálfs árs fangelsisdóm. Tveir bræður hlutu eins og hálfs árs fangelsisdóm fyrir aðild sína að málinu í héraði en áfrýjuðu ekki.** - sh

Tyrklandsheimsókn Obama:

## Tyrkir senda út á armensku

**TYRKLAND, AP** Tyrkneska ríkisútvarpið TRT segist hafa hafið útsendingar á armensku. Kvað það vera gert sem teikn um vilja Tyrkja til sátta við Armena í tengslum við væntanlega heimsókn Baracks Obama Bandaríkjaforseta til Tyrklands.

TRT hóf á miðvikudag einnig útvarpsútsendingar á kúrdísku, en sjónvarpsútsendingar á því máli hófust í janúar. Tyrknesk yfirvöld vilja að Obama komi í veg fyrir að Bandaríkjaþing samþykki ályktun þar sem dráp Tyrklandshers á Armenum í lok heimsstyrjaldarinnar fyrri eru fordæmd sem þjóðarmorð. Að sögn tyrkneskra ráðamanna myndi slík samþykkt spilla fyrir tilraunum til að bæta samskiptin við Armeníu. - aa

# Samkeppniseftirlit getur flýtt fyrir endurreisninni

**Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir dæmin sanna að ástæða sé til að styrkja samkeppnisyfirvöld á tímum efnahagsþrenginga. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins vill fjölga starfsmönnum úr tuttugu í þrjátíu.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ef það er vilji til að gera allt sem hægt er til að flýta efnahagsbatanum þá þarf að efla Samkeppniseftirlitið verulega til að takast á við þær aðstæður sem komnar eru upp,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (SE). Páll telur að fjölgun starfsmanna úr rúmlega tuttugu í þrjátíu á næstu misserum myndi gera SE kleift að takast á við öll verkefni með skilvirkum hætti.



**GYLFI MAGNÚSSON**



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**

„Við höfum ekki legið á því hversu mikilvægt það er að SE fái meira svigrúm. Við höfum kallað eftir því við fjárveitingavaldið að veita stofnuninni meira fé til að hægt sé að sinna fleiri verkefnum,“ segir Páll Gunnar. „Það er einfaldlega þannig í dag að við verðum að forgangsraða talsvert mikið. Þó að starfið gangi vel er ýmislegt sem við þurfum að setja aftar í röðina.“

„Ég er eindregið þeirrar skoðunar að SE hafi mjög miklu hlutverki að gegna á tímum eins og við lifum núna. Jafnvel meiru en í góðu árferði því það skiptir miklu máli að endurreisn efnahagslífsins verði með þeim hætti að hér rísi atvinnulíf þar sem er virk og öflug samkeppni,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra, sem jafnframt er í leyfi sem stjórnarformaður SE á meðan hann gegnir ráðherraembætti.

Spurður hvort stofnunin sé undirmönnuð segir Gylfi að hún gæti án efa notað fleiri starfsmenn. „Þröngur fjárhagur hins opinbera gerir fjölgun hins vegar erfiða.“

Gylfi telur að öflugt samkeppniseftirlit ýti undir fjölgun starfa. „Rannsóknir á kreppunni miklu í Bandaríkjunum benda til að veiking samkeppnisreglna og leyfisveitingar til stórra samruna töfðu endurreisnina og lengdu kreppuna um mörg ár.“ Tímabundna fjölgun starfsmanna telur Gylfi aðeins eitt af því sem kemur til greina. „Það má efla stofnunina með fjárheimildum til að kaupa sérfræðivinnu.“



**VIÐ VINNU** Því er haldið fram að aldrei reyni eins mikið á samkeppnisyfirvöld eins og í endurreisn atvinnu- og efnahagslífs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Páll Gunnar segir gríðarlega mikilvægt að stofnunin hafi kost á að nýta sérfræðiþekkingu utan stofnunarinnar. Verkefnin séu svo fjölbreytt og flókin. „Við höfum reynt að nýta alla þekkingu sem hægt er að draga að. Það hefur gengið vel en við þurfum meira svigrúm til þess.“ SE hefur í dag úr rúmlega 300 milljónum króna að spila á ári. Nýlega var farið fram á fimmtíu milljóna króna aukafjárveitingu á þessu ári.

svavar@frettabladid.is


N1

100.000 vörunúmer. 1 símanúmer.

Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.

Gerðu vel við bílinn þinn!



VARAHLUTIR 3 ÁRA ÁBYRGÐ

N1 440 1000 N1.IS


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**
Á morgun verða mildar suðlægar áttir ríkjandi með skúraveðri sunnanlands og vestan fram yfir hádegi en síðan eru góðar horfur á að hann þorni að mestu upp. Norðan- og austanlands verður þurrt og bjart með köflum, sýnu bjartast austan til. Á sunnudag verður keimlíkt veður en þó kólnar á Vestfjörðum í norðaustan átt með éljum.




**Á MORGUN** 8-13 m/s vestan til, annars mun hægari.

**SUNNUDAGUR** 8-13 m/s á Vestfjörðum, annars mun hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 17° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 14° |
| Eindhoven | 17° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 18° |
| New York | 12° |
| Orlando | 28° |
| Osló | 9° |
| París | 17° |
| Róm | 18° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP

OPIÐ til 20 alla daga

ÍSLANDS GRÍS

NÝTT & SPENNANDI

SMÁGRÍSA LÆRI 598 kr/kg.

Holta-kjúklingur

KJÚKLINGUR FERSKUR 522 kr/kg.
Merkt verð 949.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP

LAMBASKROKKUR HEILL FROSINN 849 kr/kg.

4 HAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI 499 kr/pk.

HELGARSTEIK ÚR LÆRI 1.749 kr/kg.
Merkt verð 2.498.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP

PIPARSTEIK 1.979 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

GRÆNN ASPARS 454 g 299 kr/búntið
Verð áður 699.-

JARÐARBER 454 g 399 kr/pk.

PÁSKA JÓGÚRT 77 kr/stk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP

RISA SAMLOKU-BRAUÐ 189 kr/stk.

HEILHVEITI & SPELT PASTA 20% afsláttur v/kassa

PIPAROSTUR RIFINN 199 kr/stk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP

FERSKT PIZZADEIG 20% afsláttur v/kassa

MERRILD KAFFI 529 kr/pk.

ORGANIC TURBO GREENS 20% afsláttur v/kassa

NÚÐLUR 4 TEGUNDIR 29 kr/stk.

24 Hagkaup OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 5. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Hljópst þú apríl í ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 10,8% |
| Nei | 89,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að hvalveiðar muni eyðileggja uppbyggingu hvala-skoðunarfyrirtækja?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Stjórnarandstæðingur segir forsætisráðherra ekki hirða um afleiðingar fyrningarleiðarinnar:

# Segir forsætisráðherra sýna ábyrgðarleysi

**SJÁVARÚTVEGUR** „Forsætisráðherra sagði það afdráttarlaust að það ætti að fara í aðgerðirnar en er alveg áhyggjulaus um afleiðingarnar og það er eins óábyrgt og það getur orðið,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Hann spurði Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Alþingi í gær hvaða áhrif það hefði á greiðslugetu sjávarútvegsfyrirtækjanna ef farin yrði svokölluð fyrningarleið. Samkvæmt henni myndi ríkið yfirtaka veiðiheimildirnar á allt að tuttugu árum. Þær myndu því fyrnast um fimm prósent á ári hjá þeim sem nú hafa



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

þær. „Það eina sem ég uppskar var að hún lofaði að fara þessa leið en ég var ekki að spyrja um það,“ segir Guðlaugur.

„Þetta er mjög sérstakt því miðað við þær forsendur sem liggja fyrir, og hefur meðal annars verið greint frá í Fréttablaðinu, þá þýðir þetta það að sjávarútvegsfyrirtækin, sem skulda á bilinu 400 til 500 milljarða, munu ekki ráða við þessa skattheimtu og fara í þrot og ekki nóg með það heldur taka bankana með sér.“

Jóhanna segir í samtali við Fréttablaðið að vel sé hægt að fara þessa leið án þess að sjávarútvegsfyrirtækin kikni undan og að hún taki málflutningnum um afleiðingar fyrningarleiðarinnar sem hræðsluáróðri þeirra sem eru leiðinni mótfallnir. Til dæmis hafi útgerðin mætt um þrjátíu prósenta skerðingu aflaheimilda árið 2007 og fyrningarleiðin sé afar hófstilltur niðurskurður í því samhengi. „Það verður farið í þetta í samvinnu við útgerðina og með þeim hætti að það ættu allir að getað lifað við það,“ segir hún. - jse



**HVAÐ ER FYRIR STAFNI?** Forsætisráðherra segir andstæðinga fyrningarleiðar vera með hræðsluáróður. Hana sé hægt að fara án þess að knésetja útgerð og banka.






# Sex ára drengur var stunginn og barinn

**Sex ára drengur sem verið hefur í Hamraskóla í Grafarvogi frá áramótum hefur orðið fyrir hrottalegu einelti af hendi jafnaldra síns. Drengurinn hefur verið stunginn til blóðs með blýanti, barinn og klóraður. Foreldrarnir eru ráðþrota.**

**SKÓLAMÁL** Sex ára drengur hefur orðið fyrir alvarlegu einelti af hendi annars drengs í Hamraskóla í Grafarvogi frá áramótum, að sögn föður þolandans. Drengurinn hefur verið stunginn til blóðs með blýanti, barinn og klóraður svo á honum hefur séð. Faðir drengsins er óánægður með viðbrögð skólayfirvalda. Hann ákvað að senda drenginn ekki í skóla í gær, þar sem nóg væri komið af afskiptaleysi forráðamanna skólans, sem ylli því að drengurinn yrði að þola endurtekna líkamlega áverka, sem væru ekki síður andlegir, í kjölfarið.

„Drengurinn kom fyrst í skólann í janúar eftir að hafa búið í London með okkur foreldrunum,“ segir faðirinn, sem biðst undan nafnbirtingu drengsins vegna. „Hann varð fljótlega fyrir áreiti af hendi jafnaldra síns. Þegar búið var að slá hann þrisvar í andlitið báðum við um fund með skólastjóranum og móður gerandans. Þau lofuðu bæði að tekið yrði á þessu. Gerandinn var síðan látinn hitta skólasálfræðing.

Síðan kemur að atvikinu sem drengurinn er stunginn til blóðs í bakið með blýanti. Þetta átti sér stað í skólastofunni. Afleysingakennari var þá að kenna bekknum. Hún skammaði gerandann, en tilkynnti atvikið ekki.“

Faðirinn segir að haldinn hafi verið annar fundur með skólastjóranum og þar verið ítrekað að þetta einelti gagnvart drengnum gengi ekki lengur, en ekkert hafi gerst.

„Hann kom heim fyrir um það bil tíu dögum með handlegginn allan rispaðan eftir árás af hendi hins drengsins. Svo næ ég í hann í skólann í dag og þá er búið að kýla hann í magann.

Nú er staðan sú, að það er búið að kýla hann níu sinnum, þar af einu sinni til blóðs í andlit, auk blýantsstungunnar og handleggsáverkans. Það er nákvæmlega ekkert gert. Þarna er verið að eyðileggja líf. Það ætlum við ekki að láta ná fram að ganga. Við ætlum ekki með drenginn aftur í skólann að óbreyttu.“

Foreldrarnir hafa leitað til menntamálaráðuneytisins, menntasviðs Reykjavíkur og fleiri vegna málsins.

Faðirinn segir aðstandendur hafa sótt drenginn í skólann á hverjum einasta degi. Það hafi ekki dugað til. Sleppa verði hendinni af honum þegar inn á skólalóðina sé komið og þá sé öryggi hans í höndum starfsmanna skólans. Það hafi brugðist.

„Drengurinn kemur heim og talar um gerandann. Hann dreymir hann á nóttunni. Honum líður hræðilega illa. Við erum ráðþrota.“ jss@frettabladid.is



**BLÝANTSSTUNGA** Drengurinn var stunginn með blýanti til blóðs í gegnum fötin. Atvikið átti sér stað á föstudegi en afleysingakennari tilkynnti það til skólayfirvalda á mánudegi.



**ÁVERKAR Á HANDLEGG** Svona kom drengurinn leikinn heim til sín eftir einn skóladaginn.






Skólastjóri Hamraskóla í Grafarvogi um meðferð eineltisins:

# Málið er í ákveðnu ferli

**SKÓLAMÁL** „Það er búið að vinna heilmikið í þessu máli og vinnsla er í gangi. Þetta er í ákveðnu ferli,“ segir Yngvi Hagalínsson, skólastjóri Hamraskóla, um eineltismálið sem greint er frá hér fyrir ofan.

Yngvi segir að málinu hafi, auk vinnslunnar í skólanum, verið vísað til menntasviðs Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Grafarvogs.

„Það er gert til að fá fleiri að því að skoða málið og meta,“ útskýrir hann.

Spurður hvort skólayfirvöld hefðu ekki þurft að grípa til aðgerða til að stöðva eineltið, sem staðið hefur undanfarnar vikur, sagði Yngvi að búið væri að stöðva það.

„Það eru alltaf tveir einstaklingar inni í kennslustofunni og mikil gæsla úti á velli,“ bætir hann við.

Spurður hvernig standi þá á því að þolandinn hafi verið kýldur í magann í fyrradag segir Yngvi erfitt að tjá sig um einstök mál af þessu tagi.

Spurður hvort eitthvað hafi séð á gerandann eftir samskipti drengjanna segir skólastjórinn svo ekki vera. Varðandi blýantsstunguna segir Yngvi að í því tilviki hafi vinnuferli skólans brugðist, þar sem atvikið hafi ekki verið tilkynnt til skólayfirvalda strax. - jss



**HAMRASKÓLI** Olweusar-verkefnið gegn einelti er ekki og hefur ekki verið í Hamraskóla.







Sökum efnahagsástandsins ákvað Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar, að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil heilsurúmum.
Nú vill Rekkjan gera enn betur og bætir við **10% AUKAAFSLÆTTI.**
Það þýðir **35% AFSLÁTTUR** af öllum King Koil rúmum í Rekkjunni næstu daga.

**Komdu og fáðu þér hágæða rúm á einstöku tilboði.**

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum vörum í mjúku deild Rekkjunnar.

## CASTAWAY

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa




## ADVENTURE

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunar-svampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa




## AVERY

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa




# FERMINGARTILBOÐ

# 30% AFSLÁTTUR!

Comfort Zone rúmin aðlaga sig á ótrúlegann hátt að líkamanum, hafa einstaka þyngdardreifingu og veita slökun sem er á fárra færi.

| COMFORT ZONE (120x200) Verð 132.900 kr. | COMFORT ZONE (97x200) Verð 116.900 kr. |
|---|---|
| FERMINGARTILBOÐ 93.030 kr. | FERMINGARTILBOÐ 81.830 kr. |



COMFORT ZONE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- þrýstijöfnunarsvampur í svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir eiginkona forsætisráðherra Bretlands?*

2 *Hver veiddi risaurriða í Varmá á fyrsta veiðidegi ársins í fyrradag?*

3 *Á hverju vill Ólafur F. Magnússon að Dagur B. Eggertsson biðjist afsökunar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Formaður Sjálfstæðisflokksins hafnar óbreyttu frumvarpi um eignaumsýslufélag:

# Óttast áform um ríkisumsjá fyrirtækja

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, geldur varhug við frumvarpi fjármálaráðherra um stofnun eignaumsýslufélags.

Því er ætlað að taka yfir rekstur „þjóðhagslega mikilvægra“ fyrirtækja sem lent hafa í miklum rekstrarerfiðleikum og eru að hluta eða öllu leyti komin í eigu fjármálastofnana.

Bjarni segir að stjórnvöldum séu veittar of víðtækar heimildir til að meta hvaða fyrirtæki teljist þjóðhagslega mikilvæg.

Í frumvarpinu eru þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki sögð sinna mikilvægum almanna- eða öryggishagsmunum og að stöðvun þeirra myndi valda verulegri röskun í þjóðfélaginu öllu. Þá er kveðið á um að Seðlabankinn og aðilar vinnumarkaðarins veiti umsögn um þau viðmið sem leggja skuli til grundvallar því að fyrirtæki geti talist þjóðhagslega mikilvæg í skilningi laganna.

Bjarni segir þingsins en ekki annarra að ákvarða slíka skilgreiningu.

„Það sem maður óttast fyrst og fremst er að það er lífsskoðun vinstrimanna að mörg fyrirtæki séu betur komin undir hatti stjórnvalda heldur en í höndum einstaklinganna. Þegar svona hugmyndir með svona opnar skilgreiningar koma fram þá er ástæða til að hafa allan varann á.“

Þó að Bjarni sé til viðræðu um breytingu á frumvarpinu er hann þeirrar skoðunar að bankarnir geti annast rekstur fyrirtækja í vanda og endurskipulagningu þeirra. Ekki hafi komið fram efnisleg rök fyrir hinu gagnstæða. - bþs



**BJARNI BENEDIKTSSON** Kveðst óttast þá lífsskoðun vinstrimanna að fyrirtæki séu betur komin hjá hinu opinbera en einstaklingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dagur svarar fulltrúa F-lista:

## Óþarfa stóryrði hjá Ólafi F.

**REYKJAVÍK Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi segir óþarfa af Ólafi F. Magnússyni að viðhafa stóryrði og taka gagnrýni á kaup á Laugavegi 4 til 6 til sín eingöngu og vísar til viðtals við Ólaf í blaðinu í gær.**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

**„Ég var ekki að saka Ólaf einan um peningaeyðslu, heldur Sjálfstæðisflokkinn fyrir að kaupa Ólaf til fylgilags við sig,“ segir Dagur. Hann hafi viljað draga fram að nú sé búið að eyða átta hundrað milljónum í hús sem hefðu annars verið friðuð.Um leið sé verið að skerða mjög mikilvæga þjónustu í borginni.**

**„Ég var einfaldlega að segja að sjálfstæðismenn hafa reynst einstaklega óábyrgðir í meðferð peninga borgarbúa á þessu kjörtímabili, en hann ákvað að taka það til sín.“** - kóþ

Sóttu um í Seðlabankanum:

## Skipa bankastjóra í maí

**EFNAHAGSMÁL** Átta hæfir umsækjendur sóttu um stöðu seðlabankastjóra. Þeirra á meðal eru Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Þorvaldur Gylfason hagfræðingur og Ásgeir Jónsson, forstöðumaður hjá Kaupþingi.

Aðrir sem sóttu um voru hagfræðingarnir Jóhann Rúnar Björgvinsson, Már Guðmundsson, Rannveig Sigurðardóttir, Tryggvi Pálsson og Yngvi Örn Kristinsson.

Sextán sóttu um stöðu aðstoðarseðlabankastjóra. Fimm af þeim sóttu einnig um stöðu seðlabankastjóra. Skipað verður í stöðurnar í maí. - bj

# Engin niðurstaða um gjaldeyrissamninga

**Ekki hefur náðst samkomulag um framvirka gjaldeyrissamninga. Lífeyrissjóðir hafa lagt fram sáttatilboð. Fyrir þingi liggur frumvarp um afnám lögsóknarbanns gegn fjármálastofnunum. Kjalar hyggur á málsókn um leið og færi gefst.**

**EFNAHAGSMÁL** Ekki hefur náðst samkomulag milli bankanna og þeirra sem áttu framvirka gjaldeyrissamninga fyrir fall fjármálakerfisins. Deilt er um á hvaða gengi samningarnir verða gerðir upp og ljóst er að það getur munað tugum milljarða hvert viðmiðunargengið verður.



**KRISTINN HALLGRÍMSSON**

Um fimmtán lífeyrissjóðir voru með framvirka gjaldeyrissamninga í öllum þremur bönkunum og við fall bankanna voru þeir samningar neikvæðir um sem svaraði 70 milljörðum króna. Á móti kemur áttu sjóðirnir skuldabréf á bankana upp á rétt rúmlega 100 milljarða króna.

Ekki er sjálfgefið að lífeyrissjóðir eigi bréf í sömu bönkum og gjaldeyrissamningarnir eru í og Arnar Sigurmundsson, stjórnarmaður í Landssamtökum lífeyrissjóða, segir að líka sé hægt að skuldajafna um 40 til 50 prósent af skuldabréfunum gegn samningunum. Sjóðirnir myndu samkvæmt þessu skulda bönkunum um 20 til 30 milljarða vegna samninganna, en eiga 50 til 60 inni hjá þeim í skuldabréfum, sé litið heilt yfir, sem séu kröfur í þrotabú.

Þá er hins vegar gert ráð fyrir að framvirku samningarnir séu gerðir upp á genginu sem var þegar bankarnir féllu, en á það hafa bankarnir ekki fallist. Arnar segir lögfræðiálit styðja kröfuna.



**FULLTRÚAR LÍFEYRISSJÓÐANNA** Arnar Sigurmundsson og Hrafn Magnússon funda með fjármálaráðherra í febrúar, ásamt öðrum fulltrúum lífeyrissjóðanna. Samningar standa yfir um hvaða gengi ráði uppgjöri framvirkra gjaldeyrissamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það er orðinn víðtækur skilningur á því að þegar bankarnir féllu voru þeir ófærir um að sinna þessu. Þær viðræður sem í gangi eru hafa beinst að því að ná lendingu sem tæki mið af þeirri staðreynd.“ Arnar segir að ef gjaldeyrissamningarnir hefðu farið í nýju bankana, líkt og ætlað var, hefði vandamálið ekki komið upp. Ákveðið hafi þó verið að skilja þá eftir hjá skilanefndunum.

Hrafn Magnússon, formaður Landssamtakanna, segir afnám banns um málsókn gegn fjármálafyrirtækjum ekki breyta miklu. Gert sé ráð fyrir að það sé bankanna að sækja í málinu, en reynt sé að ná samningum um það og sáttatillaga lífeyrissjóðanna gangi út á gengisvísitöluna 175. Hjá sjávarútvegsfyrirtækjum er neikvæð staða á samningunum um 17 milljarðar og heldur minna hjá byggingarfyrirtækjum.

Fjárfestingarfyrirtækið Kjalar hefur krafist þess að samningar þeirra verði gerðir upp á gengi Evrópska seðlabankans í október, nær tvöföldu gengi hins íslenska. Kristinn Hallgrímsson lögmaður segir fyrirtækið munu hefja málsókn um leið og færi gefst.

kolbeinn@frettabladid.is



**MÓTMÆLI** Ritstjóri Lögreglublaðsins óttast frekari mótmæli. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

Lögreglumaður um horfurnar:

## Óttast mótmæli hjá atvinnulausum

**LÖGREGLAN** „Ég er smeykur um að við séum ekki búin að sjá fyrir endann á þessu,“ segir Gísli Jökull Gíslason, ritstjóri Lögreglublaðsins, um mótmæli á Íslandi.

Með vaxandi atvinnuleysi komi ef til vill nýr hópur til mótmæla, örvæntingarfullt fólk og reitt. Mótmæli þess geti orðið hættulegri en þegar mótmælin voru annars vegar pólitísk og hins vegar með ofbeldismönnum.

„Hvorki aðgerðasinnar né ofbeldismennirnir höfðu misst eigur sínar þegar þeir mótmæltu og höfðu því kannski ekki mikla ástæðu til að vera reiðir. En atvinnulaust fólk, sem getur kannski ekki staðið undir afborgunum eða séð fjölskyldu sinni farborða, það gæti verið hættulegt,“ segir Gísli. - kóþ

**NORÐURSJÓR**

**Þyrla hrapaði**

Tíu manns eru taldir af eftir að þyrla hrapaði í Norðursjó síðdegis í gær. Björgunarlið leitar enn að sex farþegum. Þyrlan var af gerðinni Super Puma og var á leið í land frá olíuborpalli þegar hún hrapaði um 56 kílómetrum austan við Skotland. Minnst sextán manns voru um borð.




410 4000 | landsbankinn.is

137 / VESTURBÆJARÚTIBÚ

Guðlaugu finnst stutt síðan hún var í Melaskólanum. Hún og 13 aðrir taka vel á móti þér í Vesturbænum.

• Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
• Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
• Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í Vesturbæjarútibúi við Hagatorg eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

lagerútsala!



stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.




ekki missa
af þessu!!
Bak við Holtagarða!!

lagerútsalan
í fullum gangi
30-70% afsláttur
aðeins fimmtudag til sunnudags
frá kl. 11 - 18 á föstudag
en frá kl. 11-16 á lau. og sun.

Betra BAK

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**



**MÁLIN SKEGGRÆDD** Ísraelskur gyðingur í landnemabyggð á Vesturbakka Jórdanar ræðir eldfimt ástandið í síma en sleppir þó ekki takinu af vélbyssunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrátt fyrir aukinn málafjölda voru fjárveitingar til sýslumanna skornar niður:

# Verkefnin sliga ekki sýslumann enn

**STJÓRNSÝSLA** Þrátt fyrir að fyrirsjáanleg sé fjölgun fjárnámsbeiðna og annarra verkefna hjá sýslumönnum var fjármagn til þeirra skorið niður í fjárlögum ársins.

„Fjárheimildir voru lækkaðar hér eins og annars staðar þegar fjárlögin voru ákveðin,“ svarar Sigríður Eysteinsdóttir, deildarstjóri hjá fullnustudeild Sýslumannsins í Reykjavík, spurð hvort embættið hafi fengið meira fjármagn eða fleira starfsfólk.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær gætu tafir hjá dómstólum og sýslumönnum nýst þeim sem hyggjast skjóta eignum undan kröfuhöfum með því að færa þær yfir á maka sína eða aðra. Slíkir gjörningar eru að hámarki riftanlegir í tvö ár. Fjölgun verkefna hjá sýslumönnum flýtir að sjálfsögðu ekki fyrir úrvinnslu slíkra mála.

Varðandi nýliðinn marsmánuð segir Sigríður að uppboðum hafi fjölgað en kveðst enn ekki hafa tekið saman yfirlit um önnur verk. Hún segir að þrátt fyrir minna fjármagn og aukin verkefni anni starfsfólk Sýslumannsins í Reykjavík því sem gera þurfi. „Ég held að enn sem komið er sé það ekki farið að hafa áhrif að neinu leyti. Við höfum ráðið við allt sem við fáum inn.“ - gar



**SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK** Fjármálakreppan þvingar sífellt fleiri í þrot og uppboðum fjölgar svo embættið hefur í nógu að snúast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tveir menn ákærðir:

# Skölluðu og spörkuðu

**DÓMSTÓLAR** Lögreglustjórinn á Selfossi hefur ákært tvo menn fyrir líkamsárásir.

Öðrum mannanna er gefið að sök að hafa skallað mann á Draugabarnum á Stokkseyri í ágúst á síðasta ári. Fórnarlambið hlaut talsverða áverka í andliti.

Hinnum manninum er gefið að sök að hafa í fyrra ráðist á mann í Káragerði á Eyrarbakka og sparkað í andlit hans. Sá sem sparkað var í hlaut verulega áverka, meðal annars brot í augntóftarbotni. Hann gerir kröfu um ríflega 728 þúsund krónur í skaðabætur. - jss

Maður á þrítugsaldri:

# Tveggja ára dóm fyrir árás á sjötugan mann

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri, Gytis Kepalas, hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir líkamsárás og rán.

Honum var einnig gert að greiða fórnarlambi sínu 764 þúsund krónur í miskabætur.

Kepalas réðst að karlmanni á sjötugsaldri í húsasundi við Laugaveg í október, sló hann nokkrum sinnum í andlitið og tók af honum seðlaveski, sem í voru 100 þúsund krónur svo og farsíma. Árásarmaðurinn var í félagi við óþekktan mann við athæfið.

Fórnarlambið hlaut brot í augntóftargólfi, tvo skurði á kinn, mar á augnvefi og áverka á brjóstkassa. - jss

MP Banki bíður svars frá FME:

# Gæti seinkað opnun SPRON

**VIÐSKIPTI** **MP Banki hefur ekki enn fengið svar frá Fjármálaeftirlitinu (FME) um það hvort samþykki fáist fyrir kaupum bankans á útibúaneti SPRON og Netbankanum. Samkeppniseftirlitið hefur þegar veitt undanþágu frá samkeppnislögum svo hægt sé að opna útibú SPRON.**



**STYRMIR ÞÓR BRAGASON**

**Styrmir Þór Bragason, forstjóri MP Banka, segir að dragist svar FME lengur muni það líklega tefja opnun útibúa SPRON. Til stóð að höfuðstöðvar bankans og tvö útibú yrðu opnuð næstkomandi mánudag.** - bj

# Tími skattaskjóla og bankaleyndar liðinn

**Leiðtogar stærstu efnahagsvelda veraldar hafa samþykkt að verja ríflega þúsund milljörðum dala til hjálpar þjóðum í vanda vegna heimskreppunnar.**

**LONDON, AP** Leiðtogar svokallaðra G20-ríkja samþykktu á fundi sínum í London í gær að verja 1.100 milljörðum dollara, eða um 130 þúsund milljörðum króna, í aukin fjárframlög til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Fjármununum er ætlað að koma til aðstoðar þjóðum sem eru í kröggum vegna efnahagsástandsins í heiminum.

Þá var ákveðið að ráðast í mikla herferð gegn skattaparadísum um heim allan. „Tími bankaleyndar er liðinn,“ sagði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti að fundinum loknum. Þar var meðal annars ákveðið að búa til svartan lista yfir þau lönd sem skýla skattsvikurum og beita þau hörðum viðurlögum sem neita að taka upp nýjar alþjóðlegar reglur um gagnsæi á fjármálamörkuðum.

Leiðtogarnir náðu einnig samkomulagi um að gera breytingar á hlutverki fjármálaráðs sem þegar situr. Það fær nú aukið eftirlitshlutverk og er gert að fylgjast með þróun efnahagslífs í heiminum og gera viðvart um öll aðsteðjandi vandamál.

Sarkozy, ásamt öðrum leiðtogum Evrópuríkja, hafði talað fyrir því að ráðið yrði enn valdameira og fengi að ráðskast með regluverk aðildarríkja, þeirra á meðal Bandaríkjanna. Sú hugmynd hlaut ekki nægan hljómgrunn.

Barack Obama Bandaríkjaforseti, sem á fundinum tekst á við sitt fyrsta stóra verkefni í utanríkismálum, fékk ekki heldur stuðning annarra ríkja við það að verja háum fjárhæðum í innspýtingar í hagkerfi til atvinnusköpunar eins og gert hefur verið í Bandaríkjunum og Bretlandi. Frakkar og Þjóðverjar mótmæltu hugmyndinni harðlega, en fyrir lá að hún nyti ekki víðtæks stuðnings utan Bretlands og Bandaríkjanna.



**GAMAN Á G20** Barack Obama slær á létta strengi við kollega sína frá Ítalíu og Rússlandi, Silvio Berlusconi og Dmitry Medvedev. Á myndinni má einnig sjá Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseta, Saud al-Faisal, utanríkisráðherra Sádi-Arabíu, Abhisit Vejjajiva, forsætisráðherra Taílands, Hu Jintao Kínaforseta, Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Meles Zenawi, forsætisráðherra Eþíópíu. NORDICPHOTOS/AFP

> Við höfum stigið skref af áður óþekktri stærðargráðu í átt til endurreisnar og þess að fyrirbyggja að svona nokkuð hendi á ný.
>
> **BARACK OBAMA**
> BANDARÍKJAFORSETI

Fundurinn þykir að öðru leyti hafa heppnast afar vel. „Við höfum stigið skref af áður óþekktri stærðargráðu í átt til endurreisnar og þess að fyrirbyggja að svona nokkuð hendi á ný,“ sagði Obama að fundinum loknum. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, tók í sama streng þegar hún kallaði niðurstöðuna „mjög, mjög góða, nánast sögulega málamiðlun“.

Áfram var mótmælt í London í gær en mótmælin voru þó öllu rólegri en á miðvikudag, þegar á annað hundrað manns voru handteknir. stigur@frettabladid.is


Kúplingar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is





410 4000 | landsbankinn.is

152 / SELFOSS

Grímur hefur róið hundrað sinnum niður Hvítá. Hann og 27 aðrir taka vel á móti þér á Selfossi.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu á Selfossi eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

Íbúi í Dalshrauni í Hafnarfirði:

# Úthýst í stað húsaleigubóta

**SKIPULAGSMÁL** Íbúa í Dalshrauni í Hafnarfirði hefur verið gert að rýma heimili sitt innan tveggja vikna. Íbúinn hafði sótt um húsaleigubætur til bæjarins og skráningu lögheimilis í Dalshrauni. Lagði hann fram þinglýstan leigusamning máli sínu til stuðnings. Bæjaryfirvöld segja hins vegar að umrætt húsnæði sé á athafnasvæði og ekki ætlað til íbúðar. „Íbúðin er því ólögleg og ber að rýma hana án tafar. Verði það ekki gert innan tveggja vikna mun skipulags- og byggingarfulltrúi gera tillögu til skipulags- og byggingarráðs um beitingu dagsekta.“ - gar

Reykjanesbær telur frummatsskýrslu um stækkun Reykjanesvirkjunar duga:

# Segja lítil umhverfisáhrif af stækkun

**ORKUMÁL** Bæjarráð Reykjanesbæjar segir mjög gott að fyrirhuguð stækkun Reykjanesvirkjunar raski litlu af óhreyfðu landi.

VSÓ ráðgjöf hefur unnið frummatsskýrslu um stækkun virkjunarinnar og telur Reykjanesbær skýrsluna fullnægjandi. Notast á við núverandi borplön við gerð nýrra borhola og nýta núverandi aðkomuleiðir. Stækka á stöðvarhús um tvö þúsund fermetra og byggja sjö hundruð fermetra skiljustöð mjög áþekka þeirri sem fyrir er. „Nýjar lagnir frá borholum verða að mestu leyti í sömu lagnastæðum og allt þetta veldur því að rask og sjónræn áhrif vegna framkvæmdanna verður í lágmarki,“ segir í umfjöllun bæjarráðsins.

Fram kemur að draga eigi sem mest úr neikvæðum umhverfisáhrifum. „Þar ber helst að nefna pækilvirkjun sem nýtir jarðhitavökvann betur og dregur úr þörf á upptöku úr jarðhitageyminum.



**VIÐ REYKJANESVIRKJUN** Stækka á virkjunina með viðbyggingu við stöðvarhúsið og fleiri borholum. MYND/SIGURÐUR H. MAGNÚSSON

Með því að nýta núverandi mannvirki og leitast við að staðsetja ný á röskuðum svæðum eru lágmörkuð umhverfisáhrifin. Einnig er gert ráð fyrir niðurdælingu affallsvökva aftur niður í jarðhitageyminn til að draga úr þrýstingslækkun í borholum. Reiknað er með að loftmengun í byggð verði svipuð og hún er núna.“ - gar



**DROTTNING OG HATTUR** Elísabet Englandsdrottning skoðar mexíkóska muni í Buckingham-höll ásamt Felipe Calderón, forseta Mexíkó. Munirnir eru úr safni konungsfjölskyldunnar. NORDICPHOTOS/AFP



**SJÓBÖÐ Í NAUTHÓLSVÍK** Sjósundgestakomum á ylströndina fer hríðfjölgandi og mun gestur númer 5.000 fá kaffi til að hafa með í heita pottinn.

**FJÖLDI SJÓSUNDSGESTA VIÐ YLSTRÖNDINA**

| | jan. | feb. | mars | samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2008 | 239 | 225 | 244 | 708 |
| 2009 | 1.034 | 1.124 | 1.490 | 3.648 |

Sund við ylströnd:

# Sjósundfólki fjölgar ört

**SAMFÉLAGSMÁL Fjöldi gesta sem stunda sjósund við ylströndina í Nauthólsvík hefur fimmfaldast á einu ári, að sögn Árna Jónssonar, deildarstjóra í útivistarmiðstöð Nauthólsvíkur. „Ég tel hiklaust að kreppan eigi sinn þátt í þessu,“ segir hann. „Bæði tel ég að fólk hafi meiri tíma núna og eins held ég að fólk sæki í ögrandi áskoranir.“ Það sem af er þessu ári hafa 3.648 lagst til sunds en á sama tíma í fyrra höfðu 708 brugðið sér í sjóinn á Ylströndinni. „Við höfum því ákveðið að fimmþúsundasti gesturinn í ár fái ókeypis kaffi til að taka með sér í pottinn eftir sjósundið,“ segir Árni.** - jse

Tilmæli frá Umferðarráði:

# Ekki misnota stæði fatlaðra

**UMFERÐ** „Fatlaðir eiga sama rétt til aðgengis og annað fólk og því er mikilvægt að þessi mál séu í sem besta lagi,“ segir í tilmælum Umferðarráðs til sveitarfélaga og umferðaryfirvalda um að bæta merkingar og aðgengi á bílastæðum fatlaðra.

Ráðið vill láta hækka sektir á ófatlaða sem leggja í stæði fatlaðra og skorar á þá sem ekki hafa rétt til að nýta sér þessi stæði til að virða rétt þeirra sem séu háðir þeim. Þá segir að miða þurfi stærð og umhverfi stæðanna við að þau nýtist auðveldlega öllum fötluðum. „Bæði þurfa yfirborðsmerkingar og skilti að vera sýnileg, þannig að enginn vafi leiki á að um slíkt stæði sé að ræða.“ - gar









Gorenje ísskápur

Orkunýtni

Gorenje ísskápur

RK60358DBK

Svört hönnun.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihólfs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Hæð: 180 cm.

Tilboð 115.900

PIPAR • SÍA • 90535

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200


Actavis færir íslenskum sjúkrastofnunum lyf fyrir á annan tug milljóna króna:

# Gefa ársbirgðir af krabbameinslyfjum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þessi gjöf er gríðarlega mikilvæg fyrir heilbrigðisstofnanir í því erfiða árferði sem nú er,“ segir Björn Zöega, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, sem í gær tók við gjöf frá lyfjafyrirtækinu Actavis.

Gjöfin er til íslenskra sjúkrastofnana og er fólgin í fimm tegundum krabbameinslyfja sem fyrirtækið framleiðir.

Að sögn Björns má meta gjöfina á ellefu til tólf milljónir króna. Um er að ræða lyf sem Actavis hefur boðið á hagstæðustu kjörunum í útboði. Ella hefðu samkeppnislög komið í veg fyrir að fyrirtækið gæti gefið sjúkrastofnunum lyfin.

„Þessi gjöf sýnir mikinn velvilja gagnvart íslenskum heilbrigðisstofnunum og við erum mjög þakklát,“ segir Björn.

Það var Ólöf Þórhallsdóttir, markaðsstjóri Actavis á Íslandi, sem afhenti gjöfina. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að lyfin séu gefin í tilefni þess að fyrstu krabbameinslyf Actavis í stungulyfjaformi verði brátt aðgengileg á Íslandi. Fram kemur að um ellefu þúsund manns starfi nú fyrir Actavis í fjörutíu löndum í þremur heimsálfum og að höfuðstöðvar félagsins séu á Íslandi. **- gar**



**BJÖRN ZOËGA OG ÓLÖF ÞÓRHALLSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum tók, fyrir hönd íslenskra sjúkrastofnana, á móti lyfjagjöf úr hendi markaðsstjóra Actavis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Miðjumenn segjast beittir rangfærslum

**Forsvarsmaður Miðjunnar ehf. sem keypti byggingarrétt á Selfossi segir ámælisvert að oddviti minnihlutans í bæjarstjórn, Eyþór Arnalds, segi ranglega að fyrirtækið skuldi bænum kaupverðið. Eyþór sakar bæjaryfirvöld um slóðaskap.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Sérlega ámælisvert er að kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn Árborgar komi fram með þessum hætti þar sem öll gögn málsins liggja fyrir og eru honum kunn,“ segir Frans Jezorsky, einn eigenda Miðjunnar ehf., um oddvita minnihluta sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Árborgar.

Frans telur oddvita minnihlutans, Eyþór Arnalds, vísvitandi fara með rangt mál um stöðu lóðaviðskipta Miðjunnar við Árborg. Á árinu 2006 samdi Miðjan við sveitarfélagið um kaup á byggingarrétti fyrir um 8.800 fermetra í miðbæ Selfoss. Söluverðið var 45 milljónir króna. Á bæjarráðsfundi í síðustu viku lagði Eyþór til að milljónirnar 45 yrðu innheimtar enda væri upphæðin löngu gjaldfallin. Frans segir það rangt hjá Eyþóri.

„Samkvæmt samningi milli aðila er umsamið að Miðjan greiði kaupverð byggingarréttarins þegar deiliskipulag fyrir svæðið hefur verið samþykkt,“ segir Frans, sem bendir á að á árinu 2007 hafi Árborg ákveðið að deiliskipuleggja einungis hluta miðbæjarsvæðisins. „Deiliskipulagið gerir því ráð fyrir minna byggingarmagni heldur en áformað var þegar samningur milli aðila var gerður árið 2006. Það hafði í för með sér að sveitarfélagið hefur ekki enn getað afhent Miðjunni umræddan byggingarrétt. Kaupverð byggingarréttarins gjaldfellur því ekki fyrr en sú afhending hefur farið fram.“

Frans kveðst telja vinnubrögð minnihluta sjálfstæðismanna bera vott um þekkingarleysi og vankunnáttu á skipulagsmálum. „Þetta veldur vonbrigðum á þessum tímum þar sem ábyrg framkoma stjórnmálamanna er grunnforsenda þess uppbyggingarstarfs sem fram undan er hér á landi,“ segir hann.



**SELFOSS** Breytingar urðu á áformum um skipulag miðbæjarins á Selfossi og hefur sveitarfélagið ekki getað afhent umsaminn byggingarrétt á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.



**EYÞÓR ARNALDS**



**RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR**



**FRANS JEZORSKY**

Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri segir bæinn ekki hafa getað afhent Miðjunni umsaminn byggingarrétt og því sé kaupverðið ekki gjaldfallið. „Við eigum hins vegar í viðræðum við Miðjuna um útfærslu á deiliskipulaginu,“ segir Ragnheiður.

Eyþór Arnalds segir hins vegar að lögformlegu ferli sé löngu lokið og að ekkert sé eftir sem varði samninginn nema greiða bæjarfélaginu hina gömlu skuld: „Það virðist hins vegar eins og bæjaryfirvöld hafi engan áhuga á að innheimta þessar 45 milljónir en geti ekkert borið fyrir sig nema eigin slóðaskap. Á sama tíma eru íbúar rukkaðir af Intrum vegna þjónustugjalda en þessi stóri aðili látinn skulda án þess að skuldin sé innheimt með einum eða neinum hætti.“

**gar@frettabladid.is**





VELDU ÚR 13 TEGUNDUM Í NÆSTU BÚÐ

SÓMA SALAT

NÝ SALATLÍNA FRÁ SÓMA SEM BYGGÐ ER Á LANGRI REYNSLU AF SAMLOKUGERÐ



SÓMI


Minnihlutinn í bæjarstjórn Hveragerðis gagnrýnir sölu á húsi til dvalarheimilis:

# Kveður bæinn selja hús á undirverði

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það að bærinn ætli að greiða kostnað vegna dagdvalar með hluta fasteignarinnar hlýtur að vera lögleysa,“ segir í bókun Róberts Hlöðverssonar, oddvita minnihlutans í bæjarráði Hveragerðis.

Róbert gagnrýnir sölu bæjarins á húseigninni Hverahlíð 24 til Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar. Hann segir að miðað við kaupréttarsamning frá árinu 1999 og miðað við að umrætt hús sé 300 fermetrar ætti Grund að greiða þrjátíu milljónir króna fyrir húsið en fái það hins vegar á 20,5 milljónir með því að fá þrettán prósenta afslátt auk þess sem bærinn leggi fram 65 fermetra af húsinu sem greiðslu fyrir kostnað vegna dagdvalar eldri borgara næstu fimm árin.

„Umræddur kaupréttarsamningur, sem gerður var af meirihluta Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn 1999, er búinn að kosta bæjarfélagið gríðarlega fjármuni,“ segir Róbert.

Fulltrúar meirihlutans bókuðu hins vegar á móti að samningurinn við Grund væru afar góður og sparaði bænum minnst tuttugu milljónir króna á fimm árum.

„Hvað varðar aðdróttanir um lögleysu er rétt að benda bæjarfulltrúanum á að enn sem komið er ríkir sem betur fer samningsfrelsi á Íslandi og því er heimilt að semja um allt það sem ekki er andstætt lögum eða brot gegn almennu siðferði. Hvorugt er til staðar hér en ef bæjarfulltrúinn gæti bent á lagagrein sem verið er að brjóta væri það ágætt,“ bókuðu Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og Guðmundur Þór Guðjónsson. **- gar**



**RÓBERT HLÖÐVERSSON**



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR**

# IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR





iq-care.com

Ein besta heilsudýna í heimi

ATH.
Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

**6 mán. vaxtalausar greiðslur**

## FERMINGARTILBOÐ

**Beauty Sleep**
97x203 cm **kr. 59.900**
135x200 cm frá **kr. 79.900**

**IQ-CARE**
100X200 cm **kr. 99.900**
120X200 cm **kr. 139.900**

**Nýir svefnsófar með heilsudýnu**

**Íslensk framleiðsla**



## IQ-CARE

**King**
Áður 269.900
**Nú 199.900**

**Cal. King**
Áður 269.900
**Nú 189.900**

**Queen**
Áður 189.900
**Nú 149.900**

**30% afsláttur**
af fylgihlutum við dýnukaup

Íslenskir botnar
Íslensk framleiðsla
Margir leðurlitir í boði

**20-50% afsláttur**
af völdum vörum

## S-CAPE
WALLHUGGER

**Sá nýjasti og besti frá Leggett**
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x90 x 200 cm. Áður 684.900
**Nú 499.000**



## PROFLEX

**Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.**
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x80x200 cm. Áður 384.900
**Nú 279.900**




Svefn & heilsa
★★★★★




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00**

www.svefn.is







**Nautainnralæri**
**2.398,kr./kg**
ÁÐUR 2.995,kr./kg




**Hamborgarhryggur m/beini**
**998,kr./kg**
ÁÐUR 1.398,kr./kg




**Lambafille m/fitu**
**2.998,kr./kg**
ÁÐUR 3.498,kr./kg




**Lambaprime**
**1.898,kr./kg.**
ÁÐUR 2.298,kr./kg.



**Lambahryggur (frosinn)**
**1.254,kr./kg**
ÁÐUR 1.568,kr./kg



**Lambalæri (frosið)**
**1.150,kr./kg**
ÁÐUR 1.437,kr./kg



**Hótelrækja 2,5 kg**
**2.969,kr.**




**Hindber 2,5 kg**
**2.271,kr.**

**Broccoli mix 2,5 kg**
**698,kr.**




**Myllu Kransakaka**
**5.498,kr.**



**Coce light 2l**
**129,kr.**

**Fanta 2l**
**139,kr.**



Ali Partý skinka
1.666,kr./kg
ÁÐUR 2.221,kr./kg



FK Hangilæri úrb.
2.568,kr./kg
ÁÐUR 3.210,kr./kg



FK Jurtakryddað lambalæri
1.458,kr./kg
ÁÐUR 2.430,kr./kg



Ísfugl Ferskur kjúklingur
589,kr./kg
ÁÐUR 885,kr./kg



FK Kjúklingabringur
1.665,kr./kg
ÁÐUR 2.220,kr./kg



Kjörís Mjúkís 2l
698,kr.



Malt/appelsín
139,kr.

Páskaöl
119,kr.



20% verðlækkun



20% verðlækkun

# þegar mikið stendur til



Merrild Cafe Noir 500g
398,kr.

Merrild kaffi nr. 103
579,kr.



Bíómiði á myndina Franklín og fjársjóðurinn fylgir

Nóa Franklínegg nr.5
1.798,kr.



20% verðlækkun



Mackintosh 1,64 kg
1.398,kr.

Tilboð gilda til laugardagsins 4. apríl

FK FJARÐARKAUP



**GÖTÓTTUR** Skemmdarvargar komu fyrir sprengju inni í bronsstyttu af Vladimír Lenín, fyrrverandi Sovétleiðtoga, í miðborg Sankti Pétursborgar. Þegar hún sprakk skildi hún eftir sig gat á frakka kommúnistans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ofurhlauparanum Ágústi Kvaran gengur vel í Sahara-hlaupinu í Marokkó:

# Hlaupið hátt í 200 kílómetra

**FÓLK** Ofurhlauparanum Ágústi Kvaran gengur vel í eyðimerkurmaraþoninu í Sahara. Hann er búinn að ljúka tveimur 30-40 kílómetra hlaupum og í fyrradag var lengsti hluti hlaupsins, rúmlega tvöfalt maraþonhlaup. Hlaupið átti að vera upp á 80,5 kílómetra en var lengt í 91 kílómetra. Hann tók þessa vegalengd á 14 klukkustundum og þremur korterum og er í 128. sæti í hlaupinu eftir þrjá fyrstu dagana.

Ólöf Þorsteinsdóttir, eiginkona Ágústs, segir að Ágúst láti vel af sér. Landslagið minni á íslensk fjöll nema sandöldurnar, þær séu hátíð miðað við sandinn við Eyrarbakka þar sem Ágúst hefur verið að æfa fyrir eyðimerkurhlaupið. Hitinn hafi ekki farið yfir 30 stig.



**HLEYPUR Í SAHARA** Ágúst Kvaran hefur hlaupið vel yfir 100 kílómetra í Sahara-eyðimörkinni síðustu daga. Myndin er frá æfingu hér á landi fyrir hlaupið.

Ólöf segir að hlaupið á þriðjudaginn hafi verið aðeins erfiðara en hlaupið á mánudaginn þar sem Ágúst hafi farið aðeins of hratt af stað og lent með hörðum keppendum. Mestallur hluti leiðarinnar hafi verið á sléttlendi en í sandöldunum njóti hann sín, honum finnist „alveg frábært að fara hægt upp öldurnar og láta sig svo bruna niður. Han hefur alltaf verið nokkuð sterkur í niðurhlaupunum,“ segir hún.

Ólöf segir að Ágúst drekki kerfisbundið til skiptis vatn og orkudrykk og taki saltpillur samviskusamlega. Hann deili tjaldi með Dönum, það sé rúmt á þeim og mikil stemning í tjaldbúðunum. Eldamennskan gangi vel.

Hlaupaleið er ekki gefin upp fyrr en skömmu fyrir hlaupið. Mikil óvissa hefur verið um leiðir og talsvert um breytingar á síðustu stundu vegna breytinga í landslagi af völdum vatns. - ghs

Skólanefnd vill verklagsreglur:

# Harmar mál kennara við MK

**MENNTUN** Skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi harmar þann atburð sem upp kom þegar kennari við skólann viðurkenndi að hafa verið með talsvert magn af barnaklámi á tölvu sinni.

Maðurinn hlaut nýverið dóm fyrir vörslu barnakláms, en starfaði við skólann þar til eftir að dómur féll, þrátt fyrir að skólameistara hafi verið kunnugt um málið, eins og fram hefur komið í fréttum Stöðvar 2.

Skólanefndin telur skorta á verklagsreglur þegar mál af þessu tagi koma upp, og beinir því til skólameistara að fela lögmanni að gera drög að reglum. - bj



**HARMLEIKUR** Gyðingur í Bat Ayin-landnemabyggðinni á Vesturbakkanum heldur á dóttur sinni á meðan hann fylgist með ísraelskum hermönnum vígbúast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Palestínumaður í morðhug:

# Drap ísraelskan dreng með ísöxi

**PALESTÍNA, AP** **Palestínskur uppreisnarmaður gekk berserksgang í landnemabyggð gyðinga á Vesturbakkanum í gær, myrti þrettán ára ísraelskan pilt með ísöxi og særði sjö ára dreng áður en hann flúði af vettvangi.**

**Árásin þykir mikill prófsteinn á Benjamín Netanjahú, nýjan forsætisráðherra Ísraels, sem hefur lofað því að taka á uppreisnarmönnum af hörku og hefur lýst efasemdum um möguleikann á friði fyrir botni Miðjarðarhafs. Talsmaður stjórnarinnar kallaði árásina í gær „glórulaust grimmdarverk gegn saklausu fólki“.** - sh

**SKIPULAGSMÁL**

## Má opna hamborgarabúllu

Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að láta auglýsa nýja tillögu að deiliskipulagi Kringluhverfis sem felur í sér að Tómas Á. Tómasson veitingamaður geti innréttað Hamborgarabúllu Tómasar í Ofanleiti 14. Þar var áður söluturn. Tómas vildi fyrst fá að reisa parhús á þeirri lóð en var synjað um leyfi til þess.

# Bretar hefðu gripið til aðgerða gagnvart Straumi

**Viðskiptanefnd krafðist skýringar á því af hverju sumum fjármálastofnunum er veitt lán á meðan aðrar eru teknar yfir. Jón Magnússon telur skýringuna þá að hagsmunir innistæðueigenda eins og Íbúðalánasjóðs hafi ráðið. Ráðherra segir Breta myndu hafa brugðist við vegna Straums hefði bankinn ekki verið tekinn yfir.**

**EFNAHAGSMÁL** Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra telur ekki að ríkið hafi skapað sér skaðabótaskyldu með yfirtöku á Straumi. Kröfuhafar hafi ekki verið hlunnfarnir á nokkurn hátt. Þetta kom fram á fundi viðskiptanefndar í gær en þar sátu fyrir svörum þeir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, og Gunnar Haraldsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, ásamt Gylfa.

Þeir voru meðal annars spurðir hvort þeir teldu jafnræði í því hvernig brugðist var við vanda SPRON og Straums annars vegar og Saga Capital og VBS fjárfestingarbanka hins vegar. Gylfi sagði að hefði skilanefnd ekki tekið Straum yfir um helgina hefði breska fjármálaeftirlitið gripið til aðgerða vegna útibús bankans þar í landi strax á mánudeginum.

Jón Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokks, óskaði eftir fundinum og segist telja að honum loknum að yfirvöld hafi fyrst og fremst verið að hugsa um hagsmuni stórra innistæðueigenda hjá SPRON og Straumi, eins og Íbúðalánasjóðs, þegar þeir tóku bankana yfir.

Hann segist alltént ekki hafa fengið skýr svör við því af hverju harðasta ákvæði neyðarlaganna var beitt gegn bönkunum tveimur og þeir teknir yfir. „Af hverju fékk hin venjulega löggjöf og markaðsstarfsemin ekki að hafa sinn framgang? Þeirri spurningu svöruðu þremenningarnir ekki beint,“ segir Jón í samtali við Fréttablaðið eftir fundinn. „En þeir töluðu þó þannig að þeir hefðu fyrst og fremst verið að hugsa um hagsmuni stórra innistæðueiganda þannig að þeir sætu ekki uppi með fé sitt bundið inni í stofnununum svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir. Og þá liggur alveg í augum uppi hvað þeir eru að tala um; það er verið að tala um Íbúðalánasjóð og kannski einhverja lífeyrissjóði. Mér sýnist það vera þetta sem hafi knúið þá áfram í þessar aðgerðir.“

Hann segist ekki hafa fengið neina réttlætingu á því að Saga Capital og VBS hafi fengið aðstoð í sínum vanda meðan SPRON og Straumur hafi verið teknir yfir. jse@frettabladid.is

## AÐGERÐIR VEGNA SAGA CAPITAL OG VBS

Fjármálaráðherra samdi við Saga Capital og VBS fjárfestingarbanka um endurfjármögnun á skuldum bankanna við Seðlabankann vegna endurhverfra REPO-viðskipta. Lánið er með tveggja prósenta vexti og verðtryggt. Þingmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa gagnrýnt þetta mjög á Alþingi og sagt yfirvöld með þessu vera að hygla fjármálafyrirtækjum og bjóða þeim betri kjör en almenningi sem á ekki í minni vandræðum.



**GYLFI MAGNÚSSON** Mikið mæddi á viðskiptaráðherra á fundi viðskiptanefndar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## VIÐSKIPTARÁÐHERRA SITUR FYRIR SVÖRUM

■ **Af hverju var Straumur ekki látinn fara í greiðslustöðvun eins og stjórn fyrirtækisins og kröfuhafar vildu?**
*„Ef fyrirtækið færi í greiðslustöðvun gætu innstæður legið þar óútgreiddar um ófyrirséðan tíma.“ Það hefði dregið úr trausti manna á innstæðukerfinu og innstæðutryggingakerfinu því þá hefði loforð yfirvalda um að innstæður væru tryggar verið dregið í efa þar sem þær sætu fastar um óákveðinn tíma. Einnig kom fram hjá honum að Bretar hefðu gripið inn í mánudeginum eftir hefði ekki verið gengið frá málefnum Straums um helgina.*

■ **Hefur verið skoðað hver geti verið skaðabótaábyrgð ríkisins vegna þessara inngripa?**
*„Ég tel enga ástæðu til þess að óttast að ríkið hafi bakað sér skaðabótaábyrgð og byggi það einfaldlega á því að það lá fyrir áður en Straumur færi í þrot að innstæður væru forgangskröfur og þær verða greiddar sem slíkar en að öðru leyti fer um búið nánast eins og önnur bú þannig að kröfuhafar eru ekki hlunnfarnir á nokkurn hátt þannig að ég sé ekki hvernig ríkið gæti hafa skapað sér skaðabótaábyrgð með því.“*

■ **Bauðst SPRON ekki sambærileg aðstoð og Saga Capital og VBS?**
*„Grundvallarmunur var á stöðunni, SPRON var í raun komið í þrot áður og mjög skuldugt og hefði því ekki verið bjargað með þeim aðgerðum sem beitt var í tilfelli Saga Capital og VBS.“*

■ **Hvernig ætla stjórnvöld að tryggja jafnræði þegar einum er hjálpað en öðrum ekki?**
*„Við verðum að gæta jafnræðis í þeim skilningi að stofnanir sem eru í sambærilegri stöðu fái sambærilega úrlausn.“*

(Spurningar og svör sem komu framm á fundinum.)




Íslensk hönnun
Nýjar vor og sumarvörur
fyrir herra og dömur...
www.andersenlauth.com
Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934
herraverzlun Laugavegi 7, sími 551 6811
kvenverzlun Laugavegi 86-94, sími 552 6066

## „ORÐRÉTT“

### Böðullinn og skækjan?

**„Til að hafa Atla Gíslason, þingmann Vinstri grænna, góðan var frumvarpi hans um vændi böðlað athugunarlaust úr allsherjarnefnd þingsins …“**

BJÖRN BJARNASON ALÞINGISMAÐUR
**bjorn.is 1. apríl**

### Háseta vantar á bát

**„Nokkur sæti eru enn laus á framboðslistum XP, persónukjöri Lýðræðishreyfingarinnar í kjördæmum landsins.“**

ÁSTÞÓR MAGNÚSSON, TALSMAÐUR LÝÐRÆÐISHREYFINGARINNAR
**lydveldi.blog.is 1. apríl**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HRAFN GUNNLAUGSSON KVIKMYNDALEIKSTJÓRI

## *Íslensk seigla og kúbanskur rytmi*



„Ég var að koma úr píanótíma sem fjögurra ára, hálf-kúbversk dóttir mín var í,“ segir Hrafn. „Og það er afar skemmtilegt að sjá hvernig þessi blanda af íslenskri seiglu og kúbverskum rytma tekur á sig form í tónheimum. Það er hún Hanna Valdís Guðmundsdóttir sem er að kenna henni og það fer bara vel á því að ein af okkar bestu barnastjörnum kenni þessum fjögurra ára ofurhuga sem syngur með kennara sínum lögin úr Kardemommubænum.“ Hanna Valdís söng á barnsaldri inn á hljómplötu við miklar vinsældir árið 1972. Hún lék einnig Kamillu í leikritinu Kardemommubærinn á sínum tíma.

„En svo er ég að reyna að koma því í kring að myndin mín Opinberun Hannesar verði fáanleg á DVD-disk,“ segir Hrafn, sem er kominn á flug. „Ég er afar stoltur af þessu verki mínu og tel að fólk muni sjá það í öðru ljósi þegar það er komið á DVD.

Svo er ég að velta því fyrir mér hvernig ég geti fundið farveg fyrir þá skoðun mína að Ísland gangi úr Schengen. Þegar við gengum í Schengen voru landamæri Íslands komin til Austur-Evrópu, við þurfum ekkert að láta þá sjá um okkar landamæravarnir, við eigum að gera það sjálf á Íslandi. Við eigum að taka upp okkar eigin utanríkisstefnu og Ísland á í framtíðinni að verða griðland fyrir dularfulla menn eins og Vladimír Ashkenazy og Bobby Fischer.“

## HOFSÓS

Hofsós er einn elsti verslunarstaður landsins. Þar búa um 200 manns. „Á Plássinu (sem svo er kallað) við höfnina er að finna fjölda eldri húsa, sem hafa verið gerð upp á undanförnum árum og setja skemmtilegan svip á þorpið. Þar stendur Pakkhúsið, gamalt bjálkahús frá einokunartímanum, og er það eitt elsta timburhús landsins, reist 1777. Húsið er friðlýst og í eigu Þjóðminjasafns Íslands og hefur það verið endurgert og er nú sem næst sinni upprunalegu mynd. Gamla kaupfélagsbyggingin hefur fengið nýtt hlutverk, en hún hýsir nú svokallað Vesturfarasafn, sem tileinkað er vesturförum og vesturferðum sem voru í hámarki um síðustu aldamót,“ segir meðal annars um Hofsós á kynningarvef Norðurlands vestra.

## ÁTTATÍU DÓMARAR

Svo virðist sem golfáhuginn sé alltaf að aukast á Íslandi. GSÍ hefur staðið fyrir dómaranámskeiðum undanfarin ár sem tíu til fimmtán manns hafa sótt. Í ár er þegar búið að halda tvö námskeið og hafa um 140-150 manns sótt þau. Að sögn Harðar Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra GSÍ, munu áttatíu manns þreyta dómaraprófin. Hinir sem sitja námskeiðin vilja hins vegar afla sér frekari þekkingar á golfíþróttinni.

## ÍSLENSKUR RYDER

GSÍ mun í ár standa fyrir liðakeppni, hliðstæðri Ryder-bikarkeppninni kunnu, þar sem golfklúbbar í Reykjavík munu etja kappi við landsbyggðina. Þeir kylfingar sem fá flest stig í mótaröðinni munu vinna sér inn sæti í liðunum. Hugmyndin er enn í vinnslu en gera má ráð fyrir að einhverjir klúbbar á höfuðborgarsvæðinu muni leika fyrir hönd landsbyggðarinnar. Íslenska liðakeppnin verður lokahnykkur golfsumarsins.

# Engin fækkun í golfinu

**Golfáhugi Íslendinga hefur aukist gríðarlega síðustu ár. Forsvarsmenn Golfsambands Íslands gerðu þó ráð fyrir að iðkendum myndi fækka um tíu prósent í ár en annað virðist ætla að koma á daginn.**



**GRÍÐARLEGUR ÁHUGI** Vinsældir golfsins hafa aukist með hverju árinu sem líður. Fjöldi fólks leggur leið sína í Básа til að æfa sveifluna fyrir sumarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við hjá Golfsambandinu gerðum ráð fyrir tíu prósent færri iðkendum í sumar út af efnahagsástandinu. Töldum það óhjákvæmilegt, jafnvel þótt kostnaðurinn við golfið sé álíka mikill og við aðra líkamsrækt. En það virðist vera mikil stemning fyrir golfinu. Við heyrum jafnvel frá stærstu klúbbunum á höfuðborgarsvæðinu að það verði mjög svipuð þátttaka í sumar og síðustu ár. Og það er að okkur skilst fín þátttaka í nágrannasveitarfélögunum,“ segir Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands (GSÍ).

### Tíu prósent í golfi

Hörður segir að tölur um fjölda klúbbmeðlima muni ekki liggja fyrir fyrr en síðar í mánuðinum. „En okkar tilfinning er sú að það verði ekki fækkun í klúbbunum. Það mun kannski ekki fjölga í þeim en það verður heldur ekki fækkun,“ segir Hörður. „Vonandi ná klúbbarnir líka að hvetja fólk til að halda áfram þótt fjárhagsstaða þess sé erfiðari. Ég er sannfærður um að klúbbarnir munu reyna að koma til móts við sína félaga eins og þeir mögulega geta. Það er mikilvægt fyrir þá að halda fólki inni yfir þennan erfiða hjalla,“ segir Hörður.

Á síðasta ári voru skráðir golfiðkendur hér á landi, það er þeir sem voru skráðir í klúbb, rúmlega fimmtán þúsund talsins. Í könnun sem Capacent gerði kom hins vegar fram að í kringum 35 þúsund Íslendingar höfðu spilað golf fimm sinnum eða oftar það ár. Það jafngildir því að um tíu prósent þjóðarinnar hafi leikið golf.

### Færri styrktaraðilar

Hörður segir núverandi efnahagsástand koma niður á GSÍ eins og öðru. „Við höfum misst styrktaraðila okkar og tekjur. Það er mun



**HÖRÐUR ÞORSTEINSSON**

erfiðara að fá samstarfsaðila nú en áður. Landsbankinn hafði ekki bolmagn til að styðja við Knattspyrnusambandið og við fengum sömu skilaboð frá Kaupþingi – að bankinn gæti ekki verið stuðningsaðili okkar í ár. Hann hefur verið aðalstuðningsaðili Golfsambandsins í sjö eða átta ár og við höfum átt mjög farsælt samstarf,“ segir Hörður. „Nú verðum við að draga úr útgjöldum, fækka keppnisferðum og svo framvegis. En við munum ekki fækka mótum frá því sem verið hefur, heldur þvert á móti reyna að fjölga þeim.“

### 75 ára afmæli GR

Hörður segir að ekkert verði til sparað þegar kemur að Íslandsmótinu í höggleik sem í ár fer fram á Grafarholtsvelli í tilefni af 75 ára afmæli Golfklúbbs Reykjavíkur. „Við gerum ráð fyrir að fá fleiri áhorfendur á golfmótin í ár og munum reyna að gera allt til að hvetja menn til að koma og fylgjast með. Nú virðist vera mikil ásókn á flesta íþróttaviðburði.“

### Aukinn áhugi útlendinga

GSÍ er aðili að verkefninu Golf Iceland, ásamt fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Ætlunin með því er að auglýsa og efla kynningu erlendis á golfi hér á landi. „Nú er Ísland inni hvað það varðar og við erum að sjá töluverðan árangur af því. Við teljum að það sé svigrúm til að taka á móti aðilum í ferðaþjónustu. Ferðamenn sem koma hingað til lands vilja kannski spila golf fyrir hádegi, á þeim tíma sem Íslendingar fara síður að spila, og gera eitthvað annað eftir hádegi. Svo erum við líka að reyna að selja ferðamönnum þá hugmynd að spila miðnæturgolf,“ segir Hörður. „Við gerum ráð fyrir að það verði töluverð aukning ferðamanna á þessu ári og heyrum það á ferðaskrifstofunum að það er talsvert bókað af golfferðum.“ **kristjan@frettabladid.is**

# Golfárið mikla runnið upp

„Þetta hefur verið frekar kaldur og harður vetur en það hefur engu að síður verið mjög mikið að gera í Básum. Aðsóknin hefur verið meiri nú en síðustu ár og við finnum sérstaklega fyrir aukningu á milli níu og fjögur á daginn,“ segir Ólafur Már Sigurðsson golfkennari og einn eigenda golfskólans Pro Golf sem einnig rekur æfingasvæðið Básа í Grafarholti.

Ólafur Már segir að mikil aukning hafi einnig orðið í golfkennslu hjá Pro Golf og þá sérstaklega í hópakennslu.

Ólafur Már býst við mikilli umferð á golfvöllum höfuðborgarsvæðisins í sumar, jafnvel meiri en undanfarin ár. „Ef við skoðum Golfklúbb Reykjavíkur sem dæmi hafa einhverjir þegar hætt í klúbbnum. Eitthvað af því fólki er í öðrum klúbbum og sumir spiluðu kannski bara örfáa hringi á ári. Á móti kemur að það hefur verið langur biðlisti í klúbbinn og nýtt fólk verið tekið inn. Það fólk vill jafnvel spila meira en það sem var að hætta og því býst ég við að umferðin um vellina eigi eftir að aukast til muna,“ segir Ólafur Már og bætir við: „Svo er alltaf töluverð nýliðun í golfinu og byrjendanámskeiðin hjá okkur eru til dæmis alltaf full. Það fólk skilar sér síðan út á vellina. Ætli við megum ekki segja að árið í ár verði golfárið mikla.“



**ÓLAFUR MÁR SIGURÐSSON** Hann segir fjöldann allan af fólki hafa komið í Básа í vetur þótt kalt hafi verið í veðri.


Miele

Þú sparar kr. 8.650



vilborga@centrum.is

Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvær, létt, kraftmikil og með stórum poka. Hún fæst í rauðu og bláu. Parketbursti að andvirði kr. 8.650 fylgir frítt með.

best brands 2008 das deutsche markenranking

MOST TRUSTED BRAND 2008

TILBOÐ Kr. 21.995*

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

*tilboð gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


Eitt hagstæðasta verð
á markaðnum
Eitt flottasta
úrval landsins
til afgreiðslu af lager
AF STURTUM, HANDLAUGUM OG SPEGLUM
SPEGLAR Með ljósum
ROBBY
40x40 sm 24.900,- stgr
Spegill með innb. ljósum
Breidd x hæð: 60 x 80
28.900,- stgr
Spegill með innb. ljósum
Breidd x hæð: 90 x 80 100 x 80 120 x 80
33.900,- 36.900,- 41.900,- stgr
Spegill með innb. ljósum og hillu
Breidd x hæð: 60 x 90
31.900,- stgr
HANDLAUGAR Á BORÐ Mikið úrval
KENT
30x30, 40x40 sm 18.900,- stgr
SC-001
32x28,5 sm 17.900,- stgr
GAVIN
40x40 sm 22.900,- stgr
CAESER black
42x42 sm 26.900,- stgr
CAESER white
42x42 sm 26.900,- stgr
y-9975b
39x39 sm 22.900,- stgr
A-105
41x41 sm 29.900,- stgr
sb-8001c black/red
36,5x36 sm 27.900,- stgr
sb-8001c black/white
36,5x36,5 sm 27.900,- stgr
y-9960a
40x40 sm 18.900,- stgr
y-9835
44x33,5 sm 19.900,- stgr
y-9946
59x39 sm 22.900,- stgr
y-9835
47x37 sm 19.900,- stgr
sb-853
41,5x31 sm 19.900,- stgr
sb-8090a
38x38 sm 22.900,- stgr
BLÖNDUNARTÆKI Há og lág fyrir handlaugar
heilir
STURTUKLEFAR
KANTAÐUR: 70x70, 75x75, 80x80, 90x90 sm
RÚNAÐUR: 80x80, 90x90 sm
til afgreiðslu af lager
DE-LUXE
HERT ÖRYGGISGLER
HERT ÖRYGGISGLER
Hert öryggisgler allan hringinn
Fylgihlutir; Vatnslás, sturtusett með 15sm nuddsturtu-haus, eða í de-luxe gerðir, hitastýrt blöndunartæki, vatnslás, handsturta nudd, ömmustöng með 20 sm sturtuhlemmi.
JN 16A
FN16X
QN16A
QN160
FN161
JN160
HOLLY
NEW MAN
Verð frá 6.900.- stgr. með lyftitappa-setti
cl-505 54.900.- stgr.
cl-507 54.900.- stgr.
HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI
Innifalið í verði: ömmustöng, skiptir-handsturta-barki og sturtuhlemmur 20 sm
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# ódýrt

GOÐI
BAYONNESKINKA
**995 kr/kg**
~~1.989~~ kr/kg






GOÐI
LAMBALÆRI, FROSIÐ
**989 kr/kg**
~~1.498~~ kr/kg

LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
KEA
**1.448 kr/kg**
~~2.194~~ kr/kg






GRÍSAKÓTILETTUR
**798 kr/kg**

SPARAÐU

CP KJÚKLINGASÚPA 400g
**98 kr/ds.**




GF SOLOS PIZZA PEPPERONI EÐA MARGARÍTA
2 í pk.
**299 kr/pk.**
~~499~~ kr/pk.







EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
500ml
**299 kr/stk.**




TILBOÐIN GILDA TIL 2. - 5. APRÍL EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.markhonnun.is

www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

# ... fyrir heimilið!

KRYDDAÐ ROAST BEEF
**1.695** kr/kg
~~2.778~~ kr/kg
GOÐI
39% afsláttur



LAMBAHRYGGUR, FROSINN
GOÐI
**1.199** kr/kg
~~1.598~~ kr/kg



ÓDÝRT

NETTÓ HAMBORGARHRYGGUR
**799** kr/kg
~~1.799~~ kr/kg



56% afsláttur

GRÍSAHNAKKI PIRI PIRI,
BEINLAUS
**1.399** kr/kg
~~1.998~~ kr/kg
GOÐI
Beint á grillið!



BÖKUNARKARTÖFLUR
**63** kr/kg
~~125~~ kr/kg
50% afsláttur



CP SPAGETTÍ 500g
**149** kr/pk.



50% afsláttur



JARÐARBER
**199** kr/askjan
~~399~~ kr/askjan

CP SÓDAVATN 2l
**69** kr/stk.




COCA COLA ZERO 2l
**119** kr/stk.
~~198~~ kr/stk.
40% afsláttur




CP APPELSÍNUÞYKKNI 2l
**198** kr/stk.




Birt með fyrirvara um prentvillur.

netto
SPARNAÐUR

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 18 **Velta:** 74 milljónir

**OMX ÍSLAND 15**
216 **+2,01%**

**OMX ÍSLAND 6**
640 **+2,46%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **CENTURY AL.** | 14,2% |
| **ÖSSUR** | 2,48% |
| **BAKKAVÖR** | 0,71% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **MAREL** | 0,23% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,41 +0,71% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,00 +0,00% ... Icelandair Group 7,00 +0,00% ... Marel Food Systems 43,3 -0,23% ... Össur 91,00 +2,48%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Bankarnir stóðu ekki við sitt*

Einn viðskiptabankanna þriggja sendi Seðlabankanum rangar upplýsingar um lausafjárstöðu sína á síðasta ári og tveir þeirra stóðu ekki við samkomulag sitt við evrópska seðlabankann frá vordögum í fyrra að draga úr endurhverfum viðskiptum við bankann.

Þetta kemur fram í skýrslu Kaarlos Jännäri, finnsks bankasérfræðings, um reglur og eftirlit með bankastarfsemi hér. Skýrslan er hluti af samkomulagi Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Fram kemur að erlendir seðlabankar hafi varað við miklum lántökum bankanna hjá evrópska seðlabankanum í gegnum seðlabankann í Lúxemborg. Bæði þóttu upphæðirnar háar og veðin umdeilanleg. Samið var um að bankarnir drægju úr viðskiptum sínum og færu ekki út fyrir tilskilin mörk. Virðist sem tveir bankar með starfsemi erlendis hafi rofið samkomulagið með haustinu og farið yfir mörkin.



**SKÝRSLAN KYNNT** Fall bankanna skrifaðist á slakan bankarekstur, slæma stefnu og óheppni, að mati finnska bankasérfræðingsins Kaarlos Jännäri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í skýrslunni, sem kynnt var á mánudag, segir Jännäri margt líkt með falli bankanna í fyrra og þeirra norsku fyrir tveimur áratugum. Það hafi skrifast á slakan bankarekstur, slæma stefnu og óheppni.

Ekki kemur fram í skýrslunni um hvaða banka hafi verið að ræða. **-jab**

## Dow Jones yfir 8.000 stigin

Dow Jones-hlutabréfavísitalan rauf átta þúsund stiga múrinn á hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum í gær. Hún hefur legið undir honum síðan í byrjun febrúar. Lægst fór vísitalan í 6.547 stig fyrir tæpum mánuði. Hækkunin síðan þá nemur rúmum 22 prósentum.

Talsverð uppsveifla var á bandarískum hlutabréfamarkaði í gær eftir að bandaríska reikningsskilaráðið aflétti þeim kvöðum á fyrirtæki að færa eignir á markaðsvirði. Helstu hlutabréfavísitölur ruku nær samstundis upp um rúm þrjú prósent í byrjun dags. Horft er til þess að breytingin geti dregið úr tapi fjármálafyrirtækja vegna falls á hlutabréfamörkuðum. **-jab**



**FRÁ ÓLAFSFIRÐI** Sparisjóður Ólafsfjarðar getur aukið eiginfjárhlutfall frekar með ósk um framlag úr ríkissjóði.

## Sparisjóður eykur stofnféð

Stofnfé Sparisjóðs Ólafsfjarðar hefur verið aukið, að hluta með skuldajöfnun þegar kröfu aðaleiganda sjóðsins var breytt í stofnfé. Við þetta hækkaði eiginfjárhlutfall sparisjóðsisn upp fyrir lögbundið lágmark, að því er fram í tilkynningu. **-jab**

## Stýrivextir aldrei lægri á evrusvæðinu

Evrópski seðlabankinn lækkaði stýrivexti í gær um fjórðung úr prósenti og standa þeir nú í 1,25 prósentum. Þótt stýrivextir á evrusvæðinu hafi aldrei verið lægri bundu fjárfestar vonir við að stýrivextir færu neðar.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal segir ákvörðunina olíu á eld gagnrýnenda sem telji bankann hafa dregið lappirnar í baráttu sinni gegn fjármálakreppunni. Bankinn tók ekki að lækka stýrivexti að ráði fyrr en í október í fyrra. Þá stóðu þeir í 4,25 prósentum.



**JEAN-CLAUDE TRICHET**

Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, gaf í skyn á vaxtaákvörðunarfundi í gær að vextirnir eigi eftir að lækka um 25 punkta hið minnsta til viðbótar.

Stýrivextir í Bandaríkjunum, Bretlandi og í Japan hafa verið lækkaðir hratt síðasta árið og liggja nú nálægt núlli. **-jab**


FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn **28. apríl nk. kl. 17:15** í höfuðstöðvum Kaupþings, Borgartúni 19.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á **www.frjalsilif.is** og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum Kaupþings tveimur vikum fyrir ársfund.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

KAUPÞING

ÍSLENSKA/SIA.IS/KAU 45680 03.2009


# Unnið að lausn krónueigna

**Í skoðun er að erlendir krónubréfaeigendur fjárfesti í íslenskum stórfyrirtækjum fyrir tugi milljarða. Þannig yrði undið ofan af krónustöðum í Seðlabankanum.**

„Eftir kortlagningu krónueigna síðasta haust komst Seðlabankinn að þeirri niðurstöðu að hættan á fjármagnsflæði gæti valdið óstöðugleika. Takmarkanir á fjármagnshreyfingar hafa tryggt stöðugleika í viðskiptum og skapað aðstöðu til að vinna á undirliggjandi vanda. Það verður gert með langtímahagsmuni að leiðarljósi," segir Freyr Hermannsson, sérfræðingur hjá Seðlabankanum, um þá vinnu sem staðið hefur yfir síðan fyrir áramót um leiðir til að leysa krónustöðu erlendra aðila.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir margar leiðir til að losa um stöðurnar. Tregða sé í stjórnkerfinu að ganga í málið.

Við innleiðingu gjaldeyrishaftanna í nóvember var komið í veg fyrir að eigendur krónubréfa innleystu þau og flyttu fjármagn úr landi. Krónuinnistæður erlendra aðila námu þá fjögur hundruð milljörðum króna. Nær engin breyting hefur orðið á því.

Rætt hefur verið um að krónubréfaeigendur sem sitja fastir hér með 50 til 80 milljarða í krónubréfum losi um stöður sínar með kaupum á skuldabréfum íslenskra stórfyrirtækja en þeir sem eigi lægri fjárhæðir kaupi hlutabréf fyrirtækja með sterka alþjóðlega tengingu. Greitt yrði fyrir með krónum og leiðirnar því ekki í andstöðu við gjaldeyrishöftin.



**LANDSVIRKJUN** Erlendir fjárfestar sem sitja fastir með krónubréf hafa fyrirtækja skoðað lánveitingar til íslenskra stórfyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/

Skuldabréf fyrirtækja á borð við Landsvirkjun og Norðurál, Marel Food Systems og stoðtækjafyrirtækið Össur hafa verið nefnd sem fjárfestingarkostir. Gjalddagar yrðu eftir allt að fimm ár og lánin greidd í uppgjörsmynt félaganna, Bandaríkjadölum og evrum.

Iðnaðarráðherra styður að þessi leið verði farin, samkvæmt upplýsingum þaðan.

Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsvirkjunar, segir málið hafa verið reifað um áramót. Landsvirkjun skoði fjölbreyttar fjármögnunarleiðir til að takast á við ný verkefni og vegna endurfjármögnunar.

Einn heimildarmanna Fréttablaðsins sagði Landsvirkjun geta brotið ísinn og undið hratt ofan af krónubréfunum í kjölfarið. Ekki er útilokað að hreyfing komist á málið eftir að breska fjármálafyrirtækið Oliver Wyman lýkur verðmati sínu á efnahagsreikningi bankanna á næstu vikum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

**jonab@markadurinn.is**

# Finnar vilja ekki markið aftur

„Það er lítill stuðningur við það í Finnlandi að ganga úr myntbandalagi Evrópusambandsins og taka aftur upp finnska markið þrátt fyrir kreppuna," segir Ilkka Mytty, fjármálaráðgjafi í finnska fjármálaráðuneytinu.

Mytty var með fyrirlestur um finnsku kreppuna í byrjun síðasta áratugar og reynsluna af myntsamstarfi við Evrópusambandið í gær.

Í fyrirlestri Myttys kom fram að í kjölfar djúprar kreppu hafi finnsk stjórnvöld sett saman teymi sérfræðinga úr háskólunum sem mátu kosti og galla þess að ganga í ESB.



**ILLKA MYTTY** Fall sænsku krónunnar gagnvart evru hefur komið niður á utanríkisviðskiptum Finna. Enginn vilji er fyrir því í Finnlandi að taka aftur upp sjálfstæðan gjaldmiðil. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kostirnir vógu þyngra en gallarnir.

Finnar gengu í ESB 1995 og hefur hagvöxtur þar, sem á mikið undir utanríkisverslun, verið nokkuð stöðugur síðan þá.

Svíar brugðu á sama ráð í kjölfar bankakreppunnar um svipað leyti. Ekki var þó stuðningur við upptöku evru þar í landi. Gengi sænsku krónunnar hefur fallið talsvert gagnvart evru upp á síðkastið. Það hefur komið niður á fjárfestingum Svía í Finnlandi og útflutningi Finna þangað. Á móti hefur gengisfallið nýst Finnum í Svíþjóð, að sögn Myttys. **-jab**

# FRÁBÆR TILBOÐ




## PHILIPS

**Philips 42PFL7403D**
42" LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 punkta upplausn, Perfect Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 29.000:1 skerpu, 100Hz LCD, ljósskynjara og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 30w Nicam Stereó, BBE Virtual Dolby Digital, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, Coax út,USB ofl.

TILBOÐ
**269.995**
FULLT VERÐ 349.995

HDMI
PIXEL PLUS 3HD



## PHILIPS 2GB

**Philips SA2820**
MP3 spilari með 2GB minni, innb.diktafóni, hljóðnema, USB 2 og ID3 og hleðslurafhlöðu.

NETTUR
**MP3 SPILARI**

TILBOÐ
**9.995**
FULLT VERÐ 11.995



## CASIO 3JA SKREFA KENNSLUKERFI

**Casio CTK-720**
HLJÓMBORÐ með 5 áttundum, 61 nótu, 242 hljóði, 100 rytmum, 32 nótna pólifóníu, 100 æfingalögum, 3ja skrefa kennslukerfi, LCD skjá með baklýsingu, USB, fótpedala-, hljóðnema- og heyrnatólstengi. Getur sótt hljóð af netinu.

TILBOÐ
**26.995**
FULLT VERÐ 29.995



## Panasonic MEÐ IPOD VÖGGU

**Panasonic SCEN38**
2x8 lítil og nett Panasonic MÍKRÓSAMSTÆÐA með iPod vöggu, geislaspilara, klukku með vekjara og svefnrofa, stafrænt útvarp með 30 stöðvaminnum, heyrnatóls- og USB tengi. Hleður iPod á meðan þú hlustar. Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA.

TILBOÐ
**29.995**
FULLT VERÐ 34.995




DVD VIDEO

**Toshiba 19DV550PG**
19" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, 1000:1 skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, Analog móttakara, HDMI, Component, Composite og Analog Audio, Scart og PC(VGA, S-Video og heyrnatólstengi.

TILBOÐ
**59.995**
FULLT VERÐ 99.995

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki** ht.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnarskrárleikfléttur:

## Fyrir fólkið?

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Talsmenn ríkisstjórnarinnar segja að stjórnarskrárbreytingar þær sem nú er verið að gera séu svar við ákalli fólksins, fyrir fólkið og fólksins vegna. Að því leyti hafa þeir rétt fyrir sér að skoðanakannanir gefa til kynna að meirihluti kjósenda sé þeim fylgjandi.

Á hinn bóginn liggur fyrir að meirihluti allra þeirra sérfræðinga sem stjórnarskrárnefnd þingsins hefur kallað til varar við því flaustri sem ríkisstjórnin hefur á breytingunum. Sumir vilja ekki segja álit sitt vegna óvandaðra vinnubragða. Aðrir benda á hættuna sem fylgir óskýrum stjórnarskrárákvæðum. Loks eru þeir sem leggja áherslu á að reyna eigi til þrautar að ná víðtækri samstöðu þegar sjálf stjórnarskráin á í hlut.

Umræðan á Alþingi snýst ekki um málefnaleg rök og gagnrök af því tagi sem lesa má í umsögnum um stjórnarskrárfrumvarpið. Hún fer alfarið eftir forskriftarbók lýðskrumsins: Við erum með fólkinu. Þeir sem ekki eru sammála okkur eru á móti fólkinu. Röksemdafærslur lýðskrumsins hafa orðið ofan á. Stjórnarandstaðan hefur orðið undir í þeirri orðræðu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta kosningu til stjórnlagaþings um eitt ár. Ljóst er að kjósa þarf til Alþingis um leið og ný stjórnarskrá hefur verið samþykkt. Með þessari frestun á stjórnlagaþinginu hefur ríkisstjórnin tryggt að hún getur setið einu ári lengur en áformað var. Á síðustu stundu er þannig verið að fresta því um að minnsta kosti eitt ár að fólkið fái stjórnarbót og rétt til að kjósa eftir nýjum stjórnskipunarreglum.

Sá háttur að umsagnir séu veittar um lagafrumvörp er í þágu fólksins. Hann er málefnaleg vörn þess gegn ofríki framkvæmdarvaldsins. Hefði ríkisstjórnin hlustað á þær athugasemdir sem Alþingi hafa borist er eins víst að ná hefði mátt sátt um bæði vandaðri og skjótvirkari framgang stjórnarskrárbreytinga en raun verður á.

Málamiðlun hefði falist í því að ákveða nú að stjórnarskrárbreytingar tækju gildi með samþykki þjóðarinnar í allsherjaratkvæðagreiðslu. Alþingi fengi þá allan næsta vetur til að ljúka vandaðri endurskoðun sem síðan yrði borin undir þjóðaratkvæði samhliða sveitarstjórnarkosningum strax næsta vor.

Í beinu framhaldi af því fengi þjóðin að kjósa fulltrúa á löggjafarsamkomuna á grundvelli nýrra stjórnarskrárákvæða og eftir atvikum að kjósa framkvæmdarvaldið beint í sérstökum kosningum. Vönduð vinnubrögð hefðu tryggt fólkinu þegar á næsta ári nýja stjórnarskrá og valdhafa með umboð á nýjum grundvelli. Málefnaleg sjónarmið hafa nú vikið fyrir textabók lýðskrumsins í þessu mikilvæga máli.

Mesta athygli vekur þó að ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan hafa með öllu útilokað að setja ákvæði í stjórnarskrána sem heimilar aðild að Evrópusambandinu. Þvert á móti hefur verið bent á að auðlindaákvæðið geti verið Þrándur í Götu aðildar.

Allra alvarlegast er að með frestun á kosningu stjórnlagaþings er um leið verið að fresta að heimildarákvæði um aðild komist í stjórnarskrá. Augljóst er að umboð Alþingis til stjórnarskrárbreytinga fellur niður þar til bráðabirgðaákvæðið um stjórnlagaþing verður óvirkt með starfslokum þess.

Alvöruleysi stjórnmálaumræðunnar lýsir sér best í því að þingmenn Samfylkingarinnar telja nú brýnast að ljúka störfum Alþingis með stjórnarskrárleikfléttum sem viðhalda aðildarbanni næsta kjörtímabil. Er þetta í þágu fólksins?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Duglegur umsækjandi**

Umsóknir um störf aðal- og aðstoðarbankastjóra Seðlabankans voru opinberaðar í gær. Einn þeirra sem vilja verða aðstoðarbankastjóri er Halldór Eiríkur S. Jónhildarson, þjóðréttarfræðingur og kraftlyftingadómari. Halldór Eiríkur sótti einnig um stöðu forstjóra Fjármálaeftirlitsins á dögunum, en greina á frá því hver hlaut það hnoss í dag. Og Halldór hefur ekki látið það nægja, því hann sótti einnig um starf skrifstofustjóra hjá samgönguráðuneytinu á dögunum, sem og starf forstöðumanns fangelsisins á Litla-Hrauni.



**Harðjaxl í starfið**

Stjórn FME á ekki einfalt verk fyrir höndum þegar velja skal nýjan forstjóra. Stjórnarformaðurinn Gunnar Haraldsson hlýtur þó að horfa hýrum augum til manns sem er bæði með þekkingu á kraftlyftingum og reiðubúinn að stýra fangelsi til að tukta til harðsvíraða íslenska fjármálajöfra.

**Óþekktir á Vellinum**

Völlurinn heitir nýtt vefrit um stjórnmál sem hefur hafið göngu sína á slóðinni vollurinn.is. Á kornungum vefnum kennir þegar ýmissa grasa en af efnistökum má ráða að síðuhaldarar hneigist töluvert til hægri og þeim sé fremur lítt gefið um sitjandi ríkisstjórn. Á upplýsingasíðu vefritsins segir að því sé haldið úti af „hópi áhugamanna um stjórnmál sem allir hafa langa reynslu af fjölmiðlun“. Ólíkt því sem gengur og gerist á flestum miðlum er hins vegar hvergi að finna neitt um það hverjir bera ábyrgð á efni því sem þar er að finna. Lénið er hins vegar skráð á Steingrím nokkurn Sigurgeirsson, þaulvanan sjálfstæðismann sem var aðstoðarmaður Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur í ráðherratíð hennar.



stigur@frettabladid.is

### SPOTTIÐ




# Barna- og unglingastarf í uppnámi

**UMRÆÐAN**

Sóley Tómasdóttir skrifar um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar



SÓLEY TÓMASDÓTTIR

Endurskoðuð fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar liggur nú fyrir, samþykkt af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Fjárhagsáætlun sem meirihlutinn fullyrðir að stríði ekki gegn aðgerðaráætlun borgarinnar, þar sem kveðið er á um að standa skuli vörð um störf á vegum borgarinnar, þjónustan verði ekki skert og gjaldskrár ekki hækkaðar.

*Forgangsröðun meirihlutans kemur ekki aðeins til með að bitna á börnum og fjölskyldum samtímans, heldur er hún verulega kostnaðarsöm þegar til lengri tíma er litið.*

Fullyrðingar meirihlutans standast því miður ekki. Á flestum sviðum er gengið í berhögg við aðgerðaráætlunina, en tvö skýr dæmi um það er að finna í endurskoðaðri fjárhagsáætlun íþrótta- og tómstundasviðs.

Í fyrsta lagi er alls ekki útséð um að staðinn verði vörður um störf á vegum sviðsins, þar sem ekki hefur verið tryggt fjármagn í starfsemi vinnuskólahópa á vegum félagsmiðstöðvanna í ár. Félagsmiðstöðvahóparnir hafa verið starfræktir um margra ára skeið og hafa reynst afar mikilvægir fyrir unglinga í áhættuhópi. Áframhaldandi starf og áframhaldandi fastráðning 22 starfsmanna ÍTR veltur á því að einhvers staðar finnist 10 milljónir króna. Hagræðing um 10 milljónir þar sem mikilvægt forvarnarstarf og 22 stöðugildi eru í húfi getur ekki borgað sig.

Annað skýrt dæmi um skammsýni meirihlutans eru áform um að loka frístundaheimilum á frídögum skóla. Frá stofnun frístundaheimilanna hefur frístundastarf staðið börnum í 1.-4. bekk til boða allan daginn á starfsdögum og foreldraviðtalsdögum, í jólafríum og páskafríum. Í hagræðingarskyni ætlar meirihlutinn nú að afnema þessa þjónustu og fría sig ábyrgð á börnunum í borginni þá 16 daga sem um er að ræða á hverju ári.

Forgangsröðun meirihlutans kemur ekki aðeins til með að bitna á börnum og fjölskyldum samtímans, heldur er hún verulega kostnaðarsöm þegar til lengri tíma er litið. Það vita Finnar og það vita Svíar. En meirihlutinn hefur ekki – og ætlar ekki – að taka mið af reynslu nágrannaþjóða okkar. Markmið þeirra er að skila sléttu og snurðulausu bókhaldi á síðasta ári fyrir kosningar. Redda deginum í dag og árinu í ár. Slík vinnubrögð eru óábyrg og beinlínis skaðleg fyrir samfélagið Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447






Vegna mikillar eftirspurnar er

# Allt í steik framlengt

*til 19. apríl*

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“ með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

3 MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI með ristuðu grænmeti, kartöflumauki og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

ÖND með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE með súkkulaði ís

*Sími* 562 0200 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Björg Björnsdóttir segir ítalskt rísottó heppilegt í kreppunni þar sem nota megi það sem til er í ísskápnum út í. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Alveg ekta ítalskt rísottó

**Björg Björnsdóttir gefur lesendum uppskrift að ítölskum rísottórétti sem hún segir einstaklega hentugt að elda á föstudegi og borða svo yfir helgina því hann bragðist svo vel daginn eftir.**

„Ég fékk uppskriftina frá góðri konu í Frakklandi sem er af ítölsku bergi brotin. Rísottó er ítalskur réttur svo þetta ætti að vera ekta,“ segir Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri við Háskóla Íslands.

Hún segist gjarnan elda rísottó og fari útkoman þá oftast eftir því hvað hún eigi í ísskápnum. „Mér finnst gaman að elda en fer ekki endilega eftir uppskriftum. Ég á samt margar uppskriftabækur og hef mjög gaman af því að lesa uppskriftir. Ég skrifa aldrei niður það sem ég geri svo réttirnir verða sjaldnast alveg eins hjá mér.“

Björg segir rísottó einn þessara rétta sem bragðist betur daginn eftir svo það sé tilvalið að elda réttinn á föstudegi fyrir helgina. Best sé að nota Arborio-hrísgrjón og láta svo hugmyndaflugið ráða. „Galdurinn við þennan rétt er saffranið. Mér skilst að saffran sé eitt dýrasta krydd í heimi en að öðru leyti er rísottó fínn kreppumatur.“

Björg bjó lengi í Frakklandi og kann því vel að meta franska matargerð en komst einnig í kynni við tyrkneska eldamennsku þegar hún bjó um tíma í Tyrklandi. Alþjóðlegir vindar blása því um eldhús Bjargar. „Ég var einmitt með matarboð um síðustu helgi þar sem ég bauð upp á marokkóskan rétt. Ég á mér svo sem engan uppáhaldsmat og finnst flest gott, nema kannski skata!“

*heida@frettabladid.is*

## RISOTTO À LA CORRADINI

**FYRIR 4**

250 g risotto-hrísgrjón (helst ítölsk)
2 l kjúklinga- eða kalkúnasoð
1 stór laukur
200 g sveppir (champignon de Paris)
1 msk. smjörlíki eða smjör (helst Fruit d'Or smjörlíki)
rifinn parmesanostur
flesk eða pancetta (í upprunalegu uppskriftinni er gert ráð fyrir lifur og hjörtum úr fiðurfé)
Saffran



*Setjið smjörlíkið/smjörið í pottjárnspott eða annan þykkan pott og mýkið gróft skorinn laukinn. Bætið hrísgrjónunum út í og hrærið vel þar til hrísgrjónin hafa blandast smjörlíkinu/smjörinu vel. Bætið heitu soðinu smátt og smátt við og hrærið stöðugt. Gott er að láta grjónin drekka alveg í sig soðið áður en bætt er við næsta skammti. Þegar öllu soðinu hefur verið bætt út í er steikt fleskið, sem hefur verið kryddað með pipar, sett saman við, sem og sveppirnir sem skornir eru í litla báta. Þá er saffran bleytt upp í svolitlu soði og hellt út á hrísgrjónin. Að endingu er rifinn parmesanostur settur út á réttinn.*

*Má bæði nota sem aðalrétt, og bera fram með góðu brauði og salati, eða sem meðlæti, t.d. með kjúklingi. Þá er tilvalið að útbúa risotto fyrir sumarbústaðaferðina því það bragðast ekki síður vel daginn eftir.*


# Byltingarkennd nýjung á Íslandi




**Enn á ný kynnum við hjá Nings nýjung í heilsusamlegri matreiðslu.**

Næringa- og matvælafræðingar hafa þróað einstaka afurð: Núðlur unnar úr tófú og heilsujurtinni “konnyaku”. Tófú-núðlur eru bragðgóðar og hollar. Þær henta öllum þeim sem láta sig varða líkamlega heilsu sína.

Tófú-núðlur eru kalk- og próteinríkar, kolvetna- og hitaeiningasnauðar. Að auki eru þær án nokkurs sykurs, kólesteróls og glútens og innihalda auðvitað hvorki mjólkurafurðir né dýrafitu.

NINGS

Suðurlandsbr. 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
**Sími: 588 9899**

# TÍSKA

**SÝNING** nemenda Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans verður opnuð í gallerí Tukt í Hinu húsinu á morgun og stendur til 18. apríl. Sýnd eru nýleg verk nemenda í lokaáföngum almennrar hönnunnar á listnámsbraut skólans.





Fallegur stuttur kjóll undir áhrifum frá Taílandi hjá Alexander McQueen.


Pönkað en dömulegt dress í senn frá Givenchy.

Flottur appelsínugulur samfestingur með speglabrotum frá McQueen.

Fallegt kvenlegt snið með vösum frá Givenchy.

Fallegur stuttur kjól með krossi í miðju frá McQueen.

Kynþokkafullur plómulitaður kjóll frá Givenchy.

# *Glitrandi fegurð*

**Pallíettur og spegilbrot sáust hjá McQueen og Givenchy á tískuvikunni í París.**

Fyrirsætur ljómuðu eins og diskókúlur á tískuvikunni í París sem stóð yfir um síðustu mánaðamót.

Ofurhönnuðurinn Alexander McQueen skapaði fatnað úr glitrandi pallíettum og spegilbrotum í framúrstefnulegum sniðum á meðan ítalski hönnuðurinn Riccardo Tisci notaði glitrandi hálsskraut og glansandi efni í haust- og vetrarlínu sinni fyrir franska tískuhúsið Givenchy.

Draga má þá ályktun að kreppan muni hafa lítil áhrif á tískuna næsta haust en að partístemningin verði allsráðandi.

*amb@frettabladid.is*





Gullfalleg varalitapallетта með litum sumarsins.


Ljósrautt naglalakk úr nýju sumarlínunni hjá Chanel.

# Sígaunalitir frá Chanel

**Eldrauðar varir og seiðmögnuð augu verða áberandi í sumar.**

Kjólar sem Coco Chanel hannaði árið 1939 voru endurvaktir í förðunarlínu tískuhússins fyrir sumarið 2009. Seiðandi litir eins og dimmfjólublátt, vínrautt, brúnt og eldrautt sameinast í línunni, sem nefnist Bohemian Fantasy og er fyrir augu, varir, kinnar og neglur. „Augu sígaunastúlkunnar eru dökk og varir hennar eldfimar," segir í tilkynningu frá tískuhúsinu, sem vonast til að fanga hinn bóhemska anda. *- amb*


Falleg litapalletta með tveimur ljósum litum og tveimur dökkbrúnum.



Dimmfjólubláar sanseraðar neglur sem heita Vendetta.






# ;MATUR




**KANELSNÚÐAR** eru alltaf góðir með kaffinu. Myllan hefur nú hafið framleiðslu á kanelsnúðum sem eru mjúkir og ljúffengir. Í snúðunum eru sex prósent trefjar og engin transfitusýra.


**Handverksmarkaður RAUÐA KROSSINS 4. apríl**

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur handverksmarkað **laugardaginn 4. apríl kl. 11–16** í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð. Selt verður handverk sjálfboðaliða deildarinnar, sauma- og prjónavörur, kökur, brjóstsykur og annað föndur.

**Allur ágóði af markaðnum rennur til að styrkja börn og ungmenni í Malaví og Mósambík.** Nemendur MK í áfanga um sjálfboðið Rauða kross starf sjá um markaðinn.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur • sími 554 6626


;ALLT HELGIN



Haukur Víðisson matreiðslumaður á Saffran segir staðinn hafa farið ævintýralega vel af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Nokkurra áhrifa frá Mið-Austurlöndum gætir á veitingastaðnum Saffran.

# Nota 80 kíló af skyri á viku

**Á hinum nýja veitingastað Saffran ríkir hversdagsleg, létt og fersk stemning undir áhrifum frá Mið-Austurlöndum. Haukur Víðisson matreiðslumaður eldaði keilu í tikka masala fyrir lesendur Fréttablaðsins.**

Veitingastaðurinn Saffran var opnaður 15. mars síðastliðinn í Glæsibæ í Álfheimum. Eigendur staðarins eru þeir Haukur Víðisson matreiðslumaður og Jay Jamchi. „Jay er hálfur Rússi og hálfur Persi en hefur búið í Bandaríkjunum þar sem hann kynntist konu sinni sem er íslensk og besta vinkona konu minnar," útskýrir Haukur. Hugmyndin um veitingastaðinn vaknaði með þeim Jay fyrir um ári.

Haukur lýsir staðnum sem léttum og ferskum hvunndagsstað. „Svo eru pínu indversk áhrif enda notum við tandoori-pott. Einnig bjóðum við upp á persneskan mat en saffran er mikið notað hjá Persum," segir Haukur. Þeir bjóða einnig upp á speltbökur sem eru nokkurs konar pitsur úr heilhveitispelti og möluðu íslensku hveiti. „Við reynum að nota eins mikið af íslenskum vörum og við getum," segir Haukur, sem býður upp á ferskan fisk á hverjum degi.

Mikið er notað af íslensku skyri og jógúrt í sósurnar á Saffran og til marks um vinsældir staðarins síðustu vikur hafa um áttatíu kíló af skyri verið notuð í hverri viku.

„Staðurinn hefur farið alveg ævintýralega vel af stað. Það hefur verið mjög mikið að gera og við önnum varla eftirspurn," segir Haukur. Saffran er opið frá níu á morgnana til níu á kvöldin en í sumar verður opið til klukkan tíu.

*solveig@frettabladid.is*

## UPPSKRIFT HAUKS



### Tikka masala keila

*Fyrir 4*

1 kíló ný keila skorin í jafna bita
1 dós hrein jógúrt
1 msk. rifið ferskt engifer
1 msk. saxaður ferskur hvítlaukur
1 msk. saxað ferskt rautt chili
1/2 tsk. malað kóríander
1/2 tsk. malað cummin
salt og pipar

*Allt hrært saman og hellt yfir keiluna.*

*Látið liggja í 2-3 klst. og fiskbitarnir eru síðan þræddir á grillspjót með papriku og/eða rauðlauk.*

*Pönnusteikt í 5-10 mín.*

*Borið fram með hýðisgrjónum, raita-agúrkusósu og naanbrauði.*

**Raita-agúrkusósa**
1 dós hrein jógúrt
10 cm biti af agúrku
1 msk. ólífuolía
saxaður hvítlaukur á hnífsoddi
mynta á hnífsoddi
fáfnisgras (esdragon) á hnífsoddi
1 msk. sítrónusafi
salt og pipar.

*Agúrkan er rifin á rifjárni og öllu blandað saman.*






Vandaðir og þægilegir bandaskór úr leðri og skinnfóðraðir í úrvali.
Stærðir : 36 - 42
Litir: Hvítt, beige, brúnt, rautt og svart
Verð: 8.975.-



Dömuinniskór í úrvali. Allt leðurskór með skinnfóðri. Sérlega mjúkir og þægilegir.
Stærðir: 36 - 42
Margir litir.
Verð frá: 6.550.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is





SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



Auglýsingasími 512 5447
ALLT





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki








teg. Darcey - glæsilegur í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.850,-

Misty
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 3. apríl 2009




## KLÖKK Í KAMBÓDÍU

María Sigrún Hilmarsdóttir gerði heimildarmynd um mansal í Kambódíu.

### LEIKSTÝRIR KÆRUSTUNNI Í HÚMANIMAL

Friðrik Friðriksson og Álfrún Örnólfsdóttir vinna náið saman.

### Í LÍKAMSRÆKT Á MEÐGÖNGUNNI

Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir á von á sínu öðru barni í maí.

### VINNUR Á VEITINGASTAÐ EVU LONGORIA

Hildur Eik Ævarsdóttir er umvafin stórstjörnum í Los Angeles.






Olíufylltir rafmagnsofnar

Allt til rafhitunar

OSO HOTWATER

Norskir hitakútar

10 ára ábyrgð

- Úr ryðfríu stáli
- Fyrir sumarhús og heimili
- Yfir 30 ára reynsla hérlendis

Brenna ekki rykagnir. Auðveld uppsetning á vegg.
250 - 400 - 750 - 800 - 1000 - 1600 - 2000 wött.

WÖSAB

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# núna
✻ stjörnufans



helgin MÍN

## UNNUR ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR DANSARI

„Ég vona að mér verði boðið í pitsu á föstudagskvöldið og á laugardagskvöldið fer ég á Húmanímal í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Á sunnudagskvöldið er mér svo boðið í mat til bróður míns og mágkonu. Annars ætla ég að nýta hverja stund með fjölskyldunni og yndislegu dóttur minni."



### Eivör aftur til Íslands

Færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir er komin til landsins og heldur tónleika á Nasa í kvöld klukkan 22. Langt er síðan söngkonan hefur haldið sólótónleika, en á næstu dögum mun hún í fyrsta sinn ferðast um landið með eigin hljómsveit. Eivör mun taka vel valin lög af sínum fyrri plötum auk þess sem hún mun gefa tónleikagestum forsmekkinn að væntanlegri plötu sinni sem kemur út í október.



### Rauðu konurnar

„Þessi hópur er opinn öllum konum 24 ára og eldri og snýst um að skemmta sér, en láta gott af sér leiða um leið," segir Tobba Marinósdóttir fjölmiðlafræðingur sem er einn af stofnendum hópsins Rauðu konurnar. „Startpartíið okkar er á föstudaginn kl. 8.30 á Pósthúsinu-Vínbar og er flott dagskrá í boði og frítt inn. Tilgangurinn er að kynna okkur og skemmta íslenskum konum frítt," bætir hún við, en hópurinn mun svo standa fyrir alls konar atburðum í framtíðinni svo sem fyrirlestrum, „singles-nights", þemapartíum og mörkuðum.

þetta HELST

Hildur Eik Ævarsdóttir er umvafin stórstjörnum í Los Angeles:

# VINNUR Á SKEMMTISTAÐ EVU LONGORIA

Hún kemur þrisvar til fjórum sinnum í viku til að tékka á hvort allt sé í lagi og fær sér stundum að borða," segir Hildur Eik Ævarsdóttir spurð um Evu Longoria, en Hildur Eik vinnur á stað í eigu leikkonunnar í Los Angeles sem heitir Beso. „Þetta er eiginlega spænskur veitingastaður, en á efri hæðinni er svona „lounge" sem heitir Kiss. Það koma margar stjörnur á þennan stað, en Eva Longoria er náttúrlega andlit staðarins og margir sem koma bara til að sjá hana. Hún er alltaf vel til höfð, virðist vera mjög almennileg og kemur oft með Victoriu og David Beckham með sér," útskýrir Hildur, sem vinnur einnig fyrir fyrirtækið SBE sem á mikið af klúbbum, veitingastöðum og hótelum í LA.

„Ég vann á „lounge"-stað sem heitir S Bar og var hannaður af Philippe Starck, en honum var nýlega lokað. Á þennan stað kom fólk mikið til að sjá hönnunina og prófa kokkteilana sem eru hvergi annars staðar til í heiminum, enda sat ég á skólabekk í margar vikur til að læra þetta allt. Núna vinn ég aðallega á Foxtail sem var valinn einn af hundrað bestu klúbbum heims. Ég vinn mest á barnum, en sé líka um að koma stórum viðskiptavinum úr skemmtanabransanum á staðina þar sem þeir eyða jafnvel 1.500 dollurum í eina kampavínsflösku. Meðal fastagesta þar eru Adam Sandler, Ashton Kutcher, Paris Hilton, Britney og Kanye West," bætir hún við.

Hildur Eik er ekki aðeins umkringd stórstjörnum í vinnunni því þar sem hún stundar líkamsrækt æfa meðal annars Ryan Gosling, Taye Diggs, Jodie Foster og Jack Black. Sjálf hefur hún leikið og setið fyrir í myndatökum síðan hún flutti til LA árið 2006, nú síðast með rapparanum Ludacris og rokkaranum Tommy Lee. Aðspurð segist hún ekki stefna á að flytja aftur til Íslands í bráð. „Ég sakna alltaf Íslands en hér á ég heima. Það er ekkert yndislegra en að vakna við sólskinið á hverjum degi og fara út í göngutúr með Tedda hundinn minn. LA er ekki bara skemmtileg borg, heldur hefur hún upp á svo margt að bjóða. Maður getur farið í fjallgöngur, á ströndina, keyrt í klukkutíma og farið á skíði eða skellt sér til Vegas." **- ag**



**Ánægð í LA** Hildur Eik er ánægð með lífið í Los Angeles en hún vinnur á hinum vinsæla stað Beso, sem margar stjörstjörnur í Hollywood sækja.



**Eva Longoria**




Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir:

# Kynið er leyndó

Ég á átta vikur eftir," segir Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir sem á von á sínu öðru barni hinn 27. maí. „Meðgangan fer alveg meiriháttar í mig og betur en sú fyrri. Nú er ég þroskaðri, veit meira hvað ég er að gera og er meðvitaðri um hreyfingu og heilbigði," segir Ragnheiður en vill ekki gefa upp kynið. Ragnheiður er á fyrsta ári í sálfræði í Háskóla Íslands og segir óléttuna fara vel með náminu. „Þetta gengur vel, það er bara eins og ég fái meðbyr úr maganum. Tekur þetta á en er samt bara gaman."

Þrátt fyrir að vera ófrísk hefur Ragnheiður ekkert slakað á í ræktinni og tekur vel á því í World Class á hverjum degi. „Mér líður svo vel þarna og Dísa og Bjössi halda örugglega að ég muni bara fæða þarna inni. Það skiptir bara svo miklu máli að stunda hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl. Það er ekki eins og maður sé með sjúkdóm og þurfi að hætta hreyfa sig og borða óhollan mat. Mér líður hvergi betur en eftir að hafa hreyft mig með skemmtilegu fólki og slakað á í gufunni á eftir. Það fullkomnar daginn." **- iáh**



**Ófrísk** Ragnheiður Guðfinna á von á sínu öðru barni 27. maí.

## ✻ augnablikið



**DRUNGALEG** Mörgum brá í brún þegar ofurfyrirsætan Agyness Deyn mætti á frumsýningu Valentino-myndarinnar The Last Emperor í New York á dögunum. Deyn klæddist svörtum skósíðum kjól með hettu og síðri silfurkeðju um hálsinn og þótti heldur drungaleg til fara.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 20 ár
1988-2008

KORTER.IS - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

Settu þig í
# fyrsta sæti

með PROMAX DIET sem er fyrir alla sem vilja ná hámarksárangri við þyngdarstjórnun

**PROMAX DIET**

er fitusnauður mysu-protein shake. Promax Diet inniheldur einnig CLA, trefjar, nauðsynlegar fitusýrur ásamt guarana og grænu te sem getur haft áhrif til fitulosunar. Promax Diet er tilvalið sem hluti af morgun- eða hádegisverði eða bara þegar þú þarft létta og auðvelda máltíð.

**Promax diet 10 skammtar kr. 4.995.- Promax diet 20 skammtar kr. 8.995.-**



**CLA 1000**

inniheldur Conjugated Linoleic Acid ( CLA ), algjörlega náttúrulega fitusýru sem fyrirfinnst í mjólkur og kjötvörum. Hún er sérstaklega vinsæl hjá fólki sem vill ná góðu líkamlegu atgervi. CLA-1000 inniheldur einungis besta fáanlega Tonalin CLA , það sterkasta á markaðinum.

**CLA-1000 60 belgir kr. 4.495.- CLA-1000 90 belgir kr. 5.995.-**



**THERMOBOL**

vinsælasta fitubrennsluefnið okkar er örugg og náttúruleg samsetning af m.a. guarana, grænu te og B-vítamin blöndu. Ef þú æfir og borðar reglulega en sérð samt ekki þann árangur sem þú óskar eftir getur þú bætt Thermobol við mataræði og æfingakerfi þitt. Þannig nærð þú hámarksárangri

**Thermobol 30 belgir kr. 3.300.- Thermobol 90 belgir kr. 6.995.-**



MAXIMUSCLE
Seriously Fit Food

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is
Ath. frí heimsending ef verslað er fyrir meira en 10.000.-

SKEIFAN 19 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 568 1717 | WWW.HREYSTI.IS | OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

# núna

✻ Flott til fara



**KALDA SLÆR Í GEGN** Hönnuðurinn Katrín Alda Rafnsdóttir hélt skemmtilega tískusýningu á norræna tískutvíæringnum í samvinnu við hönnuðinn Eygló. Katrín hannar undir nafninu Kalda og eru flíkurnar mjög kvenlegar og eru í svörtum lit og húðlit. Vörurnar eru fáanlegar í versluninni Einveru á Laugavegi.

1


2


3


4


5


1 Jakki úr HM en allt annað úr Primark. 2 66° Norður úlpa, þykkar leggings, rúllukragabolur úr Vera Moda og leðurstígvél frá River Island. 3 Nike hlaupabolur. 4 Kjóll frá RYK. 5 Hugo Boss buxur með háum glans. 6 Handgerð spöng úr Textil Line. 7 NaNa veski úr íslensku leðri og nautahúð.

Þorbjörg Marinósdóttir

# Plast- og glansflíkur *í Brasilíu*

***Geturðu lýst þínum stíl?*** Ég er mjög lita- og stílglöð. Þá meina ég að skartgripir verða að vera í stíl við allt annað. Ég á til dæmis eyrnalokka og skó í öllum litum. Hef þó í seinni tíð tamið mér að minna er meira.

6


***Hvað keyptir þú þér síðast?*** Ég var að koma frá Bretlandi þannig að þessi listi er vandræðalega langur. En alveg seinast í ferðinni voru það fjólublá nærföt og guðdómlega glaðlegur hvítur blómahringur.

***Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?*** Hjálp. Það er án efa þegar ég var skiptinemi í Brasilíu og allt var sérsaumað af hinni geðþekku Marie Lany, saumakonu fjölskyldunnar sem ég bjó hjá. Það tímabil einkennist af of þröngum plast- og glansflíkum. Systir mín spurði einu sinni hvort buxurnar mínar væru úr roði! Svona mætti ég svo fyrsta daginn í Versló.

***Í hvað myndirðu aldrei fara?*** Miðað við fyrri mistök er ég líkleg til alls. Reyni þó eins og ég get að halda mig frá plastflíkum í framtíðinni og kraftgöllum.

***Uppáhaldsmerki?*** HM klikkar seint, Hugo Boss og íslensk hönnun. Þar er að finna svo mörg frábær merki eins og RYK, Gerðugert, Volcano design, Birna Concept, EMM label og fleiri. Íslenskt kemur sterkt inn núna og er ekki eins dýrt og margir halda.

7


***Hverju ertu veikust fyrir þegar kemur að fatakaupum?*** Skóm, skarti og kjólum. Helst opnum skóm og sumarkjólum sem er ekki mjög praktískt á Íslandi en yndislega gaman að kaupa.

***Er eitthvert tískuslys í fataskápnum þínum?*** Viltu sjá plastbuxurnar?

***Af hvaða líkamshluta ertu stoltust og hvernig undirstrikar þú hann með klæðaburði?*** Andlitinu enda hyl ég það aldrei nema tvisvar á ári á snjósleða með dýnamískri 66°Norður lambhúshettu.


**Tilboðsdagar fram að páskum**

**20 - 70 % afsl.**

**Sturtuklefar - Baðinnréttingar**
**Hreinlætistæki - Blöndunartæki**
**Baðker ofl.**

BAÐHEIMAR

Baðdeild Álfaborgar
Skútuvogi 4 - sími: 525 0800


## LIMASSOL, KÝPUR

BORGIN mín

**Freyja Sigurðardóttir fitnesskona**




**HVAR ER BEST AÐ FÁ SÉR MORGUNMAT?** Mér finnst best að fá mér hafragraut, hrökkbrauð og nýpressaðan appelsínusafa með fjölskyldunni heima.

**BESTA KAFFIÐ?** Starbucks.

**FÍNT ÚT AÐ BORÐA?** Við erum svo nýflutt hingað að það er enginn uppáhalds fínn staður fundinn ennþá.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN?** HM er alltaf góð, þar fást ágætis föt fyrir lítinn pening. Jane Norman er svo mín uppáhaldsverslun. Fötin þar eru mjög góð og flott.

**BEST VIÐ BORGINA?** Góð menning, gott veður, hrein og fín borg. Svo á margt eftir að koma í ljós á næstu dögum og mánuðum. Er ennþá svolítill útlendingur hérna.

**BEST AÐ EYÐA DEGINUM?** Heima við eða í göngutúr á strandgötunni og verslunargötunni.

**SKEMMTILEGAST AÐ EYÐA KVÖLDINU?** Á góðum veitingastað með fjölskyldunni og svo afslöppun heima. Þegar maður býr í útlöndum saknar maður allra heima á Íslandi og finnst best að vera bara heima í faðmi fjölskyldunnar.


Verðhrun í tilboðs-horninu!
SPEGLASETT
allt saman
í setti á
6.990.-
nýtt!
LUKTIR
hæð: 60 og 70 cm
4.990,-
nýtt!
ALLT PÁSKASKRAUT
40%
afsláttur
KISUR
frá 2.990.-
FJÓLUBLÁR STÓLL
verð 21.900.-
LEÐURSÓFI
verð 59.900.-
LEÐURSTÓLL
verð 34.900.-
PÚÐAR frá 1.490.-
the PIER
Full búð af nýjum vörum!
Tilboð á ýmsum eldri vörum
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# REYNSLAN BREYTTI MÉR FYRIR

**María Sigrún Hilmarsdóttir hélt til Kambódíu í fyrra til þess að gera heimildarmynd um mansal á börnum. Hún segist aldrei hafa gert neitt jafn erfitt á ævinni en sér ekki eftir áskoruninni.**

*Viðtal:* **Indíana Ása Hreinsdóttir**
*Ljósmyndir:* **Anton Brink**
*Förðun:* **Elín Reynisdóttir**



**Átakanlegt** „Mér tókst að setja upp brynju yfir daginn en á kvöldin, þegar ég var ein og var að reyna að sofna og búa mig undir næsta dag, helltist yfir mig allt sem ég hafði heyrt, séð og skynjað yfir daginn.“

Mér fannst ég strax þurfa að leggja mitt af mörkum og vekja fólk til meðvitundar um hvað þarna er á seyði og fá fleiri til að gera eitthvað í málunum," segir María Sigrún Hilmarsdóttir fréttamaður en hún og Guðmundur Bergkvist myndatökumaður gerðu heimildarmyndina Börn til sölu, sem verður sýnd í Sjónvarpinu á þriðjudaginn. Fyrir tveimur árum hafði Eiríkur Ingvarsson samband við Maríu Sigrúnu en Eiríkur fer fyrir á Íslandi samtökunum ADRA sem eru hjálparsamtök aðventista á heimsvísu. Eiríki leist það vel á framgöngu Maríu Sigrúnar í fréttunum að hann vildi fá hana til að gera mynd um mansal á börnum í Kambódíu. Myndin var fjármögnuð með styrkjum og unnin í sumarleyfinu og er lokaverkefni Maríu Sigrúnar í mastersnámi.

„Ég vissi ekkert um aðventista né hvað væri að gerast í Kambódíu en eftir einn fund með Eiríki ákvað ég að kýla á þetta," segir María Sigrún og bætir við að mansal sé skelfilegt vandamál í Kambódíu þar sem tugþúsundir ungra stúlkna séu seldar í þrælkunarvinnu og kynlífsánauð á ári hverju. María, Beggi og Eiríkur og hópur hjálparstarfsmanna dvöldu í landinu í þrjár vikur síðasta sumar. María segist aldrei hafa gert neitt jafn erfitt á ævi sinni en hún sér ekki eftir að hafa tekið verkefnið að sér. „Fátæktin og eymdin þarna er átakanleg. Og það versta er að margir hafa misst vonina um betra líf. Mér tókst að setja upp brynju yfir daginn en á kvöldin, þegar ég var ein og var að reyna að sofna og undirbúa mig fyrir næsta dag, helltist yfir mig allt sem ég hafði heyrt, séð og skynjað yfir daginn. Og ég réði ekkert við það. Ég varð að vera yfirveguð á daginn á meðan ég var að vinna og taka viðtölin. Ég vildi komast til botns í þessu og skilja af hverju mansal og vændi á sér stað þarna. Og það var ekki hægt að gera vælandi. En á kvöldin brutust tilfinningarnar út og ég grét, gat ekki stöðvað tárin. Ég held að flestir í hópnum hafi átt erfitt eftir hvern einasta dag. Og það er bara mannlegt."

## HEPPIN AÐ BÚA Á ÍSLANDI

María Sigrún kom heim reynslunni ríkari og hún segir dvölina í landinu hafa haft varanleg áhrif á sig. „Þessi lífsreynsla breytti mér fyrir lífstíð. Í dag veit ég enn betur hversu heppin ég er að búa hér á Íslandi og ég skammast mín fyrir að hafa velt mér upp úr hinum og þessum smáatriðum, sem skipta engu máli," segir hún. Hún segist hafa átt erfitt með að einbeita sér að nýjum verkefnum þegar hún kom til Íslands aftur. Hér heima hafi beðið hennar fréttagerð af síversnandi efnahagsástandi og bankahruni en hún hafi verið með allan hugann hjá börnunum í Kambódíu. „Eftir allt það sem ég hafði upplifað fannst mér þetta svo mikið smáatriði. Ég fann að ég var öðruvísi. Eftir að hafa dvalið með fólki sem á svona bágt lærði ég að kippa mér ekki upp við minnstu vandamál heldur vera þakklát fyrir það sem ég hef," segir hún og viðurkennir að hún myndi líklega líta öðrum augum á þau vandamál sem Ísland stendur frammi fyrir í dag ef ekki væri fyrir þessa reynslu. „Ég hef öðlast harðari skráp og hugsa meira um stóru atriðin í lífinu eins og fjölskylduna, þá sem mér þykir vænt um og heilsuna. Ástandið hér er slæmt, en það er ekkert miðað við það sem fólkið í þriðja heiminum er að fást við. Í Kambódíu draga flestir fram lífið á einum dollara á dag."

Í myndinni kafar María Sigrún ofan í sögu Kambódíu. Þjóðin er enn í sárum eftir þjóðarmorðin 1975-79 þegar fjórðungur þjóðarinnar var tekinn af lífi í skipulögðum aftökum Pol Pot og Rauðu Khmeranna. „Allt menntafólk í landinu var drepið. Þeir sem hreyfðu minnstu mótbárum voru drepnir og börnin voru ekki undanskilin. Smám saman er samfélagið að komast aftur á laggirnar eftir þessar hörmungar en innviðirnir eru í molum svo það gerist hægt. Lítil börn eru send út að vinna. Allir verða að vinna svo fjölskyldan fái eitthvað að borða. Heilbrigðis- og menntakerfið eru í skötulíki. En tækifærin eru hins vegar til staðar. Kambódía er frjósamt land og hefur allt til að ná sér á strik aftur og túrisminn er aðeins að byrja þarna," segir María og bætir við að hún ætli aftur til landsins um leið og tækifæri gefst til að starfa á endurhæfingarstöð fyrir stelpur sem sloppið hafa úr ánauð. Spurð hvað hún telji að verði að gerast til að stöðva mansalið segir hún mikilvægast að fólkið skilji að það eigi betra líf skilið. „Menningin og gildismatið er allt öðruvísi en það sem við eigum að venjast. Sú trú að þetta líf sé undirbúningur fyrir það næsta er rík í fórnarlömbunum. Margar af stelpunum sem við ræddum við trúa því að þær muni hafa það betra í næsta lífi ef þær þjást í þessu lífi. Það þarf rosalegt átak til að breyta þessum hugsunarhætti. Það þarf að kenna þeim muninn á réttu og röngu og að lesa og skrifa. Stúlkurnar verða að öðlast von um betra líf og skilja að vændi og mansal eru mannréttindabrot," segir hún og bætir við að margar hjálparstofnanir séu að vinna gott starf í landinu.

## GÆTI HUGSAÐ SÉR AÐ ÆTTLEIÐA

Þegar heim kom tók við vinna við myndina hjá þeim Maríu, Begga myndatökumanni og Gunnari Óskarssyni hljóðhönnuði. Hugur þeirra hefur því dvalið hjá börnunum þar sem þau hafa horft aftur og aftur á viðtölin. „Stundum verð ég ónæm fyrir þessu en reglulega skellur þetta á manni af fullu afli. Ég tek þetta mjög nærri mér. Mér fannst erfiðast að horfa í stóru döpru augun á stelpunum sem höfðu lifað sem kynlífsþrælar og mæðurnar sem grétu börnin sín," segir hún alvarleg og bætir



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography
Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
Opið mánudaga til föstudaga frá 12–19 · helgar frá 13–17 · AÐGANGUR ÓKEYPIS



**Sæt** Börnin í Kambódíu eru afar lagleg með stór og falleg augu.



**Munaðarlaus** María Sigrún upplifði oft þá tilfinningu að vilja taka

# BLÁTT ÁFRAM!

FÖSTUDAGUR 3. APRÍL 2009



ÁVARP

# Mikið hefur áunnist

Apríl er alheimsforvarnamánuður gegn ofbeldi á börnum. Nú er sjónum beint að fjölskyldunni og börnunum. Foreldrum er nauðsynlegt að fá haldgóðar upplýsingar um árangursríkar aðferðir til þess að fræða og vernda börnin sín.

Tímarnir eru svo sannarlega breyttir. Hætturnar leynast þar sem við eigum síst von á þeim. Ekki grunaði okkur systurnar, þegar við hófum þetta forvarnastarf, að fræðslan frá Blátt áfram myndi hafa svona mikil áhrif. Það höfum við fengið að upplifa í gegnum bréf, símtöl og frásagnir foreldra, unglinga og jafnvel barna.



Sigríður Björnsdóttir

Við höfum frétt af því að börn hafa opnað á erfiða reynslu þegar foreldrarnir settust niður með þeim til þess að fræða þau. Unglingar leita sér hjálpar þegar Blátt áfram mætir í lífsleiknitíma. Hinir fullorðnu sem koma og fá fræðslu til að fræða börn og greina ofbeldi opna jafnvel á eigin reynslu sem aldrei hefur verið sagt frá.

Við vitum aldrei hvenær við erum að bjarga lífi með því að opna umræðuna um kynferðislegt ofbeldi. Rannsóknir sýna að slíku ofbeldi er beitt hér á landi í miklum mæli. Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur verður ein af hverjum fimm stúlkum og einn af hverjum tíu drengjum fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir átján ára aldur. Miðað við þær tölur verða 8.342 stúlkur og 4.361 drengir fyrir kynferðislegu ofbeldi í dag.

Hvar eru þessi börn? Eru þau í þínu bæjarfélagi? Eru þau í þinni fjölskyldu? Við þurfum að koma í veg fyrir að fleiri börn verði fyrir kynferðislegu ofbeldi og við gerum það með því að fræða börnin okkar um líkama sinn, mörk og samskipti. Taktu þátt í þessu mikilvæga átaki og vertu Verndari barna. Keyptu bláa borðann og gakktu með hann í apríl.

*Sigríður Björnsdóttir, formaður og annar stofnandi forvarnarverkefnisins Blátt áfram.*




**Bókin Þetta eru mínir einkastaðir, sem gefin er út af samtökunum Blátt áfram, kennir börnum að þau eigi líkama sinn ein.**

# Mínir einkastaðir

Þetta eru mínir einkastaðir er titill bókar eftir Diane Hansen þar sem börnum er kennt að líkaminn sé þeirra einkaeign. Inger Anna Aikman þýddi bókina en samtökin Blátt áfram gáfu hana út í samvinnu við Hagkaup. Hafdís Erla Árnadóttir starfar sem sjálfboðaliði hjá samtökunum Blátt áfram en hún hefur lesið bókina með syni sínum.

„Þessi bók hefur kennt barninu mínu hverjir einkastaðir þess eru. Þegar við lesum bókina og skoðum myndirnar segjum við alltaf saman í lok hverrar síðu: „Þetta eru mínir einkastaðir.“ Strákurinn minn spurði mig af hverju við segðum þetta saman og ég sagði honum að það væri til að festa okkur í minni að við eigum þessa staði og enginn annar.“

Hafdís hóf að lesa bókina fyrir son sinn þegar hann var tæplega fimm ára en segir foreldra eiga ekki að vera feimna við að lesa bókina fyrir börn sín strax á fyrsta árinu. „Fólki finnst það vera að fara of nærri börnunum með þessari umræðu, en í bókinni er ekkert talað um hvað sé hægt að gera við börnin, heldur bara að þau eigi sig sjálf. Textinn er í bundnu máli og börn hafa gaman af vísum. Þegar orðaforðinn eykst og þau skilja betur þá þekkja þau bókina og velja hana úr hillunni til að láta lesa með sér.“ *- rat*

**Útgefandi:** Blátt áfram | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Sigríður Björnsdóttir | **Netfang:** blattafram@blattafram.is | **Texti:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Sólveig Gísladóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir og Vera Einarsdóttir | **Forsíða:** Bernhard Kristinn www.bernhardphotographer.com | **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir, sími: 512 5462.

# Hlutverk Blátt áfram

**Blátt áfram varð til árið 2004 en markmið samtakanna var að hrinda af stað umræðu um kynferðislegt ofbeldi.**



**Svava Björnsdóttir segir það hafa komið sér mest á óvart hversu lítið fólk vissi um fyrirbyggjandi leiðir og hversu alvarlegar afleiðingar ofbeldið hefur í för með sér.**

Blátt áfram varð til á réttum tíma – eins og máltækið segir þegar tíminn er réttur … þá gerast hlutirnir hratt! Tíminn hefur liðið hratt frá upphafi samtakanna 2004 þar til núna fimm árum síðar 2009. Blátt áfram varð til vegna samvinnu og trausts á að aðrir sæju þörfina eins og við systur sáum á sínum tíma. Kynferðislegt ofbeldi á börnum var að gerast á hverjum degi í okkar samfélagi en lítið var gert til að fyrirbyggja ofbeldi. Umræðan var nánast engin. Markviss fræðsla var mjög lítil. En þörfin var mikil. Við vissum ekki hverju við vorum að koma af stað en treystum að leiðin myndi sýna sig um leið og við stigum sporin. Sú varð raunin. Við fundum efni til að koma af stað umræðunni sem ýtti á þörf fyrir fræðslu. Það sem kom okkur mest á óvart var hversu lítið fólk vissi um fyrirbyggjandi leiðir og hversu alvarlegar afleiðingar ofbeldið hefur í för með sér.

Rétta fólkið var á réttum stað til að rétta hjálparhönd. Samfélagið var tilbúið og opið fyrir því að taka sameiginlega ábyrgð á vandanum. Frá upphafi hefur Blátt áfram vandað sig sérstaklega. Við vildum sýna fólki leiðir til að ræða erfiðan málaflokk á uppbyggilegan og jákvæðan hátt. Við höfum lagt okkur fram við að sýna þær mörgu leiðir sem hægt er að fara til að breyta og bæta samhliða því að skoða staðreyndir vandans til að skilja hvers eðlis hann er.

Hluti af okkar fræðslu felst í því að gefa fullorðnum verkfæri til að vera vakandi fyrir merkjum um ofbeldi og hvernig best er að ræða um heilbrigð samskipti við börnin sín til að opna leiðir til að börn geti leitað sér hjálpar ef út af bregður. Við fáum mikið af fyrirspurnum um hvert ber að leita og hvað er hægt að gera. Blátt áfram hefur lagt sig fram við að hvetja samfélagið til þess að treysta fagfólkinu, sem tekur við tilkynningum og býður upp á úrræðin fyrir börnin. Við verðum að treysta því að allir séu af vilja gerðir til að leysa málin á sem farsælastan hátt fyrir börnin. Einnig að fagfólkið hafi þekkingu og reynslu til að geta sem best hjálpað barni sem tilkynnir afbrot.

Síðustu mánuði hefur Blátt áfram staðið frammi fyrir því að tala við unglinga sem enginn segist geta náð til. Reglur um hvernig best sé að ræða málin vegna lagakerfisins eða hugsanlegrar kæru eru settar ofar því að hjálpa einstaklingnum við að takast á við hvað gerst hefur og hvernig best er að fá hjálp. Við vitum hvers vegna reglur eru settar og lagt er upp úr að þeim sé fylgt eftir, en þegar fleiri dæmi sýna að mjög sjaldan eru dómar felldir þar sem ákærði er dæmdur sekur, sést að lögin og reglurnar eru ekki til að hjálpa barninu heldur til að tryggja öryggi þeirra sem að málinu koma. Þegar svona er staðan, Þá er kominn tími til að endurskoða ferlið. Okkur finnst það skipta meira máli að barnið fái hjálp og það sem fyrst, heldur en að það sé beðið með að barnið fái þann stuðning sem það þarf til að takast á við það sem gerst hefur.

*Svava Björnsdóttir, annar stofnenda Blátt áfram.*

# Sameiginleg ábyrgð



**Bókin er myndskreytt af fjögurra ára dóttur höfundarins.**

Hugmyndin að þessu verkefni varð til þegar við systur sem sjálfar höfum lent í kynferðislegu ofbeldi vorum að leita leiða til að fræða fólk um hvaða afleiðingar svona lífsreynsla getur haft á börn. Okkur langaði líka til að reyna að finna leið sem hugsanlega gæti komið í veg fyrir að börn lentu í slíku ofbeldi. Það sem okkur var efst í huga var að nýta okkar erfiðu reynslu til góðs og gera eitthvað sem gæti forðað öðrum börnum frá því að lenda í því sama.

Blátt áfram var stofnað í apríl 2004, þá sem verkefni hjá UMFÍ. Svava Björnsdóttir flutti heim frá Bandaríkjunum til að taka að sér stjórn verkefnisins og gerði það fyrstu tvö árin. Fyrsta árið gaf Blátt áfram út 7 skrefa bæklinginn sem var sendur inn á öll heimili á landinu. Efnið er fengið frá grasrótarsamtökunum www.darkness2light.org. Í kjölfarið fóru fyrirspurnir að berast um meiri fræðslu fyrir kennara og starfsfólk stofnana, unglinga og börn.

Árið 2006 tók Sigríður Björnsdóttir við verkefnastjórn félagsins og var það gert að sjálfstæðum félagasamtökum það ár. Á hverju ári hafa samtökin farið með fræðsluna vítt og breitt um landið og svarað fyrirspurnum um fræðslu og leiðir til að aðstoða foreldra og aðra sem hafa áhyggjur af börnum í sínu umhverfi. Í lok árs 2008 hófst fimm ára átak Blátt áfram sem kallast Verndarar barna. Fræðsluefni fyrir fullorðna sem bera ábyrgð á börnum. Fræðsluefni Blátt áfram, ásamt árlegri ráðstefnu, leikur lykilhlutverk í forvarnaverkefninu að koma fræðslu til fullorðinna.

Við vonum að sá dagur komi að allir taki höndum saman og beri sameiginlega ábyrgð á börnum þessa lands. Því viljum við hvetja fólk til að gera eitthvað raunhæft ef það grunar eitthvað og fyrsta skrefið getur verið að skoða það sem er að finna á síðunni okkar. Það getur tekið á að skipta sér af en við verðum að muna að ekkert barn á að þurfa að ganga í gegnum svona hluti og ekkert barn á heldur að þurfa að bera ábyrgðina á svona verknaði fram á fullorðinsár.

*Svava og Sigríður Björnsdætur*

THE BODY SHOP™

# Draumur í dós!

Við erum hreykin af vinsælu “body butter”-húðnæringarlínunni okkar og það gleður okkur að margir aðrir framleiðendur hafa fylgt í kjölfarið og líkt eftir henni – enda er það til marks um ágæti þessara vörutegunda. En lengi býr að fyrstu gerð og að okkar mati hefur engum tekist að skáka okkur enn!

Hver og ein “body butter”-húðnæring er frábær rakagjafi sem gerir hörundið silkimjúkt. Flestar þeirra eru fyrir venjulega húð en þó eru nokkrar sem ætlaðar eru mjög þurri húð. Hverri og einni slíkri húðnæringu fylgir heil vörulína sem inniheldur m.a. sturtusápu, hörundsskrúbbkrem, sápustykki og – í sumum tilfellum – jafnvel varasalva. Eru þetta allt saman frábærar vörur sem veita manni þann munað að geta dekrað við sjálfa(n) sig á hverjum degi og vissulega eru þetta ennfremur frábærar gjafir sem ættu að gleðja alla.

“Body butter”-vörulína stuðlar ennfremur að bættum lífskjörum ólíkra framleiðenda víðs vegar um heiminn – sem kemur til af því að hver og ein vörutegund inniheldur rakagefandi og nærandi náttúruefni sem við kaupum af fátækum samfélögum. Þannig “sláum við tvær flugur í einu höggi”, þ.e. við fáum áhrifaríkt, náttúrulegt innihaldsefni og um leið tryggjum við fátækum samfélögum bætt kjör og betri framtíð. Sem dæmi um slík samfélög (yfirleitt samyrkjubú) mætti t.d. nefna eitt í Afríkuríkinu Gana (framleiðendur smjörtrésmauks, enska: “shea butter”) og annað á Amasónsvæðum Brasilíu (framleiðendur Brasilíuhnetuolíunnar góðu).

THE BODY SHOP®

**KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI**

**BODY SHOP Á ÍSLANDI STYRKIR**

BLÁTT ÁFRAM!



Karen Linda Eiríksdóttir hjá Stígamótum segir mikilvægt að fleiri raddir veki athygli á kynferðisofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mikilvægt að stuðla að opinni umræðu

„Stígamót eru fyrstu formlegu samtökin á Íslandi sem takast á við það vandamál sem kynferðisofbeldi er, og hafa boðið upp á ráðgjafar- og upplýsingaþjónustu í tæp tuttugu ár,“ segir Karen Linda Eiríksdóttir hjá Stígamótum. Þar er boðið upp á einstaklingsráðgjöf, ráðgjöf fyrir pör og aðstandendur og sjálfshjálparhópa.

„Einnig höfum við boðið upp á fræðslu til framhaldsskóla, félagasamtaka og stofnana en hugmyndafræði Stígamóta er skilgreind sem hjálp til sjálfshjálpar og markast öll starfsemi af þeirri sýn.“

Stígamót voru stofnuð 8. mars árið 1990 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, eftir að íslensk kvennasamtök og félög tileinkuðu daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi árið áður. Starfsemi Stígamóta hefur vaxið jafnt og þétt og segir Karen að meðal annars hafi þjónustan við landsbyggðina verið aukin síðustu ár gegnum verkefnið Stígamót á staðinn. Einnig hafa samtökin lagt aukna áherslu á mansalsmál og eru í samstarfi við sambærileg samtök bæði á erlendum og innlendum vettvangi.

Blátt áfram eru sjálfstæð félagasamtök sem stofnuð voru árið 2004 með það að markmiði að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Karen segir mikilvægt að vekja athygli á kynferðisofbeldi og stuðla að opinni umræðu um þessi mál.

„Við starfskonur Stígamóta glöddumst því mjög þegar Blátt áfram steig fram á sviðið og lagði áherslu á forvarnir enda mikilvægt að fleiri raddir veki athygli á málaflokknum.“ *- rat*


## Börn og umhverfi

Námskeið fyrir ungmenni á 12. aldursári og eldri. Kennsla skiptist á 4 kvöld og fer fram í húsnæði Reykjavíkurdeildar Laugavegi 120. 5. hæð, kl. 17-20.

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti sem varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slysabætur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

**Næstu námskeið:**

Námskeið 1: 29. - 30. apríl og 4. - 5. maí **Fullt**
Námskeið 2: 6. - 7. og 11. - 12. maí **Fullt**
Námskeið 3: 13. - 14. og 18. - 19. maí
Námskeið 4: 20. - 22. og 25. - 26. maí
Námskeið 5: 27. - 28. maí og 1. - 2. júní
Námskeið 6: 3. - 4. og 8. - 9. júní

Námskeiðsgjald er kr. 7500. Innifalið: Námsgögn, hressing og skyndihjálparútbúnaður. Leiðbeinendur eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar. Þátttakendur fá staðfestingarskírteini að námskeiði loknu.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 5450408 og ernal@redcross.is eða á heimasíðu okkar www.raudikrossinn.is/reykjavik

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

vísir.is
„...ég sá það á vísi“


# Höfum háleit markmið

**Forvarnaverkefnið Blátt áfram er fimm ára. Formaður þess, Sigríður Björnsdóttir, er ánægð með þann árangur sem þegar hefur náðst en vill gera enn betur.**

„Apríl er alheimsforvarnamánuður gegn ofbeldi og því vildum við taka þátt með öðrum samtökum í heiminum til að vekja fólk til umhugsunar um ofbeldi og hvernig megi varast það,“ segir Sigríður Björnsdóttir, formaður forvarnaverkefnisins Blátt áfram sem hún stofnaði fyrir fimm árum með systur sinni Svövu. „Á þessum tíma höfum við aflað okkur ágætis þekkingu á þessum málaflokki, við sjáum þörfina á fræðslu og vitum hvert við viljum stefna,“ segir Sigríður.

Á þessum árum hefur henni hins vegar komið á óvart hversu lítil þekking er í raun í samfélaginu á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, sérstaklega í þeim starfsstéttum sem starfa með börnum.

Eitt markmiða samtakanna Blátt áfram er að auka fræðslu fullorðinna og hefur það verið gert með námskeiðum undir yfirheitinu Verndarar barna. „Sem betur fer er fólk opið fyrir því að fræðast en oft á tíðum veldur óttinn við málefnið því að fólk lokar augunum og vill ekkert vita,“ segir Sigríður, sem vill nota jákvæða fræðslu og kenna fólki leiðir til að koma í veg fyrir ofbeldi.



Sigríður Björnsdóttir, formaður Blátt áfram, segir langtímamarkmið sitt að fræða það marga á landinu að hún sjálf verði óþörf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Byrjað var að halda námskeiðin formlega í september í fyrra. Síðan hafa hátt í fjögur hundruð manns sótt þau. „Við höfum það markmið að fræða fimm prósent fullorðinna í hverju bæjarfélagi og höfum þegar náð því markmiði á Vestfjörðum,“ upplýsir Sigríður og heldur áfram. „Við settum okkur háleit markmið sem við héldum í fyrstu að væru of metnaðarfull en áhuginn er meiri en við þorðum að vona og það heldur okkur gangandi,“ segir Sigríður og bætir við að hún hafi heyrt af fólki og unglingum sem hafi fengið fræðslu hjá Blátt áfram og í framhaldinu brugðist rétt við og komið þannig í veg fyrir ofbeldi. „Það er stærsti sigurinn,“ segir Sigríður en bætir við að enginn hægðarleikur sé að halda úti starfi á borð við það sem unnið er á vegum Blátt áfram.

„Við værum ekki búin að vera starfandi í svona langan tíma ef einstaklingar og bæjarfélög hefðu ekki stutt jafn dyggilega við bakið á okkur og raun ber vitni,“ segir Sigríður þakklát.

„Við þurfum þó einnig stöðugt að minna á okkur,“ tekur Sigríður fram en markmið Blátt áfram um þessar mundir er að ná til kennara í skólum í Reykjavík. „Það hefur gengið ágætlega enda þarf oft ekki nema einn áhugasaman kennara til að auka áhuga allra hinna á aukinni fræðslu til kennara, lífsleiknifræðslu fyrir unglingana og brúðuleikhúsi fyrir börnin,“ útskýrir Sigríður.

Næst á dagskrá er að fræða starfsfólk sem vinnur með fötluðum börnum en Blátt áfram fékk styrk frá félagsmálaráðuneytinu til þess. „Þetta ætlum við að gera á öllu landinu en fötluð börn eru í helmingi meiri hættu á að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi,“ segir Sigríður, sem sjálf reynir að afla sér aukinnar fræðslu með því að fara á ráðstefnur erlendis auk þess sem Blátt áfram er í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Þar fylgjast þau með því sem er að gerast í rannsóknum á Íslandi bæði varðandi lýðheilsu og lögfræðilegu hliðina á kynferðislegu ofbeldi.

En hvert er langtímamarkmið Blátt áfram? „Að verða atvinnulaus og óþörf,“ segir Sigríður glettin en sér þó ekki fram á það í nánustu framtíð. „Meðan við sjáum þörfina og fáum styrki til að halda áfram okkar starfi þá gerum við það,“ segir hún og bendir fólki á heimasíðu verkefnisins www.blattafram.is *- sg*






Meðferð barna og unglinga sem sætt hafa kynferðisofbeldi er veigamesti þátturinn í starfi Barnahúss. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Taka könnunarviðtöl og sinna meðferð

Félagasamtökin Blátt áfram vinna að því að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Barnahús tekur við þegar skaðinn er skeður ásamt því að sinna leiðbeiningarskyldu til almennings og barnaverndarnefnda.

„Það má segja að starfsemi Barnahúss sé fjórþætt. Við tökum könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir þegar grunur leikur á kynferðismisnotkun og önnumst skýrslutökur fyrir dómstóla. Í Barnahúsi eru síðan framkvæmdar læknisskoðanir auk þess sem börn og unglingar sem sætt hafa kynferðisofbeldi hljóta meðferð, en það er veigamesti þáttur starfsins,“ segir Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss.

„Við vinnum eingöngu eftir beiðnum frá barnaverndarnefndum og dómstólum en sinnum auk þess leiðbeiningarskyldu til almennings og barnaverndarnefnda. Ef fólk er í vafa eða ef einkenni koma í ljós veitum við upplýsingar og ráðgjöf og hafa starfsmenn Blátt áfram bent fólki á að hafa samband við okkur.“

Barnahús sinnir allri landsbyggðinni og segir Ólöf mikilvægt að öll börn sem sæti kynferðismisnotkun komi í Barnahús til að hljóta sérhæfða þjónustu og meðferð auk þess sem þannig sé hægt að hafa fylgjast með umfangi kynferðisofbeldis. Börn og forráðamenn þeirra geta með tilvísun barnaverndarnefnda fengið alla þjónustu á einum stað þeim að kostnaðarlausu. Barnahús sinnir börnum frá þriggja og hálfs árs aldri, eða yngri ef ástæða er til, til átján ára.

*- ve*

# Rætt um bernskubrekin við börnin á heimilinu

Foreldrar ættu að setjast niður með börnum sínum og segja þeim sögur af sér frá því að þeir voru unglingar.

Allir fullorðnir hafa lent í aðstæðum sem voru ekki góðar; þeir hafa stolið úr búð, brotið rúðu og svo framvegis. Ef ekki, er hægt að búa til slíka sögu. Segðu unglingunum þínum sögu af því að þú hafir lent í vandræðum og hvert þú leitaðir eftir hjálp. Hver hjálpaði þér þegar þú þorðir jafnvel ekki að leita hjálpar hjá foreldrum þínum.

Þegar við segjum unglingunum okkar slíka sögu, þá komast þeir nær okkur og við niður af stallinum sem börn setja foreldra sína oft upp á. Unglingarnir eru jafnvel þegar búnir að lenda í einhverjum aðstæðum þar sem þeir gerðu það sem foreldrarnir voru búnir að banna þeim að gera, rétt eins og við sjálf gerðum á þessu æviskeiði. En þeir gerðu það og geta síðan ekki sagt frá vegna þess að það var búið að banna þeim þetta og þeir vita að foreldrarnir verða fyrir vonbrigðum eða jafnvel reiðir.



Foreldrar ættu að deila með börnum sínum reynslusögum frá unglingsárunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Ef við erum búin að gefa börnunum okkar leyfi og segja þeim að það sé oftast þannig að unglingar lendi í einhverjum vandræðum er líklegra að þau leiti til okkar með vandann. Mikilvægt er að segja þeim að það sé aldrei þeim að kenna ef þau lenda í ofbeldi og geta ekki sagt nei. Unglingar gætu upplifað það síðar að þeir hefðu átt að geta stöðva það og átta sig oft ekki fyrr en þeir eru lentir í aðstæðunum. Hvernig þeir hefðu átt að bregðast við og sitja þá eftir með skömmina yfir því að hafa ekki getað stöðvað það eða sagt nei. Að hafa lent í einhverju og ekki vitað hvert átti að snúa sér til að fá hjálp.

Unglingar eru hugrakkir þegar þeir leita til fullorðinna og það er erfitt því þeir vilja ekki valda foreldrum sínum vonbrigðum.

*Sigríður Björnsdóttir*




AFGREIÐSLUTÍMI SUNDSTAÐA UM PÁSKA

| | Skírdagur 9. apríl | Föstud. langi 10. apríl | Laugardagur 11. apríl | Páskadagur 12. apríl | Annar í Páskum 13. apríl |
|---|---|---|---|---|---|
| ÁRBÆJARLAUG | kl. 10-18 | kl. 10-18 | kl. 08-20.30 | kl. 10-18 | kl. 10-18 |
| BREIÐHOLTSLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 08-20 | Lokað | kl. 10-18 |
| GRAFARVOGSLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 08-20.30 | Lokað | kl. 10-18 |
| KLÉBERGSLAUG | Lokað | Lokað | kl. 11-15 | Lokað | kl. 11-17 |
| LAUGARDALSLAUG | kl. 8-22 | kl. 10-18 | kl. 08-20 | kl. 10-18 | kl. 08-22 |
| SUNDHÖLLIN | kl. 10-18 | Lokað | kl. 8-19 | Lokað | kl. 10-18 |
| VESTURBÆJARLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 08-20 | Lokað | kl. 10-18 |

Laugarnar í Reykjavík

ÍTR Skemmtilegur frítími

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Öðlaðist hugrekki og styrk á námskeiðinu

**Ásta Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Garðaskóla, sótti námskeiðið Verndarar barna á vegum Blátt áfram.**

„Þetta var mjög upplýsandi og merkilegt námskeið og gaf mér góða innsýn inn í þennan málaflokk sem maður þarf virkilega á að halda,“ segir Ásta Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Garðaskóla, um námskeiðið Verndarar barna, á vegum Blátt áfram.

Námskeiðið fjallaði um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvernig ætti að bregðast við því. „Mér þótti þetta mjög þarft fyrir mig í starfi en hafði ekki síður gott af því að hlusta á fyrirlestur Sigríðar Björnsdóttur sem fullorðin manneskja, móðir og þjóðfélagsþegn,“ segir Ásta og telur mikilvægt að fólk sem starfi með börnum sé vel upplýst og frótt um þessi málefni og sé þar af leiðandi óhrætt við að takast á við þau.

„Námskeiðið vakti mig að auki til umhugsunar um hve mikla ábyrgð við fullorðna fólkið berum,“ segir Ásta sem fór út af námskeiðinu með það í huga að hún gæti gert eitthvað sem skipti máli.

Í Garðaskóla hefur börnum í áttunda bekk verið boðið upp á fyrirlestra frá Blátt áfram í svokallaðri Lífsleiknifræðslu síðustu tvö ár. „Við sjáum mikinn árangur af þessum fyrirlestrum og umræðum sem skapast í kjölfarið,“ segir Ásta og telur að með því að ræða um kynferðislegt ofbeldi finni börn sem hafi orðið fyrir því loks að þau séu ekki ein í heiminum og öðlist styrk til að leita eftir hjálp.



Ásta Gunnarsdóttir námsráðgjafi í Garðaskóla lærði margt á námskeiði Blátt áfram, Verndarar barna, sem nýtist henni í starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það sem við þurfum að gera í framhaldi af slíkum námskeiðum er að fylgja þeim eftir með umræðum innan skólans,“ segir Ásta en með fræðslunni hafa fleiri mál komið inn á hennar borð. Ásta telur einnig mikilvægt að hver skóli komi sér upp ákveðnu ferli sem farið sé í þegar slík mál koma upp.

„Eftir námskeiðið finnst mér ég betur í stakk búin til að taka á slíkum málum og ég veit líka hvar ég get leitað eftir aðstoð,“ segir Ásta. Hún horfir jákvæð til þess tíma þegar allt starfsfólk skólans verður búið að fara á námskeiðið Verndarar barna, en stefnan er að halda slíkt námskeið í skólanum í haust. „Þá getum við staðið saman að því að taka á málum,“ segir Ásta og tekur fram að námskeiðið hafi veitt henni hugrekki og styrk. „Maður verður að taka ábyrgð og vera hugrakkur gagnvart kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Það er skylda okkar fullorðnu.“

*-sg*

# Lífið verður dýrmætara

Að hefja fræðslu inni á þínu heimili, í þinni fjölskyldu, í þínu samfélagi verður erfitt í fyrstu, því get ég lofað þér. En ég get lofað þér öðru; að líf þitt verður þér og öllum börnum í kringum þig dýrmætara ef þú tekur þetta eina skref til að vernda börn, sama hvað aðrir segja og segja ekki.

Því fyrr því betra, bæði fyrir þig og fyrir barnið. Eins og þú væntanlega áttar þig á við þessa lesningu snýst fræðsla um kynferðislegt ofbeldi og forvarnir gegn því ekki um að tala um hræðilega hluti, heldur miklu frekar um að mynda tengsl við barnið þitt og fræða það um mikilvægustu hlutina í lífi þess: Að geta sett fólki mörk, fjölskyldumeðlimum jafnt sem ókunnugum. Fræðslan er um líkama þeirra og að þau megi segja nei við alla ef þau eru ekki sátt við það sem þau eru beðin um að segja eða gera.

Það má ekki snerta einkastaði þeirra og þau eiga heldur ekki að snerta einkastaði annarra. Þá er mikilvægt að segja þeim að ef þau lenda í þeim aðstæðum að þora ekki að segja nei eða einhver snertir þau samt sem áður, sé það aldrei þeim að kenna og þau eigi að segja einhverjum sem þau treysta frá því. Leyndarmál sem ekki má segja mömmu og pabba



Erfitt getur verið að hefja fræðslu innan fjölskyldunnar en það er vel þess virði. NORDICPHOTOS/GETTY

frá eru slæm og það ber að segja foreldrum sínum strax frá því eða einhverjum öðrum fullorðnum sem börnin treysta.

Börn eru miklu hugrakkari heldur en við gerum okkur grein fyrir og þeim þykir gott að fá reglur og fara eftir þeim. Svo lengi sem fullorðna fólkið í kringum þau gerir slíkt hið sama og eru þeim góðar fyrirmyndir.

*Sigríður Björnsdóttir*



Harpa Oddbjörnsdóttir hefur ásamt samstarfskonum sínum hjá Sólstöfum Vestfjarða starfað ötullega að forvarnarátaki Blátt áfram með því að halda námskeið víða á Vestfjörðum.

# Nauðsynlegt a

**Sveitarfélög Vestfjarða voru fyrst til að ná því marki að fá fimm prósent fullorðinna á Vestfjörðum til að sitja forvarnanámskeiðið Verndarar barna. Harpa Oddbjörnsdóttir á stóran þátt í þeim árangri.**

„Ég hef setið leiðbeinandanámskeið hjá Blátt áfram en við erum þrjár hjá Sólstöfum sem lærðum að leiða námskeiðið. Að því loknu gerðum við okkur grein fyrir hvað þetta væri í raun mikilvægt tól sem við værum með í höndunum,“ segir Harpa Oddbjörnsdóttir, en hún hefur ásamt samstarfskonum sínum náð því marki að fá rúm fimm prósent fullorðinna á Vestfjörðum til að sitja námskeiðið Verndarar barna sem er hluti af forvarnaátaki Blátt áfram. Voru sveitarfélög á Vestfjörðum fyrst til að ná því marki.

Sólstafir Vestfjarða eru systursamtök Stígamóta en fyrsta verkefni samtakanna var að koma á fót ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur, karla og börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi. „Við byrjuðum á því að vera með einstaklingsviðtöl og fórum með fræðslu í grunnskólana. Svo áttuðum við okkur á því að ekki væri nóg að taka bara við brotaþolum heldur þyrftum við líka að taka þátt í forvarnastarfi og fórum þá í samstarf við Blátt áfram sem berst gegn kynferðisofbeldi gegn börnum. Nauðsynlegt er að taka þessa ábyrgð af börnunum og færa hana yfir á hina fullorðnu því það er okkar að vernda þau,“ útskýrir hún.

Starfskonur Sólstafa Vestfjarða fengu styrki frá sveitarfélögum og fyrirtækjum á Vestfjörðum en einnig frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti og heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti. Átta af tíu sveitarfélögum á Vestfjörðum hafa samþykkt að senda alla sína starfsmenn á námskeiðið Verndarar barna og hafa Sólstafakonur nú þegar farið víða. „Við búum allar á Ísafirði og náðum fimm prósenta markinu í síðasta mánuði þegar við fórum til Hólmavíkur. Markmiðið var að ná um 230 manns á aldursbilinu 18 til 65 ára á Vestfjörðum á námskeiðin og erum við komnar í um 280 manns núna og höldum bara áfram,“ segir Harpa bjartsýn en þeim stöllum tókst að ná fimm prósenta markinu á einungis sex mánuðum. Að sögn Hörpu hafa námskeiðin gengið framar vonum og

# Einfalt fyrir alla að

Rannveig Bjarnadóttir er leikskólastjóri, móðir og systir. Hún sótti nýlega námskeið hjá Blátt áfram um verndun barna og hreifst af því.

„Í samskiptum sínum bæði við félagana og fullorðið fólk þarf barn að þora að segja „nei, ég vil þetta ekki“ þegar það á við,“ segir Rannveig, sem er leikskólastjóri á Gullborg við Rekagranda.

Eftir að hafa sjálf sótt námskeið hjá Blátt áfram vildi hún kynna öllum starfsmönnum sínum efni þess og fékk því systurnar í Blátt áfram til að koma með fræðslu í leikskólann á skipulagsdegi. „Þær eru nefnilega færanlegar og við erum með stóran sal þar sem nóg pláss var fyrir alla,“ lýsir hún.

En hvað fannst henni eftirtektarverðast á námskeiðinu? „Hversu einfalt er fyrir hvern og einn að sinna forvörnum gegn hvers kyns ofbeldi. Það er best gert með því að styrkja sjálfsmynd barna sem er aðalmarkmið leikskólans. En við fengum viðbótarfræðslu um hvernig við eigum að hlusta á börnin í stórum atriðum sem smáum. Sumum finnst kannski gott að láta strjúka á sér handarbakið en öðrum ekki. Svo rýnum við í hegðun þeirra og ef grunur vaknar um misnotkun af einhverju tagi þá leitum við til Barnahúss eða Barnaverndarstofu. Þar tekur annað fagfólk við. Það er frábært að þau þori að segja það og koma tilfinningum sínum á framfæri. Við skoðuðum líka húsnæðið hér því mikilvægt er að hvergi sé hægt að loka að sér.“

Spurð hvort eitthvað hafi breyst í vinnuferli leikskólans eftir námskeiðið svarar Rannveig.

„Við skerptum á ýmsum atriðum



MYND/BÆJARINS BESTA

# ð axla ábyrgð

hafa móttökur verið góðar. „Hvar sem við komum er vel tekið á móti okkur og hafa sveitarfélögin verið mjög jákvæð gagnvart okkur og vilja endilega fá okkur til að fræða alla sína starfsmenn.“

Á námskeiðunum er fólk hvatt til að sýna kjark og þor til að tala um málin almennt í fyrirtækjum, stofnunum og heima við. „Við viljum uppræta þá trú að umræður um kynferðisofbeldi gegn börnum séu eitthvert tabú. Nauðsynlegt er að ræða um hlutina til að koma í veg fyrir þá. Þannig sýnum við gerendum að þeir eru ekki velkomnir í okkar samfélag, við erum að fylgjast með,“ segir Harpa ákveðin. „Efni námskeiðsins er fengið frá Charleston í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum og hefur nýst vel. Í námskeiðinu er innifalin vinnubók sem er mjög gott tæki að grípa til þegar maður er í einhverjum vafa eða vantar upplýsingar. Þar eru spurningar sem svara þarf á námskeiðinu og allir fá sjö skrefa bæklinginn sem námskeiðið byggir á en þar er farið í sjö skref til verndar börnum okkar. Þar leiðbeinum við fólki hvernig það getur greint merki þess að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og hvernig við fullorðna fólkið getum fyrirbyggt að það eigi sér yfirleitt stað, hvaða aðstæður ber að varast og svo framvegis, en líka hvernig skal bregðast við þegar börn leita aðstoðar og segja frá kynferðislegu ofbeldi. Þá má ekki sýna börnum hræðslu og ótta heldur bregðast þannig við að þau styrkist og þori að segja frá.“

Harpa viðurkennir að til að byrja með hafi sér reynst erfitt að koma fram og segja sína sögu sem þolandi. „Það tók gríðarlega á. Ég lét birta mína sögu í bæjarblaðinu hér á Ísafirði og lýsti þar því sem kom fyrir mig. Í raun leið mér eins og ég væri nakin á eftir en við hvert skipti sem ég ræði um þetta styrkist ég og verð ábyrgari og hugrakkari að tala um þessi mál. Ein helsta afleiðing kynferðisofbeldis er skömmin og þegar maður áttar sig á að þetta er ekki manns skömm að bera fylgir því mikil frelsun,“ segir hún einlæg. Eftir námskeiðin hafa komið fram fleiri sem hafa haft svipaða sögu að segja en í kjölfar námskeiðanna hafa einnig skapast jákvæðar umræður til styrktar átakinu. „Í maí verða fleiri leiðbeinandanámskeið hjá Blátt áfram og finna má frekari upplýsingar á vefsíðunum solstafir.is og blattafram.is.“

*- hs*

# sinna forvörnum



**„Sumum börnum finnst gott að láta strjúka á sér handarbakið og öðrum ekki. Þá er frábært að þau þori að segja það,“ segir Rannveig Bjarnadóttir leikskólastjóri á Gullborg við Rekagranda.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

sem við höfum verið að vinna að og höfum aukið fræðslu um líkamann. Eins hefur starfsfólkið verið að lesa bækur um tilfinningar og samskipti. Leikskólar hafa velferð barna að leiðarljósi og fræðsla af þessu tagi gerir starfið enn markvissara.“

*- gun*

# Áríðandi að leita hjálpar

Ráðstefnan Forvarnir er besta leiðin fer fram í Háskóla Reykjavíkur dagana 19. og 20. maí. Tilgangurinn er að bjóða helstu stofnunum og félagasamtökum að taka þátt í því mikilvæga forvarnarverkefni að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.

Á ráðstefnunni verður vakin athygli meðal annars á eftirfarandi: Hafa áföll í æsku áhrif á heilsu síðar meir? Hvernig er best hægt að styðja við einstaklinga sem verða fyrir áfalli? Hvernig getum við fyrirbyggt frekari áföll? Þessum spurningum erum við að leitast við að svara meðal annars á þessari árlegu forvarnarráðstefnu Blátt áfram.

Rannsóknir sýna að ofneysla áfengis, fíkinefna og lyfjaneystu eru oft nátengd kynferðislegri misnotkun og eða öðrum áföllum í æsku. Einnig hafa rannsóknir sýnt að meðal þolenda kynferðislegar misnotkunar í æsku eru mjög miklar líkur á að viðkomandi nái ekki að þroska varnarkerfi heilans með eðlilegum hætti og leiðist út á braut áhættuhegðunar, áfengismisnotkunar og fíkniefna síðar á ævinni. Skilningur á mörgum hliðum vandans og afleiðingum hans hafa því mikið forvarnargildi.



**„Áföll í æsku geta síðar haft alvarlegar afleiðingar í för með sér á bæði líkamlega og andlega heislu. Því þarf að tryggja að öll börn fái öruggt uppeldi. Þá myndum við spara mikla fjármuni í öllu heilbrigðiskerfinu,“ segir Linn Getz, sem flytur erindi á ráðstefnunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hugmyndin með ráðstefnunni er að sýna fram á mikilvægi þess að einstaklingar sem hafa orðið fyrir ofbeldi leiti sér hjálpar og mikilvægi þess að fagfólk sé vel upplýst um hvernig best er að hjálpa hverjum einstakling fyrir sig. Afleiðingar ofbeldis eru að mörgu leiti svipaðar en hvernig einstaklingurinn vinnur úr þessari reynslu er mjög einstaklingsbundið. Margar leiðir er hægt að fara fyrir einstaklinga sem vilja ná bata. Það tekur tíma og þolinmæði, en mikilvægt er að bæði fagfólk og þeir sem hafa orðið fyrir ofbeldi kynni sér vel hvað best hentar hverjum einstakling. Við teljum það hluta af okkar starfi að minna fólk á mikilvægi þess að leita sér hjálpar. Margar breytingar hafa átt sér stað en við eigum ennþá mikið verk fyrir höndum.

Meðal gesta á ráðstefnunni verður David Burton, MSW, Ph.D, sem fjallar um rannsóknir og samanburð á meðferðarúrræðum fyrir unga gerendur. Sá hópur sem fer ört vaxandi í kynferðisbrotum eru ungmenni sem gera sig sek um kynferðislega misnotkun. Þá fjallar Linn Getz læknir um hvaða áhrif áföll í æsku geta haft á heilsuna síðar. Nánar á www.blattafram.is.

*Svava Björnsdóttir*



FORVARNIR ERU BESTA LEIÐIN

Ráðstefna um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum í Háskólanum í Reykjavík dagana 19. og 20. maí 2009

Skráning hefst 1 apríl
www.blattafram.is

Ráðstefnan er öllum opin og fer fram á ensku.

Fundarstjórar eru þær Guðrún Ebba Ólafsdóttir grunnskólakennari og Sigríður Björnsdóttir framkvæmdastjóri Blátt áfram.

Verð 9.500 kr.
og 5.500 kr. fyrir nema og atvinnulausa

Allar helstu upplýsingar er að finna á www.blattafram.is eða hjá Svövu Björnsdóttur svava@blattafram.is

Markmið

Markmið ráðstefnunnar er að skoða allar þær leiðir sem samfélagið getur farið í að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. Þegar forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum eru ræddar eru viðbrögð almennings oft ótti, reiði og afneitun og er það miður. Um leið og lagðar eru fram tillögur um að þessi mál séu rædd, blátt áfram og í dagsljósinu þarf jafnframt að taka ábyrgð á því að vera gott fordæmi fyrir umhverfið. Það er gert með því að vekja athygli á þeim fjölda leiða sem eru færar til þess að fræðast um og fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. Á þessari ráðstefnu verður lögð áhersla á meðferðarúrræði fyrir þolendur og unga gerendur kynferðislegs ofbeldis.

Á ráðstefnunni verður einnig haldið áfram að vekja fólk til umhugsunar um að ofneysla áfengis, fíkniefna og lyfja er oft nátengd kynferðislegri misnotkun og/eða öðrum áföllum í æsku, eins og fjölmargar rannsóknir gefa til kynna.

BLÁTT ÁFRAM!



Valgerður vill örva umræður um tilfinningar barna og hefur gefið út bók sem er gott hjálpartæki til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Virðingin þarf að vera leiðarljósið

Saga litla vaknar kát og glöð en fullorðna fólkið er flest áhyggjufullt, annars hugar og upptekið í dagsins önn. Þetta er efni nýrrar barnabókar sem nefnist Saga um tilfinningar og er eftir Valgerði Ólafsdóttur þróunarsálfræðing.

„Þetta er bók til að lesa fyrir barn en hún er með leiðbeiningum fyrir fullorðna sem vísa frá stelpunni í sögunni að barninu. Skilaboðin til hinna fullorðnu eru þau að hlusta djúpt á það sem bærist innra með barninu hverju sinni. Tilfinningar eru eðlilegur og sjálfsagður hluti af manneskjunni á öllum aldri en okkur hinum eldri er tamt að skera á tilfinningar barna. Um leið erum við að taka eitthvað frá þeim," segir Valgerður.



„Við sjáumst," kallaði Saga og vinkaði til konunnar sem veifaði á móti.

Að hennar sögn þarf fólk ekki að óttast að missa tökin á uppeldinu þótt það beiti mjúkum aðferðum. „Við eigum ekki að láta allt eftir börnum þó að við hlustum á þau. Þar verða að vera skýr mörk. Ef við erum með svangt barn í búð og það heimtar lakkrís þá segjum við við það: „Ég heyri að þig langar í lakkrís en þetta er ekki rétti tíminn." Aðalatriðið er að hafa virðinguna fyrir líðan barnsins að leiðarljósi."

Valgerður segir okkur fullorðna fólkið þurfa að varast að dæma börn út frá okkur sjálfum. „Barnabarn mitt segir stundum: „Ég vil ekki vera hjá þér amma, ég vil vera hjá pabba." Mér dettur ekki í hug að móðgast. Bak við þessi orð er bara einföld og saklaus ósk lítils barns um að vera annars staðar en það er. Galdurinn er að leyfa því að hafa þá ósk því barn á rétt á öllum sínum tilfinningum."

Valgerður er með námskeið í tilfinningaleikni. Fólk getur farið inn á síðuna www.medvitaduppeldi.is til að fræðast betur um þau.

*- gun*



„Það er hollt fyrir börn sem eiga á einhvern hátt erfitt líf heima að komast á æfingu hjá góðum þjálfara sem leiðbeinir þeim og hjálpar," segir Karl. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þjálfarinn er leiðtogi og fyrirmynd barna

**HK er fyrsta íþróttafélag landsins sem skyldar sína þjálfara til að sækja námskeið um verndun barna hjá Blátt áfram og er í framhaldinu að útbúa siðareglur. Karl Sigurðsson er formaður blakdeildar HK.**

„Ástæða þess að ég fór á námskeið um verndun barna var sú að við fengum þjálfara sem beittu andlegu ofbeldi. Út frá því förum við í samvinnu við Blátt áfram," segir Karl, sem alltaf er kallaður Kalli. „Í raun ættu allir sem eiga mikil samskipti við börn að fara á svona námskeið og ekki síst karlmenn því þeir eru oftar gerendur í ofbeldi en konur. Fyrir mann eins og mig, sem aldrei hefur kynnst slíku, var þetta alveg nýtt. Maður fer að horfa á umhverfið öðrum augum, því þessi ofbeldisheimur er ekki vel sýnilegur."

Beðinn um að lýsa aðeins námskeiðinu svarar Kalli: „Fólk byrjar á að fá vinnubók til lestrar og verkefni til að ljúka áður en það mætir á námskeiðið sem stendur í þrjá tíma. Þar er horft á myndband og farið yfir spurningar sem vakna. Ekki segir Kalli námsefnið eingöngu snúast um kynferðislegt ofbeldi, þótt dæmin sem sýnd séu fjalli mest um það. „Ofbeldið á sér margar hliðar og sú andlega er ekki best," tekur hann fram.

Kalli segir HK vera með blakdeild, handboltadeild, fótboltadeild, borðtennisdeild og körfuboltadeild. Það hafi, fyrst allra íþróttafélaga, skyldað þjálfara sína til að mæta á þetta námskeið, bæði til umhugsunar fyrir þá sjálfa og til verndar börnum sem séu í þeirra umsjá. „Þjálfari er fyrirmynd barnanna og leiðtogi og þjálfunin snýst ekki bara um íþróttina því líkamanum fylgir alltaf sál," bendir Kalli á að lokum.

*- gun*


Við þökkum stuðninginn

Prentsmiðjan Oddi ehf

Veisluturninn - veislusalir, fundir og ráðstefnur

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

AO ATLANTSOLÍA

www.blattafram.is


# Fræðslan er alltaf til góða

Mundu eitt, lesandi góður. Ekki halda að þú sért slæmt foreldri ef börnin leita ekki einmitt til þín eftir aðstoð ef þau lenda í vandræðum. Gott er að þau viti að það er alltaf gott að leita sér hjálpar hvar sem hana er að finna og þú átt jafnvel eftir að geta verið til staðar fyrir vini barna þinna. Eins og þú vonar að þeirra foreldrar verði fyrir þín börn. Þess vegna er einnig mikilvægt að opna umræðu um kynferðislegt ofbeldi við allar fjölskyldur í kringum börnin og saman getið þið skipst á skoðunum um hvernig best sé að bregðast við.

Fyrir þau börn í umhverfi þínu sem ekki fá stuðning og fræðslu heima hjá sér þarft þú, kæri lesandi, ef til vill að vera aðilinn sem fræðir barnið. Ef það er yngra barn, gætir þú til dæmis lesið fyrir það barnabókina Mínir einkastaðir, næst þegar það kemur í heimsókn. Barnið fær þá tækifæri til að átta sig á, ef eitthvað skildi vera að brjótast um í kollinum á því, að þetta er ekki eitthvað sem er í lagi. Þá segir það þér jafnvel þarna frá eða seinna.

Ef foreldrar barnsins bregðast illa við, þá varst þú bara að fræða barnið þitt, og barnið þeirra var í heimsókn! Aldrei halda að þú sért að gera eitthvað slæmt eða illt með fræðslu fyrir börnin á heimilinu. Oftast fá börn þessa fræðslu of seint frekar en of snemma.



Mikilvægt er að opna umræðu um kynferðislegt ofbeldi fyrir allar fjölskyldur. NORDICPHOTOS/GETTY

*Sigríður Björnsdóttir*



Gott er að byrja að ræða þessa hluti við börn og halda því áfram.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Umræða er mikilvæg

Andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi er byrði sem ekkert barn á að bera. Ræddu við barnið þitt, byrjaðu þegar það er orðið tveggja ára, um líkamann, hvað líkamshlutarnir og einkastaðirnir heita. Kenndu því að það megi segja nei. Líka við pabba og mömmu, eða alla þá sem vilja snerta það. Ef pabbi eða amma vilja knúsa barnið og barnið segir nei þá virðum við það og getum til dæmis sagt: „Ég ætla ekki að knúsa þig af því að þú sagðir nei“ eða „þú þarft ekki að knúsa ömmu ef þú vilt það ekki“. Þegar við leikum við barnið og það hrópar upp „nei, hættu!“ getum við sagt „ég hætti af því að þú baðst mig um það“. Þannig upplifir barnið að við virðum mörkin sem það setur.

Þegar barnið er komið á leikskólaaldurinn er gott að spyrja það spurninga um líf þess og tilfinningar. Hvernig leið þér í leikskólanum í dag? Gafstu einhverjum knús? Þurftirðu að kyssa einhvern? Hvernig leið þér þá? Ef barnið kyssti einhvern og knúsaði og leið vel með það er það í fínu lagi. Það var vilji barnsins og það fær tækifæri til að segja þér frá því ef þú spyrð. Hafi eitthvað annað gerst sem barnið var leitt yfir og það segir til dæmis: „Já, það kom maður sem vildi að ég kyssti sig og ég sagði nei og vildi það ekki“ þá hrósum við barninu: „Frábært, þú ert hugrakkur að segja mér frá því.“ Barnið hefði eflaust ekki sagt þér frá nema af því að þú spurðir það!

Við ættum aldrei að treysta því að barnið segi frá án þess að fá spurningar. Fullorðna fólkið verður að spyrja réttu spurninganna og gera það oft. Hvar er barnið á daginn, hverja umgengst það? Hefurðu hitt alla vini barnsins þíns og foreldra þeirra? Hefurðu komin inn á þessi heimili þar sem barnið þitt eyðir jafnvel nokkrum klukkutímum í viku?

Með því að fara í heimsókn, kynnast fólkinu og vita hverjir búa á heimilinu, hvort sem það eru unglingar, ættingjar eða aðrir, gefur þú skýr skilaboð um að þú fylgist vel með barninu þínu og þar af leiðandi erfitt að gera því eitthvað. Foreldrarnir vita hver þú ert. Spurðu einnig barnið þitt þegar það kemur heim. Hvernig leið þér á heimilinu? Hvað voru þið að leika ykkur með, hvað fenguð þið að borða, hvaða mynd horfðuð þið á? Komu einhverjir í heimsókn? Voru þið einhvern tímann ein með unglingunum? Voru aðrir en þeir sem búa á heimilinu þarna? Spurðu fjölbreyttra spurninga og öðruvísi spurninga eins og: Gerðist eitthvað skrítið eða gerðist eitthvað sem þér leið illa yfir?

Allar þessar spurningar skipta mjög miklu máli. Þú tengist barninu betur og barnið fær tækifæri til að nefna það sem olli því vanlíðan eða það skildi ekki. Þannig gefur þú því tækifæri til að ræða málin strax.

*Sigríður Björnsdóttir*










LANDSNET

KÓPAVOGSBÆR
www.kopavogur.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is




Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið



Páll segir að ef opnað sé á umræðu um kynferðisofbeldi sé nauðsynlegt að hafa farveg fyrir þau mál sem kunni að koma upp.

# Telur þetta ómetanle

**Páll Ólafsson félagsráðgjafi telur forvarnakynningu frá Blátt áfram hafa nýst vel í starfi.**

„Ómetanlegt er fyrir mig sem barnaverndarstarfsmann að hafa þá þekkingu til staðar sem samtökin Blátt áfram búa yfir,“ segir Páll Ólafsson, félagsráðgjafi á fjölskyldusviði Garðabæjar. „Við höfum farið með forvarnakynningu frá Blátt áfram inn í skóla og hefur það hjálpað okkur við að opna á þessa hluti við mörg börn og er gott tæki í umræðunni um hvað er leyfilegt, hvenær börn mega segja nei, við hverju þau mega bregðast og hver stjórnar þeim. Starfið í Blátt áfram er því ómetanlegt fyrir mig í mínu starfi,“ segir hann ákveðinn.

„Starf Blátt áfram gefur einhvers konar leyfi fyrir því að tala um þessa hluti sem gerir það að verkum að aðrir eiga auðveldara með að opna á það líka þannig að svona umræða breiðist út. Ef til dæmis einn bekkur fer á svona kynningu þá ræða krakkarnir um það sem fram fór og það dreifist um skólann og hefur áhrif á fleiri börn. Þannig að þetta opnar á umræðu og leysir upp feimnina í kringum þetta. Þá heyra börn fullorðið fólk segja frá reynslu sinni, hvað er leyfilegt og hvað ekki og líka hvert þau geta leitað,“ segir Páll.

Í kjölfar þess að fræðslan hefur farið út í skólana hafa komið upp á yfirborðið mál þar sem börn hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. „Þá er alveg á hreinu hvernig bregðast skal við. Öll kynferðisbrotamál gegn börnum fara í Barnahús frá okkur. Þar fer fram skýrslutaka eða könnunarviðtal til að komast að því hvað gerðist þó svo barnið sé kannski búið að opna á þetta í viðtali við mig eða annars staðar. Í Barnahúsi fær barnið alla þjónustu sem völ er á; meðferð að þessu loknu, foreldrar fá stuðning og fleira. Í einstaka málum nýtum við líka Blátt áfram og hefur Sigríður til dæmis komið og rætt við börn



stúlkan á myndinni er módel.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# gt starf

á einstaklingsgrunni," segir hann og á þá til dæmis við börn sem lent hafa í einhverju kynferðislegu þegar þau voru ung, eru búin að fá aðstoð frá Barnahúsi og verða síðan kynþroska og þá getur fyrri reynsla truflað þau.

„Þá er mjög gott að tala við einhverja um þessa hluti eins og til dæmis einhvern frá samtökunum Blátt áfram sem getur gefið þeim þessa leiðréttingu, staðfest að þau beri enga sök og útskýra fyrir þeim hvað er að gerast á mannamáli. Blátt áfram talar nefnilega um þessa hluti á mannamáli sem börn skilja og er það dýrmætt."

*- hs*



**Maraþonið fer fram 18. apríl.**

## Barnamaraþon

Blátt áfram stendur fyrir Verndarar barna-maraþoni í húsnæði sínu að Haukanesi 23, Garðabæ, 18. apríl næstkomandi. Um þrjú námskeið er að ræða. Það fyrsta hefst klukkan 10, næsta klukkan 13 og síðasta klukkan 16. Hvert námskeið tekur um þrjá klukkutíma.

Nauðsynlegt er að skrá sig í maraþonið með því að senda tölvupóst á blattafram@blattafram.is eða hafa samband í síma 893 2929. Þess skal sérstaklega getið að frítt er fyrir foreldra.

# Leikhús sem stuðlar að frekari skilningi

Þegar Blátt áfram fór að leita að efni sem mætti nota í grunnskólum Íslands var bent á The Kids on the Block, eða Krakkarnir í hverfinu. Áhugi vaknaði þegar ljóst varð að þetta efni hefur þegar reynst vel til að fræða börn og unglinga um mál eins og kynferðislegt ofbeldi.

Í leikþætti talast brúður við og taka við spurningum frá börnum um ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi, en brúður sem tala líkt og börn geta oft náð betur til þeirra en fullorðnir og svarað spurningum um hvað er satt og logið þegar málin eru rædd.

Sálfræðingur eða ráðgjafi verður að vera viðstaddur hverja sýningu. Komi barn fram eftir eða í sýningu og lýsir ofbeldi verður að taka rétt á því. Blátt áfram hefur samband við félagsþjónustu í þeim bæ þar sem sýningar fara fram og biður um samstarf og stuðning við sýningarnar.

Annar kostur við efnið er að hér gefst fullorðnum, sem vinna með börnum, kostur á að sjá og læra hvernig börn taka á þessum málum, sérstaklega af hverju þau „kjafta ekki frá".

Með efninu vonast Blátt áfram til þess að stuðla að frekari skilningi barna og unglinga á kynferðislegu ofbeldi. Einnig að fræðslan veiti einhverjum börnum leið til að koma fram og biðja um hjálp. Vitað er um allt að tíu tilkynningar til barnaverndarnefnda í kjölfar sýninga. Efnið er áhrifaríkt og fræðandi.

Rannsókn hefur verið gerð á efninu og niðurstöður sýna að brúðuleikhúsið eykur öryggiskunnáttu barna.

Þess skal getið að Blátt áfram fékk veglega styrki árið 2004 frá Velferðarsjóði íslenskra barna og forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar til þess að koma brúðuleikhúsinu á legg. Án þessa framlags og stuðnings væri leikhúsið draumur einn.

Brúðuleikhúsið hefur farið víða í grunn- og leikskóla landsins. Til að fá sýningu er hægt að fá nánari upplýsingar á vefsíðu félagsins.

*Sigríður Björnsdóttir*



Öll börn eiga rétt á að geta greint á milli
þess hvað má og má ekki gera við líkama þeirra.

Talaðu við barnið þitt og upplýstu það
um staðreyndirnar - **því fyrr því betra**

Barn sem þekkir muninn á réttu og röngu er betur
í stakk búið að neita, segja frá og komast óskaddað frá
óeðlilegum kringumstæðum sem það vill ekki taka þátt í.

**Rjúfðu þögnina og fræddu barnið þitt – það er þín ábyrgð**

BLÁTT ÁFRAM!

**Hvernig tölum við um þetta við börnin? www.blattafram.is / Ef velferð barns er í húfi hringdu í 112**



Ekki búast við að merkin séu augljós hjá barni sem sætir kynferðislegri misnotkun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Verkfæri sem nýtast vel

Auglýsingaherferðir Blátt áfram hafa verið fimm. Árlega höfum við með því að hafa umfjöllun og svokallaðar herferðir í fjölmiðlum verið að opna þessa erfiðu umræðu sem kynferðislegt ofbeldi á börnum er.

Sú fyrsta var um 7 skrefa bæklinginn, leiðarvísi fyrir ábyrgt, fullorðið fólk og hvernig það gæti nýtt sér efnið til að fræðast um ofbeldi. Næstu herferðir tvær voru gerðar af Önnu Margréti Sigurðardóttur (Anton & Bergur) og Bjarneyju R. Hinriksdóttur; sú fyrri árið 2006 þar sem börn voru höfð fyrirmyndir annarra barna til að undirstrika að þau þekki muninn á réttri og rangri hegðun og þori að ræða opinskátt um mörk og líkama sinn. Árið 2007 kom auglýsingin Um fjölskylduna sem sýnir að oftast er gerandinn innan fjölskyldunnar og einhver sem barnið treystir. Árið 2008 fór auglýsingaherferðin Verndarar barna af stað. Þar var unnið með tölur út frá íslenskri rannsókn á hve almennt kynferðislegt ofbeldi er á Íslandi.

Sú síðasta í þessu tölublaði byggist á þremur kjörorðum ætluðum fullorðnum: Vera vakandi, sýna ábyrgð og veita öryggi. Með fræðslu Blátt áfram færðu þessi verkfæri í hendurnar.



**Anna Margrét Sigurðardóttir (Anton & Bergur) hefur unnið að gerð auglýsingaherferða á vegum við Blátt áfram.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Skrefin sjö

**Sjö skref til að koma í veg fyrir, greina og bregðast við kynferðislegri misnotkun á börnum á ábyrgan hátt**

**1. skref** Gerðu þér grein fyrir staðreyndunum og áhættuþáttunum. Staðreyndir – ekki traust – eiga að hafa áhrif á ákvarðanir þínar varðandi barnið þitt.

**2. skref** Fækkaðu tækifærunum. Ef þú kemur í veg fyrir eða fækkar þeim kringumstæðum þar sem barn er eitt með einum fullorðnum dregur þú verulega úr hættunni á að barn þitt verði fyrir kynferðislegri misnotkun.

**3. skref** Talaðu um það. Börn halda oft misnotkuninni leyndri – en hægt er að fá þau til að rjúfa þögnina með því að tala opinskátt um þessi málefni.

**4. skref** Vertu vakandi. Ekki búast við að merkin séu augljós hjá barni sem sætir kynferðislegri misnotkun. Merkin eru oft til staðar en þú þarft að koma auga á þau.

**5. skref** Búðu þér til áætlun. Kynntu þér hvert þú átt að leita, í hvern þú átt að hringja og hvernig þú átt að bregðast við.

**6. skref** Fylgdu grunsemdum eftir. Framtíðarvelferð barns er í húfi.

**7. skref** Gerðu eitthvað í málinu. Leggðu þitt af mörkum með því að bjóða fram krafta þína og veita þeim félögum fjárhagslegan stuðning sem berjast gegn kynferðislegri misnotkun á börnum.

*darkness2light.org*



**Hægt er að afla sér góðra upplýsinga með því að horfa á þættina á ÍNN.**

## Þættir um gott málefni á ÍNN

Blátt áfram er regulega með sjónvarpsþætti á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Hver þáttur er þrjátíu mínútna langur og byggir á þeirri fræðslu sem Blátt áfram hefur staðið fyrir.

Allar nánari upplýsingar um þættina má finna á vefsíðunni www.inntv.is, en þar gefst einnig kostur að horfa á þætti sem þegar hafa verið sýndir á sjónvarpsstöðinni. Umsjónarmaður þáttanna er Sigríður Björnsdóttir, annar stofnenda samtakanna Blátt áfram.




**Íbúfen®**
*– Bólgueyðandi og verkjastillandi*

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lifrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- og nýrnasjúkdóm ætti ekki að nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingaróþægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki mælt með stærri skammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamsþunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Júlí 2004.

actavis
hagur í heilsu

# LÍFSTÍÐ

við að hún muni aldrei gleyma þessu fólki. „Ekki svo lengi sem ég lifi. Það var svo erfitt að sitja með börnin í fanginu og geta ekki gert eitthvað meira fyrir þau. Þetta er mjög fallegt fólk og börnin eru svo sæt. Mig langaði oft að taka þau með mér heim," segir hún og bætir við að eftir þessa reynslu geti hún vel hugsað sér að ættleiða barn. „Ég gæti vel hugsað mér að ættleiða barn en mig langar jafnframt að reyna að verða ólétt og ala barn sjálf. Eins og staðan er í dag er ekki hægt að ættleiða frá Kambódíu. En ef lögunum verður breytt á ég kannski eftir að ættleiða fullt af börnum. Það er göfugt," segir hún og brosir. Ein stelpan í myndinni hafði sérstök áhrif á Maríu en sú heitir Rotha og starfar við götuvændi. „Rotha hefur verið í kynlífsánauð frá tólf ára aldri og vinnur í almenningsgarði fyrir yfirmann sinn sem gefur henni mat og húsaskjól í staðinn. Ég átti erfitt eftir að hafa rætt við hana vegna þess að hún er í þessum ömurlegu aðstæðum enn í dag. Við reyndum að koma henni til hjálpar en þetta er svo flókið. Í rauninni er hún bara þræll."

María Sigrún segist vel geta hugsað sér að gera fleiri heimildarmyndir enda sé hún forvitin að eðlisfari og hafi gaman af áskorunum. „Ég held að það sé hollt og gott fyrir fréttamenn að taka svona áskorunum. Ég vissi allan tímann að þetta yrði erfitt. Myndin er ekkert skemmtiefni og alls ekki fyrir viðkvæma. En maður er í þessu fagi af ástríðu sem gengur út á að komast til botns í veruleikanum og miðla honum áfram. Það var frábært að fá þetta tækifæri til þess. Í fréttunum er maður alltaf að tipla á aðalatriðunum og mér fannst svo gott að geta loksins kafað dýpra ofan í viðfangsefnið og gera hlutunum almennileg skil. Svona heimildarmyndagerð er besta formið til þess. Ég finn ýmislegt á mér og ég held að þetta sé ekki síðasta myndin sem ég geri. En á þessu augnabliki er ég bara fegin að þessari vinnu sé lokið. Myndin er tilbúin til útsendingar og mér líður eins og konu sem er komin fram yfir settan dag. Ég get ekki hugsað um neitt annað en að fæða myndina okkar sem við höfum gengið með í níu mánuði. Ég vona að hún veki fólk til umhugsunar og hvetji fólk til að láta gott af sér leiða. Þá er markmiði mínu náð."



**Götuvændi** Rotha og vinkonur sem starfa við götuvændi.



**Í Kambódíu** María Sigrún með Begga myndatökumanni.



a munaðarlaus börn með sér heim.


# Hreinlega langar ekki í sætindi og er hætt öllu narti



TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR
1-8 APRÍL




**Eftir að ég byrjaði að taka inn TURBO GREENS duftið langar mig hreinlega ekki í sætindi og er hætt öllu narti, sem er ótrúlegt!**

Erna Sigurbjörnsdóttir 57 ára, afgreiðslumaður í sjoppunni í Fjarðarkaupum í Hafnarfirði, var efins um að hún gæti haldið út í starfi sínu í sjoppunni þar sem nammifreistingarnar eru svo yfirþyrmandi. "Ég gat ekki staðist freistinguna og var í tíma og ótíma farin að kaupa mér allskonar nammi til að taka með mér heim og var oft búin að klára það áður en heim var komið. Aukakílóin hlóðust utan á mig og verst var að ég var orðin mjög orku- og framtakslaus og var hætt að gera neitt heima nema það nauðsynlegasta. Þurfti að sofa mikið og var sífellt þreytt. Las í tímariti um eitthvað undraefni sem gæti hjálpað mér að losna út úr þessum vítahring og ákvað í byrjun ágúst 2008 að prófa þetta efni sem heitir TURBO GREENS.

Síðan þá (5 mánuðir) hef ég tekið inn 1 ½ tsk. af TURBO GREENS dufti á hverjum morgni á fastandi maga og hafa orðið ótrúleg umskipti á heilsu minni, orku og líkams-þyngd. Ég er full af orku, labba alltaf í vinnuna sem ég hafði varla ekki orku til áður. Ég nenni öllu núna og kem hress heim eftir vinnudaginn. Ég hef tapað 8 kg. sem er frábær bónus og fyrst og fremst er ég svo miklu glaðari og ánægðari með tilveruna. Eftir að ég byrjaði að taka inn TURBO GREENS langar mig alls ekki í sætindi og er hætt öllu narti sem er ótrúlegt, segir Erna að lokum, kímin."

**Turbo Greens frá Gillian McKeith er fáanlegt í öllum helstu apótekum, heilsubúðum, Hagkaup, Fjarðarkaup, Nóatúni og Krónunni.**

**Turbo Greens er kröftug blanda af lífrænt ræktaðri ofurfæðu: SPÍRULÍNU, BYGGGRASI, HVEITIGRASI, AÐALBLÁBERJUM, EPLAPETÍNI OG SÍTRÓNUBERKI. Sannkölluð orku- og næringarsprengja, auðmeltanleg, glútínlaus, prótein-, steinefna- og vítamínauðug. Þessi blanda er mjög svo blóðsykursjafnandi og er æskilegt að taka inn 1-2 tsk. á morgnana til þess að ná sömu áhrifum og Erna. Í 2 tsk skammti er nægjanleg dagleg þörf að vítamínum og steinefnum. Hrærið duftinu í vatn eða eplasafa, einnig gott að blanda í próteinhristinga.**

www.smidjan.is

# útlit

✻ Ilmandi gott




**LÉTTUR FARÐI SEM ENDIST ALLAN DAGINN** Doublewear Light stay-in-place er léttari útgáfan af söluhæsta fljótandi farða Estée Lauder til þessa. Hann er einstaklega léttur og gefur náttúrulega, örþunna og mjúka áferð með góðum raka án þess að þú glansir. Farðinn endist í allt að fimmtán tíma án þess að dofna eða smitast í föt svo þú getur haldið áhyggjulaus út í daginn.

## Spennandi *sumarilmur*

KVENLEGT LÁTLEYSI

**Femme l'eau fraîche er létt útgáfa af hinum vinsæla Femme-ilmi frá Boss. Ilmurinn er bæði kvenlegur og fíngerður með frísklegum keim með mildum hjartatónum hvítra blóma. Topptónninn er hrífandi, ávaxtakennd blanda tangerínu og sólberja, en grunntóninn mynda kremkenndir tónar viðar og rafs. Femme l'eau fraîche er kjörinn ilmur fyrir hin ýmsu tækifæri og veitir áreynslulausan þokka á komandi sumardögum.**



BLÓMLEGUR VORBOÐI

**Daisy frá Marc Jacobs er sannkallaður vorboði, umvafinn baldursbrám í fallegu glasi. Ilmurinn er bæði ferskur og kvenlegur án þess að vera of fágaður. Hjartatónar fjólu fléttast saman við topptóna villtra jarðarberja og moskus- og vanillu-grunntón. Daisy minnir óneitanlega á sumarið, sólina og lyktina af nýútsprungnum blómum; ilmur sem hentar konum á öllum aldri.**




FERSKT OG SUMARLEGT

**Ocean Lounge er nýi sumarilmurinn frá Escada, bæði ferskur og gripandi. Ilmurinn fangar fullkomlega blæ sumarfrísins þar sem sólin er að setjast við ströndina, drykkirnir flæða og tónlistin dunar. Ocean Lounge samanstendur af ríkulegum topptónum frískandi sumaraldina, miðtónar minna á blóm og grunntónarnir eru frá rafi, tonkabaunum, vanillu og tekki. Ilmur sem klikkar ekki í sólinni í sumar.**




## NÁTTÚRULEGUR SVITALYKTAREYÐIR

Fyrir þá sem er illa við að nota svitalyktareyða sem margir hverjir eru fullir af ilm- og rotvarnarefnum, er kominn lífrænn lyktareyðir frá Origins, sem hentar jafnt konum sem körlum og er vottaður 100 prósent lífrænn af USDA organic. Hann inniheldur meðal annars lífrænt edik sem er þekkt fyrir hreinsandi eiginleika sína, en ilmurinn samanstendur af olíum úr negul, sítrónum, Ylang Ylang, lavender, mandarínu, pathouli, pálmarós og engifer. White Willow Bark og lavender alkóhól vernda hreinleika vörunnar og halda svitalykt í skefjum.






**Góð stemning** Sólveig Johnsen og Heiðdís Rós voru meðal gesta í Norræna húsinu.



**Ný bók kynnt** Charlie Strand kynnti á fyrirlestri sínum meðal annars væntanlega bók sína um íslenska hönnun.

### Charlie Strand hélt fyrirlestur í Norræna húsinu:

# KYNNIR VÆNTANLEGA TÍSKUBÓK

Ég lagði aðaláherslu á unga og upprennandi hönnuði svo sem Eygló, Dead, Munda, Helicopter og Bóas Kristjánsson," segir Charlie Strand ljósmyndari um fyrirlestur sinn í Norræna húsinu í síðustu viku. Rúmlega sextíu manns mættu á fyrirlestur Charlies og hljómsveitirnar Ultra Mega Technobandið Stefán og Sykur spiluðu fyrir gesti kvöldsins, en Charlie gaf út bókina Project: Iceland síðastliðið sumar. Project: Iceland er ljósmyndabók um frumkvöðla í íslensku tónlistar- og menningarlífi. Hann er nú með aðra bók í smíðum sem fjallar um íslenska tísku.

„Í næstu bók fer ég aftur til uppruna míns sem stílista og fjalla um framúrstefnulega hönnun. Ég sýndi þrjár myndir úr nýju bókinni af hönnun Örnu Sigrúnar Haraldsdóttur og tvær fyrirsætur sýndu fatnað hennar. Líkt og Project: Iceland hefur bók sem þessi aldrei verið gerð á Íslandi áður og ég stefni á að gefa hana út fyrir næstu jól," bætir hann við.

*- ag*



**Framúrstefnuleg hönnun** Tvær fyrirsætur sýndu hönnun Örnu Sigrúnar Haraldsdóttur á þriðjudagskvöldið.



**Fróðlegur fyrirlestur** Kristjana Guðbrandsdóttir og Ilmur Dögg Gísladóttir mættu á fyrirlestur Charlie Strand.



**Brosmildar** Ólöf Elín Gunnlaugsdóttir og Unnur Ýrr Helgadóttir voru brosmildar í Norræna húsinu á þriðjudagskvöldið.





Heildsöludagar hjá Kátínu
50% afsláttur af öllum vörum

- 100% náttúrulegar snyrtivörur frá Kama Ayurveda.
- Tilraunafatnaður frá EMAMI og Emamikjólar í 2.flokks gæðum.
- Ekta skartgripir úr silfri og eðalsteinum.
- Sea of Spa, dauðahafsvörur.

Opið verður fyrir almenning frá 12-18 föstudag, laugardag og sunnudag 3-5 apríl að Strandgötu 25 í Hafnarfirði.

KÁTÍNA
HAPPY COMPANY

www.lyfja.is

# CLINIQUE

## BONUS TIME

## Gjöfin þín er í Lyfju!

Ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 3.900 kr eða meira
er þetta gjöfin til þín*




- 7 Day Scrub Cream 30 ml
- Dramatically Different Moisturizing Lotion 30 ml
- All About Eyes 7 ml
- High Impact Maskari
- Full Potential Lips Plum and Shine

*Meðan birgðir endast
Verðgildi er 12.000 kr

CLINIQUE
Ofnæmisprófað.
100% ilmefnalaust.

Ath. Gjöfin fæst í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi, Smáralind, Garðatorgi, Laugarveg, Setbergi, Spöng, Borganes, Egilsstöðum og Höfn.

LYFJA
- Lífið heil

# tíðin

✻ Með sviðsskrekk

**SÆDÝRASAFNIÐ** Þjóðleikhúsið frumsýnir leikritið Sædýrasafnið í Kassanum í kvöld. Verkið var sérstaklega samið fyrir leikhúsið af franska rithöfundinum Marie Darrieussecq og fjallar um tvær fjölskyldur sem neyðast til að dvelja saman við undarlegar aðstæður á sædýrasafni í óskilgreindu landi. Ekki missa af áhrifamiklu leikriti.

**NOKIA ON ICE** tónlistarhátíðin verður haldin í annað sinn í kvöld í Listasafni Reykjavíkur og á Sódómu Reykjavík. Þekktustu hljómsveitir landsins og björtustu vonirnar koma fram á hátíðinni, en þar á meðal eru Bang Gang, Dr. Spock, Jeff Who? Mammút og Sudden Weather Change. EKki missa af glæsilegri tónlistarveislu.



## SVAVA GRÖNFELDT

**Matthildur Magnúsdóttir, lögfræðingur og þula**

„Ég er svolítið hrifnæm og verð því auðveldlega fyrir áhrifum til dæmis ef ég sé eitthvað einstakt í fólki, horfi á góða bíómynd eða fer í leikhús. En tónlistin er líklegast einn sterkasti áhrifavaldurinn í mínu lífi. Ef ég á að nefna fólk þá kemur upp í huga mér rektor Háskólans í Reykjavík, Svafa Grönfeldt. Hún er svakalegur töffari og kallar ekki allt ömmu sína. Hún hélt áhrifamikla ræðu við útskriftina mína síðasta vor er ég útskrifaðist sem lögfræðingur og sú ræða hefur setið í mér síðan. Kraftmikil kona á ferð og telur manni trú um að allt sé hægt, hafi maður næga trú á sjálfum sér.

Mér verður líka oft hugsað til Freyju „fitness-drottningar" vinkonu minnar, hún er fullkomið dæmi um að stundum verður maður að taka áhættu í lífinu og láta sig vaða í hluti sem virðast stundum fjarlægir og óraunverulegir. Ég er nefnilega mikið skipulagsfrík og á stundum erfitt með að láta hjartað ráða, en þá hugsa ég til hennar."



ÁHRIFAvaldurinn

## SÖLVI TRYGGVASON

**Fjölmiðlamaður**

TOPP 10



ÚR FRÁ MICHAEL KORS



JAPANSKUR TEKETILL sem ég keypti í Kyoto í Japan fyrir ári síðan. Ég heillaðist af japanskri menningu og reyni að fara þangað í huganum með því að hella upp á grænt te endrum og sinnum.



IPOD NANO



HNATTLÍKAN. Ég elska að ferðast og finnst gaman að skoða mögulega áfangastaði. Ekki veitir af að fara með hugann burt þó að líkaminn sitji fastur.



HP-FARTÖLVA Hefur reynst mér vel, þó að ég sé hægt og bítandi að tapa baráttunni við almannatengslamaskínu Apple.



SHAKESPEARE-SAFNIÐ Í HEILD SINNI Í EINNI BÓK.



MORANDE SPECIAL EDITION RAUÐVÍN



GRÁTEINÓTT JAKKAFÖT ÚR MOODS OF NORWAY. Ég tók strax ástfóstri við þessi föt, sem mér finnst skemmtilega öðruvísi.



HUGO BOSS SKÓR



ÁLETRAÐIR ERMAHNAPPAR og bindisnæla sem ég fékk í afmælisgjöf frá kærustunni minni. Ég reyni að flagga þessu þegar ég vil vera virkilega fínn.


TILVERAN getur verið streitulaus...

infinite prime



ÁTTU SUMARBÚSTAÐ?

BJÓÐUM UPP Á VÖNDUÐ GSM ÖRYGGISKERFI SEM HENTA VEL ÞAR SEM EKKI ER SÍMALÍNA, T.D. Í SUMARBÚSTÖÐUM

Fullkomin öryggiskerfi með miklum möguleikum og þráðlausum skynjurum. Henta vel fyrir heimili, sumarhús og fyrirtæki og fást í mörgum útfærslum. Uppsetning í boði ef óskað er.



MEÐ ÍSLENSKU TALI OG TEXTA

MEÐAL MÖGULEIKA:

- REYKSKYNJARI
- VATNSSKYNJARI
- HITASKYNJARI
- GASSKYNJARI
- ÖRYGGISHNAPPUR

ÖRYGGI ÁN MÁNAÐARGJALDA

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 • 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT


**Álfrún Helga Örnólfsdóttir og Friðrik Friðriksson leikarar:**

# Leikstýrir kærustunni

Ég sleppi því að leikstýra henni heima. Það er kannski meira að hún stýri mér þar," segir Friðrik Friðrikson brosandi, spurður hvernig samstarf hans og Álfrúnar Helgu Örnólfsdóttur kærustu hans gangi í sýningunni Húmanimal. Friðrik leikstýrir ásamt Friðgeiri Einarssyni, en Álfrún er í hópi leikara og dansara sem fram koma í verkinu sem verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu á morgun. „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við vinnum saman því við höfum leikstýrt hópnum Jelenu og í FB. Svo höfum við líka leikið saman nokkrum sinnum, í Eldað með Elvis, Fame og Bakkynjum," útskýrir Álfrún og segir samstarfið ganga vel.

„Það er mjög gott að vinna með Frikka því hann er bæði ákveðinn og góður að díla við fólk. Þetta var frekar óvenjulegt ferli með Húmanimal því við unnum sýninguna saman sem hópur frá grunni og rannsökuðum dýrið í manninum, kyneðli hans, hvernig við veljum okkur maka og samskiptin við lífsförunautinn. Frikki var fyrst með í sýningunni, en steig svo út úr henni á lokastigi til að geta haft yfirsýn. Við komumst að því að það þarf að hafa einræðisherra þegar maður ætlar að fínpússa hlutina, fullkomið lýðræði gengur ekki upp," bætir hún við og brosir.

Spurð um frekara samstarf segjast þau bæði vona að framhald verði þar á. „Frikki ætlar að taka sér sumarfrí en ég er að fara að leika Patty í Grease. Hún er óþolandi klappstýra sem er formaður skólanefndarinnar svo það verður rosastuð í sumar," segir Álfrún.

- ag



**Gott samstarf** Húmanimal verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu á morgun, en sýningafjöldi verður takmarkaður svo það borgar sig að kaupa miða í tæka tíð.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

## algjört möst



Mineralize Skin Finish frá MAC gefur fallegan laxableikan gljáa í kinnarnar.




Time Zone-kremið frá Estée Lauder minnkar hrukkur svo um munar.



Hello Kitty-augnskuggarnir frá MAC eru í ómótstæðilegum litum.

Glass lips frá Make up store í appelsínugulum lit fyrir sumarið.







Chip Skip frá OPI kemur í veg fyrir að naglalakkið flagni af nöglunum.




# LITAÐU LÍFIÐ

Skarpir, skemmtilegir og eiga afskaplega vel við einmitt núna - það er eiginlega lýsingin á augnskuggaúrvalinu í Bobbi Brights Eye Palette. Hér er að finna 35 fallega liti, sem Bobbi Brown hefur hannað til að gleðja okkur. Þetta er dýrðarinnar litaspjald og þú velur flottasta litinn hverju sinni, allt eftir skapinu þá stundina.

Hittu sérfræðinga Bobbi í Lyf & heilsu Kringlunni og taktu forskot á vorið með ókeypis kennslustund í förðun og persónulegu litakorti.

BOBBI BROWN

Fæst í Lyf & heilsu, Kringlunni

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*



# AUGLÝSENDUR ATHUGIÐ:

**Í EINU** FRÉTTABLAÐI
**NÆRÐU TIL FLEIRI LESENDA**
**EN SAMTALS Í ÖLLUM**
**SJÖ** MORGUNBLÖÐUM **VIKUNNAR.**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




**Allt sem þú þarft...**

* Meðallestur á hvert tölublað Fréttablaðsins: 65,1%. Uppsöfnuð dekkun á 7 tölublöð Morgunblaðsins: 63,6% skv. könnun Capacent nóv. 2008 - jan. 2009, 18-49 ára allt landið.

## KLINGENBERG SPÁIR



### Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikkona

„Jóhanna Vigdís er fædd 26.05.1968. Þversumman af því er 37 og er útkoman 1. Jóhanna er sterkur perónuleiki, drífandi leiðtogi, vandar sig við hlutina og er vinnuþjarkur mikill. Hún hleypir fólki ekki auðveldlega að sér þó svo virðist vera. Hins vegar er hún tryggur vinur og mikill verndari. Ásinn vill hafa hlutina skipulagða í kringum sig og á mjög gott með að láta fólk vinna með sér. Ég get ekki betur séð en að Jóhanna Vigdís sé svona „alt muligt“ kona og ætti létt með að skella sér í hvaða hlutverk sem er, því hún hefur bæði mikla sjálfsstjórn og aga. Þetta eru mikil einkenni tölunnar 1.

Það er oft sjaldgæfara en ella að ásinn fari út í listir því hann vill hafa fasta jörð undir sér, en Jóhanna hefur fimmuna sterkt inni í tölunni sinni þar sem hún er fædd í maí, sem gerir hana bæði orðheppna og fjölskrúðuga. Hún er að fara núna yfir á árstöluna 6 sem gæti átt eftir að breyta lífi hennar heilmikið. Þetta er tala ástarinnar og segir hún sterklega til um hverjir eru vinir manns og hverjir eru það ekki. Oft eru heilmikil uppgjör á þessari tölu, bæði í ást og vináttu. Góð ást blómstrar og dafnar, en erfið ást og ómöguleg slokknar. Allt erfitt sem gerist á þessu ári hefur þann tilgang að manneskjan sjái skýrar hvað er að gerast í kringum hana.

Það verður margt að gerast hjá Jóhönnu á þessu ári og ég get ekki séð að það verði nein kreppa í kringum hana. Hún mun hafa nóg að gera því fólk elskar hana og vill hjálpa henni. Það sem hún leggur af stað með á þessu ári mun ganga vel og blómstra. Því fleiri verkefni, því betra, því aldrei verður hægt að segja um hana Jóhönnu að hún sé löt. Skemmtilegt og áhrifaríkt ár fram undan sem Jóhanna á eftir að standa sig vel á.“

www.klingenberg.is





## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

### Dóra Jóhannsdóttir leikona

1 Vakna hæfilega snemma, alveg útsofin, og sólin skín inn um gluggann.



2 Fer að vinna að einhverju snilldar leiklistarverki með góðu fólki.



3 Skokka Neshringinn, dáist að Esjunni og fer svo í gufuna í Vesturbæjarlauginni.

4 Stend á sviðinu eða sit í salnum á góðri leiksýningu og svo út að borða með kærastanum og fjölskyldunni.



5 Partí með skemmtilegu fólki þar sem er dansað fram á rauða nótt og ég næ að sofa í nokkra klukkutíma áður en ég flýg til útlanda þar sem ég fer í gott frí.




LAGER HREINSUN!
allt að 50% afsláttur
VAXTALAUSIR LAGERHREINSUNARDAGAR!!
30% afsláttur af fjölþjálfum og hlaupabrautum
Allt að 50% afsláttur af handlóðum og lóðaplötum




GAP
WWW.GAP.IS
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 11-15

Allt að 6 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur í boði á þrektækjum

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI



VOLVO XC70 AWD CROSS COUNTRY Árgerð 10/2001. Ekinn 113 þ. Sjálfskiptur, leður. Verð 2.250.000.- TILBOÐ 1.950.000.-



Hyundai Starex 2.5 Diesel 9manna 10/2004 Ekinn 114þús. Sjálfskiptur. Verð 1.890.000.- ATH. Skoða skipti á ódýrari



BMW 320 IA 02/2006 Ekinn 33 þús. Sjálfskiptur, leður. Verð 3.890.000.- Skoðar skipti á 2 bílum.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Bílabankinn



VW PASSAT BASIC LINE. Árgerð 1998, ekinn 180 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 450.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



LEXUS IS350 . Árgerð 4/2006, ekinn 39 þ.km, Sjálfsk leður topplúga rafm í öllu 306 HP. Verð 5.9 Millj Rnr.127613

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is



M-Benz C-200 Kompressor Avantgarde 07/2008 ek 5 þ.km Leður, lúga 17" felgur ofl verð 6.4 mil (Á staðnum)



Audi A4 (NEW) 2.0 L Multitronic 01/2006 ek 45 þ.km verð 2950 (Á staðnum)



Suzuki Grand Vitara 09/2005 ek 68 þ.km sjálfskiptur flottur jepplingur verð 2450 (Á staðnum)



LR Discovery LR3 03/2008 2.7 Diesel ek 16 þ.km Leður ofl verð 6980 (Á staðnum)

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

100 bílar.is bílasala



CHRYSLER VOYAGER DISEL, árg. 5/2006, ek. 45 þús.km, Dísel, sjálfsk, rafmagn, cd, captain stólar afturí, omfl, Verð 2390 þús.kr,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Toyota Yaris T sport. '02. Ek. 98 þús. Filmur í gluggum, 16" bbs. Álfelgur. V. 950 þús. Vetrad.á felgum fylgja. Bíll í toppstandi. Uppl í s 898 4848.



Nissan Almera '00 ek. 150þ. Uppl. í s. 616 2597.



Til sölu toyota yaris árg.'05 ek 71 þ. beinsk 5 dyra álfelgur negld vetrardekk listav 1.120 tilboðverð 930 þús S. 868 2352.



Til sölu MMC Carisma árg. '98 sjsk., rafmagn í rúðum. Ný heilsársdekk. V. 230 þús. S. 893 5517 565 8170.



Til sölu Ford Econoline '85 Gott eintak, sk. '10 ásett verð. 490 þús. Tilboðsv. 390 þús. stgr. S. 896 0755 & 840 6940.



Mitsubishi Lancer STW 4WD '98 ek. 200þ.km. Skoðaður 10/08, Tilboðsverð: 150þ. gsm: 694 5699 eða 821 0959



HONDA ACCORD SEDAN TYPE "S" 2/2006 . 2,4 l. 191 hö. 6 Gíra ek 68 þús km geggjaður bíll í toppstandi ný skoðuð til 2011, ný dekk, 17 t álf , leður , filmur og margt fl. V 2690 áhv 2150 skipti möguleg uppls : 772-9100.



**Góð kaup**
VW Polo 1200 árg. '05, hvítur, ek. 95 þús., beinsk., 5 dyra, sk. '10. Mikið yfirfarinn. Ásett v. 1.200 þús. Fæst fyrir 790 þús. stgr. S. 896 1683.



OPEL ASTRA '96 ek. 155 þ. 5 gíra, sk. '10 verð 150.000 ekkert prútt. S. 861 3790.



Toyota Rav4 '99 2.0 ssk. ek. 180þ. Sk. '10. Ný tímareim og sprautaður. S+v. dekk. V. 420þ. S. 868 4432.

Audi A8 '95 ek. 196 þús. 4,2 vél. DVD. Mjög góður bíll. V. 580 þús. S. 894 3998.

## 0-250 þús.



**Jeppi á 250.000-**
Suzuki Vitara nýskr 11/98 ek 157 þ km 5 gíra 1.6 vél 4x4 rafmagn í rúðum krókur góð dekk skoðaður 2010 mikið endurnýjaður s.s. bremsur,púst ofl verð aðeins 250.000- stgr upplí síma 861-7600

**Impresa - tilboð 195 þ**
Impressa árg. 97 bsk. Hátt og lágt drif. Naglad., sk. 2010. Verð 195þ. S. 866 7347.

**Tilboð Sparibaukur 110 þ.**
Til sölu Nissan Micra 3ja dyra árg. '94. SK. 2010. Ssk., eyðsla 5-6L. S. 891 9847.

## 500-999 þús.



Tilboð 920.000 þús, Ford Explorer sport track góður bíll upplýs: s 8475705 Jón

## 1-2 milljónir



Til sölu Toyota Rav4'02 fjórhj.dr. ekinn 138þ.km sj.sk. skoðaður'09 upp. s:6604603



Lexus GS 300 2002 ek. 215þ.km ný nagladekk leður lúga gott eintak Tillboðsverð 1.259.000. uppl. í s. 848 4490.

## Bílar óskast

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

**Bílar óskast**
Vegna mikillar sölu undanfarið voru að losna nokkur stæði hjá okkur á Höfðabílum. Getum tekið á móti bílnum þínum í söluferli, og/eða Skráðu bílinn á hofdabilar.is

**0-150 STAÐGREITT!!!**
óska eftir bíl ekki eldri en'97 má þarfnast lagfæringa á 0-150 þús skoða allt s. 691 9374

Vantar ódýran bíl, má þarfast viðgerðar, á ca. 30-80 þús. Sími 8966744

Óska e. að kaupa til niðurrifs gamla Toyota Corolla, Hiace og Turbo diesel. Nán.uppl.í s.661 2222

Óska eftir mjög ódýrum jeppa, með hurð aftast. Eða 4x4 pallbíl. Þurfa ekki að vera á nr. Uppl í s 487 7737 eða 847 7737.

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

RIZZO PIZZERIA Óskar eftir stúlkum til síma og afgreiðslustarfa í kvöld og helgarvinnu. aldurstakmark er 18 ára. upplýs. gefur Diddi í s. 840-6670

Óska eftir gömlum skoðuðum bíl á 30-60 þús. T.d. Lada Sport eða smábíll. Skoða öll tilboð, flest kemur til greina. S: 6962902

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Húsbílar

Óska eftir bíl með tveim til þrem svefnplássum. Dísil. verðhugmind.1,5 til 2. m. S. 8653312

## Mótorhjól

Suzuki RMX 250, árg. '99, flott hjól í góðu standi. Glæný dekk fylgja. 200 þús. S. 692 5737.

## Fjórhjól



KYMCO. HJÓLIÐ SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN. GÆÐI Í GEGN OG FRÁBÆRT VERÐ. VDO EHF BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is

## Kerrur



Innanmál: 105x84x32 cm - heildarþyngd 350 kg - burðargeta 277 kg - dekk 8" TILBOÐ: 45.900 Lyfta.is - Njarðarbraut 3 -Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

## Hjólhýsi



Til sölu pólsk hjólhýsi - sem nýtt. Með fortjaldi. Verð 1.200.000. Opnunartími: Mán-fös 13-18, lau og sun lokað. Hobbyhúsið ehf - Dugguvogur 12 - 104 Reykjavík - s. 517-7040 - www. hobbyhusid.is/

Óska eftir hjólhýsi í skiptum fyrir Nissan Terrano Diesel árg. '05. Verðh. 2 milj. Uppl. í s. 892 8371.

## Fellihýsi



Sunlite Skyhawk pallhýsi árgerð 2007 Passar á japanska pallbíla Verð: 1.200.000 Tilboð: 990 þús. Opnunartími: Mán-fös 13-18, lau og sun lokað. Hobbyhúsið ehf - Dugguvogur 12 - 104 Reykjavík - s. 517-7040 - www.hobbyhusid.is

## Bátar



**Hraðfiskibátur óskast**
Óskað er eftir hraðfiskibát á góðu verði, má þarfnast lagfæringa. Einnig er óskað eftir DNG handfærarúllum og á sama stað óskast 400/230 volta rafstöð. Uppl. í síma 843 4904

Óska eftir fiskibát í skiptum fyrir Nissan Terrano Diesel. árg. '05. Verðh. 2 milj. Uppl. í s. 892 8371.

## Bílaþjónusta





Öll aðstaða til viðgerða og þrifa, tökum einnig að okkur viðgerðir.
Opið frá 10-22 alla daga!
Bílaþjónustan
Járnhálsi. S. 568 6969
www.atbilar.is


## Hjólbarðar

4 stk dekk 185/65R15 á flottum álf. á 50þ. 4 stk dekk 175/70R13 á Sunny álf. á 20þ. 4 stk dekk 185/65R14 á Escord felgum á 10 þ. 2 stk dekk 31x10,5 15" á 6 gata álfel. á 20þ. og 2 stk 235/70 15" á 5 gata álfel. á 15þ. 2 stk 235/65 17" á 8þ. 4 stk naglad. 175/65 14" á Yaris felgum á 20þ. 3 stk naglad. 225/60 15" á 5 gata felgum á 15þ. 4 stk 31 x 10,5 15" á 5 gata felgum á 25þ. 4 stk. 185/65 14" á Legacy felgum á 20þ. S. 896 8568.

## Varahlutir

**555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero '00-'05. L200/Izuzu pick up '00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift '00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. '00-'06. Nissan pickup/Almera '00-'06. VW/skoda '00-'05. Mazda/Ford '00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet '05-'06. Citroen C2/C3 '02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284.

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, Escord '98, Sunny 4x4, Sedan Twin Cam árg. '92. Accent árg. '95. Impreza árg. '97. Vinstra framljós á BMW X3, aftari hljóðkútur á Hyundai Tuscon S. 896 8568.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Tek að mér þrif fyrir páska í heimahúsum, leikskólum & fyrirtækjum S. 772 8512.

## Garðyrkja




**HELLUBORG DÓRA**

**Nú er rétti tíminn fyrir garðsnyrtingu ! Alhliða garðumhirða, garðvinna, hellulagnir ofl. Upplýsingar í síma 616 9714 eða helluborg@helluborg.is**

**Halldór Sveinn Ólafsson**

**www.helluborg.is**







Tökum að okkur stærri og smærri verk. Traust og alhliða þjónusta. VALDÍS S. 846 0864 (SLÁTTUR + BEÐAHREINSANIR), HÖRÐUR MÁR S. 897 0951 (ÖLL ÖNNUR VERK). Sláttumenn

Felli tré, klippi, grisja, snyrti runna og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. s. 698 1215.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Trjáklippingar. Nú er rétti tíminn til trjáklippinga. Felli tré og klippi runna. Jónas Freyr Harðarsson, Gróður og Garðar . S. 697 8588.

**Trjáklippingar**
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

**Er öspin til ama?**
Sérhæfum okkur í fellingum og í að fjarlægja allar stærðir og gerðir trjáa. Eyðum líka rótarkerfum. Uppl. í s. 695 1918

## Bókhald

**Bóhaldsþjónusta**
**Hefur þú ekki tíma fyrir bókhaldið? Tek að mér bókhald, afstemmingar og VSK uppgjör fyrir fyrirtæki og einstaklinga með rekstur. Traust þjónusta. Anna - viðurkenndur bókari S. 894 7616.**




**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**FRAMTALSÞJÓNUSTA**
Fyrir einstaklinga, einstaklinga með rekstur og félög. Bókhald, VSK uppgjör. Vönduð vinna - hagstætt verð - mikil reynsla. S. 517-3977. netf: framtal@visir.is

**C.P. Service.**
I Offer all kinds of investigations and detactions, especially in strange cases. Telefone 893 7733.

**Framtal 2009 - Ódýr Þjónusta**
Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og einstaklinga með rekstur. Sæki um viðbótarfrest fram í maí ! Vönduð vinna! Opið um helgar. Framtalsþjónustan s. 533 1533.

**TÓMAS BÓKARI & VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR**
Bókhald - Skattauppgjör - Stofnun Ehf Fyrirtækja. Vönduð þjónusta / Þýsk nákvæmni. S. 659 5031 tomas.bokari@gmail.com

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

Tökum að okkur málingarvinnu og/eða sprunguviðgerðir. Uppl. í s. 770-7401

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Þjónusta




## Húsaviðhald













**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Ryð og lekavarnir á þökum**
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Kristján s. 694 9626.

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir, breytingar og aðra almenna smíðavinnu, utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Faglærður pípari getur bætt við sig verkefnum í pípulögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

## Stífluþjónusta




## Nudd

Good massage. Top service. Tel. 616 7232.

## Spádómar







## Iðnaður

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Rafvirkjun




## Viðgerðir

Bílaverkamaður & vélvirki, gerir allt!Bremsur, tímareim, kúpling, rafmang, lesa bil inní tölvu. 25% afsláttur. S. 821 9567 & 821 3567 - Krummahólar 2 - Sv. 111

## Önnur þjónusta

**Fatabreytingar**
**Alla fatabreytingar, stuttur afgreiðslutími. Opin mánudag- föstudag frá kl 09 - 17.30. laugardaga 10-14. Sími 552 5540. & 861 4380. Skraddarinn á Horninu, Lindargötu 38. Geymið auglýsinguna.**




Málun bílastæða, malbiksviðgerðir, vélsópun, skilti, kantsteinn www.verktakar.com s: 5514000




# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Evrur og dollarar til sölu!**
**Evrur og dollarar til sölu, til afhendingar hérlendis eða erlendis. Uppl. í s. 693 6445.**

Góðar handprjónaðar lopapeysur til sölu. Uppl. í s. 553 5315.

Góðar handprjónaðar lopapeysur til sölu. Uppl. í s. 553 5315.

Þarft þú að selja búslóð, sófasett eða flatskjá, ískáp eða annað? Við seljum þetta fyrir þig Húsgögn & Heimilistæki Skeifunni 9. s 564 3300. Opið frá 13-18.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**

**www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Evrur óskast**
**Óska eftir að kaupa evrur og dollara. Regent Accounts Ltd. Uppl. gefur Sverrir í s. 618 7001.**

**Gull - Gullskartgripir**
**Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.**

Óska eftir að kaupa kartöfluskrælara. Uppl. Í s. 659 3598.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Vélar og verkfæri

Óska eftir að kaupa súluborvél. Uppl. í s. 863 1904.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Timbur, dokar, gips, krossviður o.fl. Upplýs. www.ulfurinn.is og S. 840-7273 Halldór.

Átt þú byggingarefni sem þú villt koma í verð? Vantar kambstál, einangl. 100mm, drenlagnir+brunna, gólfhitalangir og fl. kofinn@visir.is

## Verslun




Við erum einn stærsti söluaðili á kynlífshjálpartækjum, DVD og undirfötum á Íslandi. www.kynlifsbudin.com












## Ýmislegt




Föndurverkfæriíúrvali.Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, detox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. Opið alla páskana. S. 823 8280.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ýmislegt

**Dagslinsur**
**2.490 kr pk. Frequency 1day eru flottar dagslinsur.**
**Optic Reykjavík ehf. Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins S. 552 2002. Linsumátun & sjónmælingar. Láttu aðra vita!**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**SILFURLEIR - SKARTGRIPANÁMSKEIÐ**
Silfurleir skartgripanámsk. 6.-8. apr. Víravirkisskart 14.&16. apr. Silfurkeðjur víkinga 20. apr. Perlufestar 21. apr. HANDVERKSHÚSIÐ Bolholti 4 s:5551212

## Ökukennsla

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Hornleðursófi og Ikea glerborð til sölu. 20 þús. saman. Uppl. í s. 843 9623

Við seljum notuð húsgögn og heimilistæki fyrir þig. Húsgögn & Heimilistæki Skeifunni 9. s 564 3300. Opið frá 13-18.

## Dýrahald



**www.hundaheimur.is**
Gott úrval af hundafötum, hundabælum, búrum og sérvöru fyrir hundinn þinn á betra verði Hundaheimur Mosfellsbæ.

## Ýmislegt







# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Til leigu góð neðri hæð í nýlegu raðhúsi í Torrevieja Evrópuhverfið. Göngufæri í allt, góð sundlaug, útvega akstur til/frá flugvelli, get útvegað fleiri íbúðir í sama húsi. vidirh@isl.is & s. 825 7237, Víðir.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**3 herbergja íbúð til leigu á Bárugötu.**
**Til leigu 90 m2 íbúð á besta stað í 101, getur leigst með húsgögnum. Skammtíma eða langtímaleiga. Verð 120 þús á mánuði**
**Uppl. gefur Margrét í s. 699 1060.**




Vantar eignir á skrá í Kópavogi og Garðabæ, www.LMK.is




Íbúð til leigu í 101. 70fm. Sér inng. Uppþv., íssk., og þurkari fylgja. 90þús. huldahaf@gmail.com

2 herb íbúð á jarðhæð á svæði 109 til leigu. Innif. hiti, rafm., þvottavél, ísskápur. V. 70 þús. S. 899 9066.

Lítil einstaklingsíbúð í Fossvogi til leigu. Laus strax. Uppl. í s. 898 3206.

Til leigu 4ra herb. nýlegt raðhús 114 fm. í Hraunbæ, Reykjavík. S. 898 3420.

Til leigu ný 4 herb. íbúð í Ásakór, laus strax. Uppl. í s. 896 0240.

2.herb íbúð til leigu á sv 116. langtl. kr 65000 innif hiti/rafm. upl. s-8617521

**Íbúð til leigu**
50 fm kjallaraíbúð í miðbæ Kópavogs er laus til leigu. Kjörið fyrir einstakling. Nánari upplýsingar veitir Hrund í síma 825 6303.

Til leigu á sv. 105 2ja herb. íbúð á 2. hæð í blokk. S. 564 4344 & 844 0424.

Til leigu tvö samliggjandi herb.ca 43 fm.Aðgangur að sturtu.Sér inngangur. Verð 60.þús.Uppl.í síma 8686493 eftir kl.18.00

Nýuppgerð 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

Til leigu 85 fm íbúð á jarðhæð við Fjólugötu. 2 svefnh., stofa og eldhús. Verð 110 þ. Uppl. í s. 772 7957.

Herb. til leigu í Hafnaf. 10fm. Aðgangur að wc, eldh., þvottah. S. 695 5153

59fm 2.herb íbúð í rvk 105, leigist með húsg. og intern. júní,júlí, ágúst. S:8497105

Room for rent í Reykjavik 104. Includet WC, kitchen and washing machine. Tel 691 4858.

Til leigu nýlega uppgerð 3 herb 75fm íbúð á neðri hæð í einbýlsihúsi í Hfj. sem er í rólegu hverfi. Laus strax. S. 894 5454 & 840 2844.

2ja herb. íbúð í 101 Rvk. Laus mjög fljótlega. Uppl. í s. 858 9054.

## Húsnæði óskast

Reglusöm og traust hjón ásamt syni í námi, óska eftir vistlegu rað/par/einbýli til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Leigutími frá 15. apríl n.k. í 1-2 ár. Stærð a.m.k. 160m2. Erum með rólegan hund og kött. Hafið samband í 863 6087.

Reglusöm hjón með 3 börn óska eftir 4-6 herb. íbúð í Hólum eða Bergi í Breiðholti frá 1.júní. Greiðslug. 110 þús. Hafið samband í s. 869 8473.

Hjón með eitt barn óska eftir 2ja herb. íbúð til leigu á höfuðborgasv. sem fyrst. Um skammtímaleigu er að ræða. S. 865 2681 & 860 0302.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 160 fm iðnaðarhúsnæði með skrifstofu og eldhúsi (kaffistofu) í Hfj. Góð aðkoma og gott útipláss. Uppl. í s. 863 2548.

**Bolholt 4 til leigu !**
170fm. verslunarhúsnæði á götuhæð í góðu ástandi. Laust strax. Einnig 50-140fm skrifstofuhúsnæði í sama húsi (2 hæð). Uppl í s. 893 8166.

Fákafen 140 fm. skrifstofuhúsnæði. Lyngás Garðabæ 87 fm. iðnaðarbil með innkeyrsludyrum. Tunguháls 530 fm. iðnaðarhúsnæði 2 innkeyrsludyr, lofthæð 4,70 leiguval.is S. 553 9820 & 894 1022.

Gistiheimili/ferðaþjónusta/annar rekstur/ættaróðal Til sölu um 500 fm sérstæð eign í þjóðbraut á fegursta stað á Vestfjörðum. Efri hæð: 3 herbergi (möguleiki fyrir 2 til viðbótar), 80 fm stofa, eldhús, 2 baðherbergi. Neðri hæð um 300 fm að mestu óinnréttuð. Makaskipti möguleg fyrir 4 - 5 herbergja, 20-30 milljóna króna eign á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Verð 21 milljón. Upplýsingar í síma 896 9790.

## Geymsluhúsnæði




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Skemmtanir

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Cafe Catalina
S: 554-2166

# Í kvöld spilar hljómsveitin
# Vanir menn

**Catalina**
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Frítt inn

Hádegismatur alla virka daga
Sérréttaseðill – Smáréttaseðill
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð

Boltinn í beinni!

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**







Iceland Express
skemmtilegri
Idol
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN Í BEINNI
BESTU KVIKMYNDALÖG ALLRA TÍMA
IDOL STJÖRNULEIT Í KVÖLD KL. 20:00
ANNA HLÍN
DONT'T STOP ME NOW / SHAUN OF THE DEAD
900 9001*
MATTI
KISS FROM A ROSE / BATMAN FOREVER
900 9002*
SYLVÍA
OVER THE RAINBOW / WIZARD OF OZ
900 9003*
STEFÁN
KOSIN ÚT 20. MARS
GYLFI ÞÓR
TRY A LITTLE TENDERNESS / THE COMMITMENTS
900 9004*
ÓLÖF
KOSIN ÚT 20. MARS
LÍSA
MAMMA MIA / MAMMA MIA!
900 9005*
ÁRNI
YOU KNOW MY NAME / CASINO ROYALE - JAMES BOND
900 9006*
FRÁBÆRT PÁSKATILBOÐ!
5.990 KR.
VISA
HRAFNA
THE SOUND OF SILENCE / THE GRADUATE
900 9007*
ALEXANDRA
WHAT A FEELING / FLASHDANCE
900 9008*
GEORG ALEXANDER
KOSIN ÚT 27. MARS
* HÆGT ER AÐ SENDA SMS EÐA HRINGJA Í NÚMERIÐ. HVERT ATKVÆÐI KOSTAR 99 KR.
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nautaveisla
1298
NV NAUTASNITSEL 1298 kr./kg.
Ali
Hamborgar hryggur
1398
ALI HAMBORGARHRYGGUR 1398 kr./kg.
Nautaveisla
1298
NV NAUTAGÚLLAS 1298 kr./kg.
798
KF HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 798 kr./kg.
KS
1079
KS LAMBLÆRI FROSIÐ 1079 kr./kg
1359
KS LAMBLÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1359
KS LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.
898
FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.
769
NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK
Roð & beinlaus
MERKT VERÐ 1098 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
769 kr./kg.
20% MORE
THICK RICH
Hunt's
HONEY MUSTARD
189
HUNTS BBQ SÓSA
189 kr.
398
GRILLBORGARAR
4 stk með brauði 398 kr.
259
298
298
HOLLT & GOTT
VEISLUSALAT 100gr 298 kr.
KLETTASALAT 75 gr 298 kr.
GARÐSALAT 200 gr 259 kr.
12 BÓNUS 12
GRENIR + VANILLU
24
PINNAR
498
BÓNUS ÍSPINNAKASSI
24 stk 498 kr.
20 ÁRA
BÓNUS
LÆGSTA VERÐIÐ Í 20 ÁR
459
PEPSI & PEPSI MAX
4 x 2 ltr. 459 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
1798
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1798 kr./kg.
598
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 598 kr./kg.
498
KJÖRFUGL KJÚKLINGUR
ferskur heill 498 kr./kg.
1498
KJÖRFUGL KJÚKLINGABRINGUR
ferskar 1498 kr./kg.
Egils
Páskaöl
og appelsín
95
EGILS PÁSKAMALTI
95 kr.
598
GERÐU
ÞINN
EIGINN
HEILSU-
DRYKK
Veet
798
VEET HÁREYÐINGARSTRIMLAR
20 stk 3 tegl 798 kr.
DIRA
359
DIRA BERJABLANDA FROSIN 1 KG 598 kr.
DIRA MAGNOBITAR FROSNIR 450G 359 kr.
ES JARÐARBER FROSIN 1 KG 459 kr.
WELLA
SHOCK WAVES
398
WELLA HÁRGEL 150 gr 398
Boozt-glös
398
Gleðilega páska
1kg
Súkkulaði ís 2
BÓNUS
459
BOOZT GLÖS
10 stk
með loki og röri
398 kr.
259
BÓNUS ÍS 2 LITRAR 259 kr.
1798
BÓNUS
RISAPÁSKAEGG
1 kg 1798 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Skúli Magnússon**

flugstjóri, Strikinu 4, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 31. mars. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 14. apríl kl. 13.00.

**Jean Magnússon**
**Díana E. Skúladóttir** **Louis Hoogedeure**
**Margrét L. Skúladóttir** **Einar Einarsson**
**Skúli K. Skúlason** **Sigurlaug S. Einarsdóttir**
**Stefán M. Skúlason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur og bróðir,*

**Ólafur Jósef Sigurjónsson,**

Hraunbæ 174, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut miðvikudaginn 1. apríl. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 8. apríl kl. 11.00.

**Jessica Sigurjónsson**
**Jósef Natan Ólafsson**
**Hjördís Sigurðardóttir**
**Björgvin Konráðsson** **Sigurbjörg Árnadóttir**
**Jónína Konráðsdóttir** **Gunnar Gunnarsson**
**Konný B. Leifsdóttir** **Grétar Einarsson**
**Hinrik Sigurjónsdóttir**
**Friðrik Sigurjónsson** **Þuríður Gunnarsdóttir.**



*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jónfríðar Gunnarsdóttur,**

Sóltúni 2, áður til heimilis að Ferjubakka 4.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir góða umönnun og alúðlegt viðmót.

**Ólöf Björg Einarsdóttir** **Grétar Hartmannsson**
**Gunnur Inga Einarsdóttir**
**Helgi Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Skjóldal**

bifreiðastjóri, Helgamagrastræti 6, Akureyri,

lést á Kristnesspítala miðvikudaginn 1. apríl.

**Kristín S. Ragnarsdóttir** **Jakob Jóhannesson**
**Ragnar S. Ragnarsson** **Inga Úlfsdóttir**
**barnabörn og langafastrákarnir.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Steindórsdóttir**

Vatnskoti 2, Þykkvabæ,

sem lést miðvikudaginn 25. mars, verður jarðsungin frá Þykkvabæjarkirkju, laugardaginn 4. apríl, klukkan 14.00. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á orgelsjóð Þykkvabæjarkirkju.

**Gunnar Guðmundsson,**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

**MARLON BRANDO LEIKARI VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1924.**

*„Ekki setja samasemmerki á milli upphæðarinnar á launaseðlinum þínum og hæfileika þinna.“*

***Marlon Brando var bandarískur og meðal stórstjarna tuttugustu aldar í leiklist, og var margfaldur Óskarsverðlaunahafi.***



**ÞETTA GERÐIST:** 3. APRÍL 1948

# Marshall-aðstoðin veitt



Harry S. Truman Bandaríkjaforseti skrifaði undir Marshall-aðstoðina þennan dag árið 1948. Hún var sett á laggirnar til að styrkja stríðshrjáðar þjóðir í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina og styðja og efla efnahagslegan uppgang í löndum álfunnar. Aðstoðin var skipulögð af bandaríska utanríkisráðuneytinu og átti meðal annars að vera liður í að auka samvinnu milli Evrópu og Bandaríkjanna. Hugmyndasmiðurinn var þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, George Marshall, sem sjóðurinn var kenndur við en miklar deilur sköpuðust um tilganginn þótt hann virtist göfugur.

Alls þáðu sextán þjóðir boð Bandaríkjanna um aðstoð, þar á meðal Íslendingar sem högnuðust einna mest á henni ef miðað er við höfðatölu því uppbyggingin á Íslandi eftir seinni heimsstyrjöldina var Marshall-aðstoðinni að miklu leyti að þakka. Hún tryggði að hjól atvinnulífsins fóru að snúast, innflutningur og útflutningur hófst að nýju eftir stríðið og líf fólks fór í fastar skorður.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



**RAGNA RÓBERTSDÓTTIR** myndlistarkona er sextíu og fjögurra ára í dag.



**EIRÍKUR GUÐNASON,** fyrrverandi seðlabankastjóri, er sextíu og fjögurra ára í dag.



*Ástkær sambýlismaður minn, sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Sigurbjörn Ófeigur Hallgrímsson**

húsasmíðameistari, Hólagötu 9 Vestmannaeyjum,

lést föstudaginn 27. mars sl. á gjörgæsludeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum þann 7. apríl nk. kl. 13.00.

**Hafdís Óskarsdóttir**
**Hallgrímur Óskarsson** **Sólrún Sigurbjörnsdóttir**
**Óðinn Þór Hallgrímsson** **Helga Sigurðardóttir**
**Fanney Ósk Hallgrímsdóttir** **Guðbjörn Guðmundsson**
**Ægir Óskar Hallgrímsson** **Berglind Magnúsdóttir**
**og systkinabörn.**



*Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Inga Sævars Oddssonar**

Asparási 1, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við göngudeild hjartabilunar og hjartadeild 14G á Landspítalanum við Hringbraut.

**Þuríður Antonsdóttir**
**Hrafnhildur Ingadóttir** **Barði Ágústsson**
**Oddur Ingason**
**Gunnar Ingason** **Svanhildur Kristinsdóttir**
**Ómar Ingason** **Aníta Berglind Einarsdóttir**
**og barnabörn.**



*Hjartans þakkir til allra sem sýndu samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gísla Óskarssonar**

vélstjóra, Sóleyjargötu 3, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja fyrir einstakan kærleika og hlýju í veikindum hans. Guð blessi ykkur öll.

**Kristín Haraldsdóttir**
**Guðný Svava Gísladóttir** **Sigurður Einarsson**
**Sigrún Olga Gísladóttir**
**Styrmir Gíslason** **Hólmfríður Ása Sigurpálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**HEIMIR GUÐJÓNSSON ÞJÁLFARI HJÁ FH** Hefur nóg að gera og er sáttur við lífið og tilveruna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HEIMIR GUÐJÓNSON:** FERTUGUR Í DAG

# Tel mig vera ungan í anda

„Ég ætla ekki að segja að ég sé spenntur fyrir þessu en málið snýst um að vera ungur í anda og ég tel mig vera það,“ segir Heimir Guðjónsson, þjálfari meistaradeildarliðs FH í knattspyrnu, glaðlega þegar hann er spurður hvernig fertugsafmælið fari í hann. Hann er í Kaplakrika þegar viðtalið fer fram, strákarnir streyma að enda æfing að hefjast og í dag eru hlaup og lyftingar á dagskrá. „Það verður að reyna að koma þessum mönnum í form fyrir sumarið,“ segir Heimir ákveðinn en er samt beðinn að skauta létt yfir æviferilinn til þessa, í tilefni af tímamótunum.

„Mínar æskustöðvar eru í Vesturbænum. Ég gekk í Melaskóla og Hagaskóla, byrjaði svo ungur að æfa fótbolta með KR og á ekkert nema góðar minningar frá því.“

-Þykir ekki toppurinn að vera Vesturbæingur og KR-ingur?

„Það var það að minnsta kosti þá, hvernig sem það er núna. Ýmsir gefa sig út fyrir að vera Vesturbæingar en færri vita að Vesturbærinn er í raun bara innan ramma Hofsvallagötunnar, Suðurgötunnar, Hringbrautarinnar og Ægisíðunnar.“ Þegar hann sér að blaðamaður verður efins á svipinn bætir hann við hlæjandi: „Það er þannig í mínum huga, sjáðu til, svo geta aðrir haft einhverjar meiningar um það.“

-Var sem sagt rígur milli hverfa í Vesturbænum?

„Já, já, mikill rígur. Þar voru haldin hverfamót í fótbolta þótt innan KR væri.“

-Varstu snemma góður?

„Það verða aðrir að dæma um en ég fór í gegnum yngri flokkana í KR með góðum árgangi. Þar voru góðir leikmenn eins og Rúnar Kristinsson, Þormóður Egilsson, Hilmar Björnsson og fleiri og við vorum með mjög sigursælt lið í gegnum yngri flokkana.“

-Þú hefur samt leitað á önnur mið?

„Já, ég spilaði uppi á Skaga ´98 og ´99 þegar Logi Ólafsson var með ÍA og kom með honum til FH árið 2000. Ég sé ekki eftir því í dag. Þá var FH í næstefstu deild en hefur verið í uppsveiflu síðan. Ég var fyrirliði þegar FH varð Íslandsmeistari 2004 og varð svo aðstoðarþjálfari hjá Óla Jóhanns og tók við liðinu þegar hann fór til landsliðsins. Ég tók við góðu búi og það gekk vel hjá okkur í fyrra þegar FH varð Íslandsmeistari á dramatískan hátt í lokaumferðinni.“

-Fótboltinn hefur sem sagt alltaf verið þínar ær og kýr.

„Hann hefur verið stærsta áhugamálið fyrir utan fjölskylduna. Konan mín er Áróra Hrönn Skúladóttir, kennari við Salaskóla, og við eigum samanlagt fjóra stráka. Auðvitað leggur maður rækt við að ala börnin sín vel upp og reyna að búa til góða einstaklinga. Við erum komin með innanhússlið og það er jákvætt!“

-Ætlarðu að halda upp á daginn?

„Nei, ég hef ekki tíma þessa stundina. Það er aldrei að vita nema maður haldi einhverja veislu þegar nær dregur sumri en ég ætla ekki að vera með miklar yfirlýsingar um það, að minnsta kosti ekki í blöðunum!“

gun@frettabladid.is

# Fermingargjafir
# á frábæru verði

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum

**United 19" LCD með DVD spilara** TVD8819
- 19" 16:10 LCD skjár
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Innbyggður DVD spilari
- Textavarp
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Sjálfvirk stöðvaleit
- Scart, Video, S-Video & VGA tengi
- Fjarstýring
- 12v kapall fylgir

**49.990kr**
GOTT VERÐ





**Philips hárblásari** HP4981
- 2000w hárblásari
- 6 hita- og hraðastillingar
- 1,8m kapall

**5.990kr**
GOTT VERÐ



**Toshiba DVD spilari** SD186
- Progressive Scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Dolby Digital og DTS
- Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
- Digital Coaxial tengi
- Fjarstýring

**11.990kr**
GOTT VERÐ




**Scholl naglasnyrtisett**
DR1335BE1
- 7 Fylgihlutir
- Hleðslurafhlöður
- Taska fylgir

**4.490kr**
GOTT VERÐ




**JVC hljómtækjasamstæða**
- Míkrósamstæða með 10w RMS magnara
- Geislaspilari með MP3/WMA • Spilar CD-R/RW
- RDS útvarp með 32 stöðvaminnum
- Klukka og tímastillir
- Heyrnartólstengi • Fjarstýring

**27.990kr**
GOTT VERÐ

**Philips MP3** SA2820
- Lítill MP3 spilari frá Philips
- 2GB minni (~500 lög)
- Spilar MP3/WAV/WMA
- ID3 merkjastuðningur
- USB 2,0
- Diktafónn, innbygður míkrafónn
- Lithium rafhlaða með 20 klukkustunda endingu

**9.990kr**
GOTT VERÐ







**Nikon myndavél** S220BLEIK
- 10 MegaPixla upplausn
- 2,5 tommu LCD-skjár
- NIKKOR aðdráttarlinsa (jafngildir 35 mm [135] filmusniði: 35–105 mm.)
- 4x vörn fyrir óskýrleika
- 3x Optical Zoom og 7x Digital Zoom
- Rafræn titringsjöfnun (VR)
- Hátt ISO-ljósnæmi (allt að 2000)
- Hreyfiskynjun
- Besta mynd valin (BSS), blikkprófun & brosstilling
- Háþróuð AF-andlitsstilling með lagfæringu á rauðum augum
- D-lýsing skilar góðum myndum með því að lagfæra skugga
- Upptaka hreyfimynda með hljóði
- Litur: Bleikur
- Íslenskur leiðarvísir fylgir

**24.990kr**
GOTT VERÐ




**Olympus myndavél** FE45
- 10.7 MegaPixlar
- 3x Optical Zoom (36-108mm samb. 35mm)
- 1/2.33" CCD upptökuflaga
- Stór og skýr 2.5" TFT skjár
- Advanced Face Detection - Andlitsþekkjari
- Digital Image Stabilisation - Hristivörn
- Hreyfimyndataka með hljóði
- 12 stöðluð Scene modes
- Sjálfvirkt flass
- Red Eye Reduction - Fjarlægir rauð augu
- ISO: 100-16000
- Tekur xD og microSD kort

**16.990kr**
Verð áður 19.990.-

Gildir til 8. apríl eða á meðan birgðir endast.

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



**Helgarblaðið:**

Líf okkar breyttist á einni nóttu. Palestínskir flóttamenn á Akranesi segja frá skelfilegri reynslu sinni.

Eftirminnilegustu fermingargjafir þekktra Íslendinga.



**Heimili og hönnun:**

Einstök listsköpun. Leirkerasmiðurinn Steinunn Helgadóttir sótt heim.



**Matur:**

Sælkeraveisla. Heimagerð páskaegg, hollusturéttir og annað góðgæti.

Allt sem þú þarft





# Goss-et, drekk og ver glaðr



NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

Það er að vísu nokkuð langt síðan ég las bókina *Lífssaga Ragga Bjarna söngvara og spaugara* eftir Eðvarð Ingólfsson sem gefin var út af Æskunni árið 1992, en skemmtilegasti hluti ritsins er mér enn í fersku minni.

Þannig var að stórsöngvarinn Raggi var staddur í sumarfríi í Disneyworld í Flórída snemma á níunda áratugnum. Þar sem hann sat við bar og dreypti á göróttum drykk settist við hlið hans maður, dökkur á hörund, sem Ragga þótti kunnuglegur mjög. Söngvarinn spurði manninn hvaðan hann kannaðist við hann, en kunnuglegi maðurinn gaf lítið út á það. Raggi gekk á hann og spurði hvort hann væri ekki örugglega þekktur körfuknattleiksmaður. Við þetta fór sá kunnuglegi að hlæja, og upp úr kafinu kom að Raggi sat við hlið Louis Gossett Jr., leikarans góðkunna. Leikarinn og söngvarinn (og spaugarinn) spjölluðu saman dágóða stund og kvöddust svo.



Um það bil tveimur árum síðar var Raggi einu sinni sem oftar að skemmta á Hótel Sögu. Að settinu loknu heyrðist kallað dimmri röddu innan úr myrkvuðum salnum „Raggie!“ Var þá ekki kominn sjálfur Louis, sem var staddur hér á landi við tökur á kvikmyndinni *Enemy Mine*. Urðu vitanlega fagnaðarfundir hjá þessum tveimur merku listamönnum.

Geir Haarde fékk Franek Rozwadowski, gamlan skólabróður sinn úr Brandeis-háskólanum, til að taka að sér stöðu fulltrúa AGS á Íslandi og Egill Helgason reddaði okkur bjargvættinum Evu Joly. Væri ekki margt vitlausara en að fá Ragga Bjarna til að hóa í Louis Gossett Jr. til að bjarga málunum? Pabbi hans, Louis Gossett Sr., gæti kannski fylgt með í kaupbæti.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




SÝND Í 3D Í VÖLDUM KVIKMYNDAHÚSUM
með íslensku og ensku tali
FRUMSÝND 3. APRÍL
SJÁÐU MYNDINA • SPILAÐU LEIKINN!
MONSTERS VS ALIENS
PlayStation 2
MONSTERS VS ALIENS
BÍÓMIÐI
KOMINN Í ELKO!
SENDU SMS EST GFV Á NÚMERIÐ 1900
- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA EÐA TÖLVULEIK!
FULLT AF AUKAVINNINGUM!
IPOD VÖGGUR, INNISKÓR MEÐ LJÓSI, HOPPUBLÖÐRUR,
TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, GOS OG MARGT FLEIRA!
ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is
SAMFILM
SMÁRABÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!
199 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

**kl. 20**
*Þriðja þverfaglega stefnumótið á Opið – til eru hræ, sem haldin er í Kling og bang á Hverfisgötu, verður í kvöld. Sýningin er vinnuaðsetur þeirra Evu Signýjar Berger, Katrínar I. Jónsdóttur, Rakelar McMahon og Unu Bjarkar Sigurðardóttur. Markmiðið er að opna vettvang fyrir skapandi einstaklinga svo þeir fái tækifæri til að deila verkum sínum með öðrum. Þátttaka er öllum opin, bara að mæta með verkin sín á DVD-disk, því áherslan er á á vídeólistamenn. Vídeóið byrjar að rúlla kl. 20 og er aðgangur ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Keðjan er lifandi

Neðan úr kössunum standa tveir grannir fætur og höfuð. Lára Stefánsdóttir, dansari og danshöfundur, er að vinna að verki ásamt ungum dönsurum sem lítur ekki dagsins ljós fyrr en í sumar. Þá verður verkið lagt saman við verk frá fimm öðrum Norðurlöndum á fertugustu listdanshátíðinni í Kupio, sem er virtasta og stærsta danshátíð á Norðurlöndum.



**LISTDANS** Stelpurnar úr Listdansskólanum læfa verk sitt og Láru fyrir förina til Finnlands í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hlutur Láru og krakkanna er partur af svokölluðu Keðjuverkefni.

Keðja er verkefni sem ætlað er að styrkja stöðu dansins gagnvart öðrum listgreinum og þáttum menningarlífsins í Norður-Evrópu (Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Litháen).

Að baki þessum markmiðum liggur sú von að í gegnum Keðju verði til sterkt tengslanet sem verði gert kleift að vaxa og dafna og ná til fleiri landa í Norður-Evrópu.

Verkefnið Keðja hófst í nóvember 2007 og því lýkur í desember 2010. Það nýtur stuðnings Evrópusambandsins og norrænna sjóða og er stærsta verkefni sinnar tegundar í dansheiminum á þessu svæði.

Sex stórir viðburðir munu verða haldnir í fimm borgum Norðurlanda auk Vilníus á þrem árum. Hver viðburður hefur sitt eigið tema og í öllum tilvikum er markmiðið að styrkja stöðu dansins gagnvart öðrum listgreinum eða þáttum menningarlífsins í Norður-Evrópu.

Til að líta til með Láru kom hingað í vikunni yfirhöfundur verksins, Isto Turpeinen. Hann hefur ferðast á milli Norðurlandanna og unnið með hverjum hópi og endaði hér.

Krakkarnir héðan slást í hóp nær fimmtíu ungra dansara í sumar. Dagskráin á hátíðinni er gríðarlega metnaðarfull: þangað koma mörg stór nöfn sem spanna danssöguna síðustu fjörutíu ár. Meðal þeirra má nefna Íslandsvinina Mats Ek sem ól hluta af æsku sinni hér og Jirí Kylián frá Nederlands Dans Theatre.

Verkið sem slegið verður saman úr atriðum frá löndunum sex kallast Corridor. Og það er ekki það eina sem dansararnir ungu munu njóta: í tengslum við sýningar Keðjunnar verður málþing þar sem 150 atvinnumenn víða að úr heiminum koma saman og deila ráðum sínum og reynslu í dansmenningu fyrir unga listamenn.

pbb@frettabladid.is

# Mannskepnan og klæðin

**Annað kvöld verður frumsýnd leik- og danssýning í Hafnarfjarðarleikhúsinu sem Álfrún Helga Örnólfsdóttir og Friðrik Friðriksson standa fyrir. Sýninguna kalla þau Húmanimal.**



**LEIKLIST** Hópurinn á sviði í Húmanimal. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verkefnið hlaut styrk frá leiklistarráði og er nú komið á svið fyrir sameiginlegt átak.

Er maðurinn skepna? Í Húmanimal er á ögrandi hátt tekist á við dýrskraftinn innra með manninum og leyndardómar kyneðlisins rannsakaðir. Húmanimal er sýning sem er að springa úr dýrslegum frumkrafti, kynlífi og bælingu. Svo segir í kynningartexta verksins sem gefur aðeins til kynna á hvaða slóðir hópurinn hefur leitað við efnisleit.

Ég og vinir mínir kallar hópurinn sig sem stendur að sýningunni. Í honum eru leikarar, dansarar, tónlistarmaður og hönnuður. Í rannsóknum sínum á hvötum mannsins, samböndum og ástinni hafa þau komist að kynlegum niðurstöðum um manndýrið, líkamann og ekki síst föt. Leikendur eru þau Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Friðgeir Einarsson, Jörundur Ragnarsson, Margrét Bjarnadóttir og Saga Sigurðardóttir.

Tónlist er í höndum Gísla Galdurs Þorgeirssonar en leikmynd og búninga sér Rósa Hrund Kristjánsdóttir um. Umsjón með sviðshreyfingum annast Margrét Bjarnadóttir og Saga Sigurðardóttir, en leikstjórar verkefnisins eru þeir Friðrik Friðriksson og Friðgeir Einarsson.

Húmanimal mun deila sviðinu í Hafnarfjarðarleikhúsinu fram eftir vori með Dubbeldusch.

pbb@frettabladid.is

# Litla ljóðahátíðin á Akureyri

Áhugamenn um viðgang ljóðsins efna til hátíðarhalda á Akureyri nú um helgina þar sem ljóðið verður í fyrirrúmi. Hátíðina kalla þeir Litlu ljóðahátíðina og er stefnt að því að hún verði árlegur viðburður nyrðra. Hún fer fram í húsnæði Populus Tremula í Gilinu.



**BÓKMENNTIR** Ingunn Snædal les ljóð sín í kvöld.



**BÓKMENNTIR** Þorsteinn frá Hamri kemur fram á morgun og les ljóð sín.

Á Litlu ljóðahátíðinni er ljóðið í fyrirrúmi og lagt upp með að bjóða í hvert sinn upp á fjölbreytt efni. Á dagskránni verða tvö ljóðakvöld. Á hátíðinni lesa nokkur af fremstu ljóðskáldum samtímans upp úr verkum sínum. Að auki verður boðið upp á fyrirlestra um ljóðlist laugardaginn 4. apríl.

Markmiðið er að gefa heilsteypta mynd af íslenskri ljóðlist ár hvert, og bjóða upp á spennandi viðburði fyrir unnendur ljóðsins. Markmiðið með hátíðinni er að festa í sessi árlegan bókmenntaviðburð á Norðurlandi, utan hefðbundins kynningartíma bókmenntanna. Að auki er það markmið með hátíðinni að bjóða upp á sérstaka menningartengda dagskrá yfir vetrarmánuðina á Akureyri. Það eru þeir Gunnar Már Gunnarsson, Atli Hafþórsson og Hjálmar Stefán Brynjólfsson sem standa fyrir hátíðinni, en þeir eru allir áhugamenn um ljóðlist og menningarstarf á Akureyri.

Á Litlu ljóðahátíðinni verður lögð áhersla á að kynna ljóðskáld úr öllum aldurshópum, af helstu skáldakynslóðum til að gefa þverskurð af ljóðlist á Íslandi síðustu áratugi. Sérstök áhersla er lögð á að fá ljóðskáld af öllu landinu á hátíðina, en ekki eingöngu rithöfunda af norðaausturhorninu.

Í kvöld kl. 21 flytur Eiríkur Örn Norðdahl vídeóljóðagjörning, og þau Ingunn Snædal, Jón Laxdal og Þórarinn Eldjárn flytja ljóð sín.

Á morgun kl. 14 verður málþing um ljóðlist í Populus Tremula: Kristján Kristjánsson útgefandi ræðir um útgáfa ljóða á 21. öldinni og Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur flytur erindið Ljóðlist 2.0-2.1 (frá upphafningu til upphafs and back again). Annað kvöld kl. 21 safnast menn aftur saman í Populus Tremula og þá flytja ljóð sín þeir Aðalsteinn Svanur Sigfússon, Gyrðir Elíasson, Magnús Sigurðsson og Þorsteinn frá Hamri.

Ókeypis er á alla viðburðina og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

pbb@frettabladid.is


# Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 6. apríl, kl. 18.15
í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Jóhannes S. Kjarval



Þorvaldur Skúlason

Verkin verða sýnd:
föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–17
sunnudag kl.12–17, mánudag kl. 10–17

Einnig er hægt að skoða uppboðsskrána á www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Páskaleikur
AÐAVINNINGUR!
PANASONIC TÖKUVÉL!
NV - GS80
ELKO
SMS LEIKUR
ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ
ELKO PLV Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR MEÐ SMS
ELKO A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900.
Geggjaðir aukavinningar!
Nóa Síríus Páskaegg · PSP tölva
Bíómiðar á Dragonball (Frumsýnd 8. apríl)
Kippur af Malt og Appelsín blöndu!
Gjafabréf á Tónlist.is
...en meira af DVD, geislaplötum, tölvuleikjum, Pepsi o.fl!
10. HVER VINNUR!
NÓI SÍRÍUS
Egils
*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum. Þú færð 5.mín til að svara spurningu. Leik lýkur 13. apríl kl 23:59 2009.
99 kr/skeytið. Vinningar eru afhentir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.







ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 4/4 kl. 14:00 U | Lau 25/4 kl. 17:00 U | Lau 16/5 kl. 14:00 U |
| Lau 4/4 kl. 14:00 U | Sun 26/4 kl. 14:00 U | Lau 16/5 kl. 17:00 U |
| Sun 5/4 kl. 17:00 U | Sun 26/4 kl. 17:00 U | Sun 17/5 kl. 14:00 U |
| Sun 5/4 kl. 17:00 U | Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. U | Sun 17/5 kl. 17:00 U |
| Lau 18/4 kl. 14:00 U | Sun 3/5 kl. 14:00 U | Sun 24/5 kl. 14:00 U |
| Lau 18/4 kl. 17:00 U | Sun 3/5 kl. 17:00 U | Þri 26/5 kl. 18:00 U |
| Sun 19/4 kl. 14:00 U | Þri 5/5 kl. 18:00 U | Mið 27/5 kl. 18:00 U |
| Sun 19/4 kl. 17:00 U | Sun 10/5 kl. 14:00 U | Fös 29/5 kl. 18:00 U |
| Lau 25/4 kl. 14:00 U | Sun 10/5 kl. 17:00 U | Lau 30/5 kl. 14:00 U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 15/4 kl. 20:00 Ö | Fös 8/5 kl. 20:00 Ö | |
| Fim 23/4 kl. 20:00 Ö | Lau 9/5 kl. 20:00 Ö | |
| Lau 2/5 kl. 20:00 Ö | Fös 15/5 kl. 20:00 Ö | |

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn. Ö | Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn. | Fös 24/4 kl. 20:00 síðasta sýn. |
| Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. U | Þri 21/4 kl. 20:00 U | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

Sædýrasafnið (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3/4 kl. 21:00 Ö | Lau 18/4 kl. 21:00 | |
| Sun 5/4 kl. 21:00 Ö | Fös 24/4 kl. 21:00 | |
| Fös 17/4 kl. 21:00 U | Lau 25/4 kl. 21:00 | |

Ath. snarpt sýningatímabil

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 18/4 kl. 13:00 Ö | Lau 25/4 kl. 14:30 Ö | Lau 9/5 kl. 13:00 |
| Lau 18/4 kl. 14:30 Ö | Lau 2/5 kl. 13:00 | Lau 9/5 kl. 14:30 |
| Lau 25/4 kl. 13:00 Ö | Lau 2/5 kl. 14:30 | |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3/4 kl. 21:00 Ö | Fim 16/4 kl. 21:00 | |
| Lau 4/4 kl. 21:00 | Fös 17/4 kl. 21:00 | |

Miðaverð aðeins 2.000 kr.



**LEIKLIST** Sýningum á Milljarðamærinni lýkur í apríl. Sigrún Edda og Unnur Ösp í hlutverkum sínum.
MYND/GRÍMUR BJARNASON/LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

# Síðustu forvöð að sjá sýningar

Leikhúsaðsókn hefur verið afar góð á sviðsetningar í leikhúsum landsins á þessum vetri. Í þessum mánuði hverfa nokkrar vinsælar sviðsetningar af fjölunum til viðbótar þeim sem eru að baki. Uppselt er á 27 sýningar á Kardemommubænum í Þjóðleikhúsi fram til 6. júní og hinn 8. maí kemur á fjalir Borgarleikhússins fjölskyldusýningin Söngvaseiður og er þegar uppselt á nær þrjátíu sýningar. Bæði þessi verk verða á fjölum stóru leikhúsanna þar til sumarleyfi hefjast ef að líkum lætur.

Fló á skinni hefur verið sýnd yfir 140 sinnum og lýkur sýningum á þessu vinsæla gamanverki í apríl. Fjórar sýningar eru eftir. Er þetta í þriðja sinn sem Leikfélagið sýnir þennan vinsæla farsa. Tveir úr einleikjaröð Leikfélagsins hverfa af sviðinu í þessum mánuði, Óska og bleikklædda konan og Ég heiti Rachel Corrie, en sýningum verður haldið áfram á Sannleika Péturs Jóhanns og í maí og júní verða ekki færri en fjórar frumsýningar í Borgarleikhúsinu: einleikurinn Djúpið eftir Jón Atla Jónasson með Ingvari E. Sigurðssyni, en verkið er nú á leikför um Skotland í enskri sviðsetningu; Ökutímar sem leikið var norður á Akureyri fyrir ári og Magnús Geir kom með hingað suður í farteskinu og Harry og Heimir sem frumsýnt verður hinn 17. apríl á nýja sviði. Það eru þeir Spaugstofudrengir, Örn Árnason, Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson sem endurvekja sitt gamla grín af Bylgjunni. Og svo Söngvaseiður.

Af fjölum Borgarleikhúss víkja líka Milljarðamærin sem verður leikin fjórum sinnum til í þessum mánuði og Þú ert hér, nýfrumsýnt ádeiluverk Mindgroup um hugarfarsástand í miðju hruni.

Fimm sýningar eru auglýstar í apríl á Þrettándakvöldi í Þjóðleikhúsinu, en áfram heldur þar sýningum á Sædýrasafninu, Eternum og Skoppu og Skrýtlu.

Fyrir norðan eru Fúlar á móti í fullum gangi og í Hafnarfirði er góð aðsókn að Dubbeldusch Björns Hlyns Haraldssonar.

Í Borgarnesi fer að styttast í sýningum á Mr. Skallagrímsson sem Benedikt Erlingsson hefur brátt leikið 200 sinnum, en þar heldur áfram sýningum á Brák.

Ekki er ljóst hvað verður í boði í leikhúsum í sumar, utan að Við borgum ekki verður á fjölum Borgarleikhússins og Grease birtist áhugasömum í þriðja sinn í Lofkastalanum. Leikhúsfólk getur ekki kvartað yfir aðsókn enda er það einkenni á krepputímum að aðsókn að leiksýningum er góð.

pbb@frettabladid.is



**LEIKLIST** Benedikt Erlingsson heldur áfram að leika Mr. Skallagrímsson til loka maí en þegar er mikið selt á þær sýningar sem komnar eru á dagskrá og því eins gott að tryggja sér miða.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 03. apríl 2009**

### Tónleikar

**21.00 Leo Gillespie** og Þorleifur leika blús á Sjávarbarnum við **Grandagarð 9.**



**23.00** Bjartmar Guðlaugsson, Ingi og Siggi Lauf verða á **Dillon** Sportbar við Trönuhraun 10 í Hafnarfirðinum.

### Sýningar

Í Listasafni Reykjanesbæjar í **Duushúsum** við Duusgötu hefur verið opnuð sýning á verkum Huldu Vilhjálmsdóttur. Sýningin er opin virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-17.

### Síðustu forvöð

Sýningu **Susan Hiller** í 101 Projects við Hverfisgötu 18a, lýkur á sunnudaginn. Opið kl. 14-17.

Sýningu sex nemenda við **LHÍ** og tveggja nemenda frá Listaháskólanum Valand í Skaftfelli, miðstöð myndlistar við Austurveg á Seyðisfirði, lýkur á sunnudaginn. Opið: fös.-sun. kl. 13-20.

### Hönnun og tíska

Norræni tískutvíæringurinn í Norræna húsinu við Sturlugötu 19.3-5.4. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á **www.nordice.is**

**16.00** Hljómsveitin **Skakkamanage** spilar.

### Trommuhringur

**17.00 Ingvi Rafn Ingvason** stjórnar trommuhring í Te og kaffi í Eymundssonversluninni við Hafnarstræti á Akureyri þar sem gestum og gangangi býðst að taka þátt.

### Uppistand

**21.00 Gísli Einarsson** og Rögnvaldur Gáfaði verða með uppistand á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri.



### Ópera

**20.00 Tónlistarskólinn í Reykjavík** sýnir tvær óperur í Íslensku óperunni við **Ingólfsstræti**. Byrjað verður á fyrstu óperu Rossinis, La cambiale di matrimoni, en eftir hlé verður frumflutt verkið **Gilitrutt** eftir Þórunni Guðmundsdóttur.

### Ljósmyndasýningar

Opnuð hefur verið sýning á ljósmyndum **Keiko Kurita** í Skotinu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu 15, 6. hæð. Opið virka daga kl. 12-19 og um helgar 13-17. **Aðgangur er ókeypis.**

Í **Gerðarsafni** við Hamraborg í Kópavogi stendur yfir sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands auk þess sem opnuð hefur verið sýning ljósmyndarans **Jim Smart**. Opið alla daga nema mán. kl. 11-17.

### Heilsa

**12.00** Forvarnaverkefnið **Hjartsláttur** sem Ungliðadeild **SLFÍ** stendur fyrir verður formlega sett af stað í **Ráðhúsi Reykjavíkur**. Þar verður boðið upp á fríar blóðþrýstings- og blóðsykurmælingar milli kl. 12 og 14.



### Dansleikir

**POPS** spila á Bítlaballi á **Kringlukránni**, Kringlunni.

**Papar** verða á 800 Bar við Eyrarveg á Selfossi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


SPARISJÓÐURINN Í KEFLAVÍK OG VÍKING KYNNA MEÐ STOLTI
AUKATÓNLEIKAR KL. 16:00
MINNINGARTÓNLEIKAR
Rúnar Júlíusson
2. MAÍ Í LAUGARDALSHÖLL
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00!
ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI • BJARTMAR GUÐLAUGSSON • BJÖRGVIN HALLDÓRSSON • BUFF • DEEP JIMI AND THE ZEP CREAMS
EIRÍKUR HAUKSSON • HJALTALÍN • MEÐLIMIR HLJÓMA • JÓHANN HELGASON • KARLAKÓR KEFLAVÍKUR • KRUMMI • KK
LIFUN • PÁLL ÓSKAR • UNUN & HELGI BJÖRNS • SÁLIN HANS JÓNS MÍNS • SHADY OWENS • STUÐMENN • MEÐLIMIR TRÚBROTS
TÓNLISTARSTJÓRI: ÞÓRIR BALDURSSON • SVIÐSSETNING & HANDRIT: BJÖRN G. BJÖRNSSON
SÉRSTAKIR GESTIR:
BALDUR & JÚLÍUS SYNIR RÚNARS • MARÍA BALDURSDÓTTIR • BARNABÖRN RÚNARS
Öll sala af síðu Rúnars á Tónlist.is
rennur í Minningarsjóð Rúnars Júlíussonar
Sértilboð í verslunum Skífunnar
á geislaplötum þeirra sem koma fram
SPARISJÓÐURINN
Sparisjóðurinn í Keflavík
VÍKING
BYLGJAN 989
Miðasala á midi.is
og á sölustöðum Miða.is
GEIMSTEINN & bravó!

**> SJÚK Í SKYNDIBITA**

**Emily Blunt** segist vera sjúk í ostborgara. Í viðtali við bandaríska dagblaðið USA Today segist leikkonan nú vera í heilsuátaki, en eiga í mesta basli með að halda sig frá borgurunum. Emily, sem er 26 ára, lék nýlega í myndinni Sunshine Cleaning ásamt Amy Adams, en segist fyrst hafa kynnst frægðinni eftir leik sinni í The Devil Wears Prada. „Þegar starfsmaður í Pottery Barn-verslun greip skrækjandi í höndina á mér áttaði ég mig á að hlutirnir hefðu breyst,“ segir Emily.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Spila fyrir norðan

Tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink spilar á tvennum tónleikum norðan heiða um helgina ásamt píanóleikaranum Pálma Sigurhjartarsyni. Í kvöld verða þeir á Kaffi Amor á Akureyri og á laugardagskvöld spila þeir á Mælifelli á Sauðárkróki. Síðustu tónleikar þeirra voru á Hverfisbarnum á fimmtudagskvöld og myndaðist þar fín stemning eins og svo oft áður.

Sigurjón hefur mestmegnis spilað á Reykjavíkursvæðinu í gegnum árin en núna er landsbyggðin að koma sterk inn. „Þetta hefur færst svolítið í aukana núna. Margir staðir hugsa þetta svona frekar en að hafa stór bönd og þarna myndast þessi akkústíska stemning,“ segir hann. „Við lesum salinn og tökum við óskalögum og reynum að búa til eins mikla stemningu og hægt er.“ Fyrsta sólóplata Sigurjóns er síðan væntanleg eftir mánuð með lögum eftir hann og Guðmund Jónsson úr Sálinni. **- fb**



**SIGURJÓN BRINK** Tónlistarmaðurin snjalli spilar norðan heiða um helgina.

# Leiðarljósið slokknar

**Sápuóperan Guiding Light, eða Leiðarljós, hættir göngu sinni hjá bandarísku sjónvarpsstöðinni CBS í haust vegna dvínandi áhorfs. Leiðarljós, sem hefur verið sýnt í Ríkissjónvarpinu, hefur verið lengst allra sápuópera í loftinu, eða í 72 ár samfleytt, og því er um mikil tímamót að ræða.**

**Á farsælum ferli sínum hafa þættirnir unnið 69 Emmy-verðlaun og jafnframt komist í Heimsmetabók Guinness fyrir seiglu sína. Þegar þeir ljúka göngu sinni 18. september munu rúmlega 15.700 þættir hafa farið í loftið.**








**SPILA Í LISTASAFNINU Í KVÖLD** Barði Jóhannsson ásamt Hrafni Thoroddsen í tónleikaferðinni í fyrra. Þeir félagar verða í sviðsljósinu í Listasafni Reykjavíkur í kvöld.






# Barði hitar upp fyrir Cannes

**Hljómsveitin Bang Gang spilar í Listasafni Reykjavíkur í kvöld á tónlistarhátíðinni Nokia on Ice. Sveitin hefur einnig bókað sig á kvikmyndahátíðina í Cannes sem verður haldin í maí.**

Tónleikarnir í kvöld verða þeir fyrstu hjá Bang Gang á árinu en sveitin var sérlega dugleg í fyrra þegar hún spilaði á um fjörutíu tónleikum víðs vegar um Evrópu. „Þetta verður skemmtilegt. Það er líka gaman að spila í Listasafninu, það er skemmtilegur staður,“ segir Barði Jóhannsson. Með honum á sviðinu verður sama gengi og ferðaðist með honum um Evrópu, þeir Arnar Guðjónsson og Nói Steinn úr Leaves, Hrafn Thoroddsen úr Ensími og bassaleikarinn Stephan Bertrand, ásamt ljósa- og sjónlistamanninum Frank Esposito. „Þegar við héldum útgáfutónleikana í fyrra komst ljósamaðurinn okkar ekki með en hann verður með núna þannig að þetta verður ennþá flottara,“ segir Barði.

21. maí spilar Bang Gang síðan á Cannes-hátíðinni í Frakklandi og hefur þar stórt svið út af fyrir sig við ströndina. „Þetta verður mjög skemmtilegt því ég hef aldrei spilað í Cannes. Ég hef oft spilað í borgunum í kring en aldrei í Cannes.“ Barði fékk giggið eftir að skipuleggjandi tónleikanna hafði samband við höfundarréttarfyrirtæki hans Universal og óskaði eftir kröftum hans. Kvikmyndaáhugi Barða lék þar lykilhlutverk því tónlist hans hefur hljómað í þó nokkrum bíómyndum í gegnum tíðina og þótti hann því kjörinn í verkefnið.

Fleiri spennandi verkefni eru í gangi hjá Barða, þar á meðal ný plata sem hann tók upp með írska tónlistarmanninum Craig Walker. Lag af henni, Bright Lights Big City, hljómar einmitt í nýjustu mynd frönsku leikkonunnar Catherine Deneuve, La fille du RER, sem verður frumsýnd í næstu viku.

Einnig verða tónleikar sem dúettinn Lady & Bird, hliðarverkefni Barða, hélt með Sinfóníuhljómsveit Íslands gefnir út á geisladiski í haust á vegum EMI úti um allan heim. **freyr@frettabladid.is**






# Sígilt popp í nútímalegum búningi

Antidote er þriðja plata Ebergs, en á bak við það nafn er Einar Tönsberg. Síðasta Eberg-plata, Voff, voff, var frábær poppplata, ein af bestu plötum ársins 2006 og innihélt smelli á borð við Love Your Bum og Inside Your Head. Það sem einkenndi Voff, voff var góðar lagasmíðar og djarfar og nútímalegar útsetningar. Það sama á við um Antidote þó að á henni sé ekki gengið jafnlangt í skringilegum útsetningum. Í staðinn er lögð meiri áhersla á að ná flottum hljómi. Yfirbragðið er fágaðra.

Auk Einars sjálfs, sem semur lög og texta, forritar, syngur og spilar á hljóðfæri, koma við sögu nokkrir gestir. Bird (Janie Price) syngur og spilar á selló eins og á Voff, voff, Rósa úr Sometime syngur eitt lag, Nói Steinn, Luke Watson og Arnar Þór Gíslason spila á trommur og Barði í Bang Gang semur og vinnur lagið Reykjavík með Einari.

Antidote er á heildina litið fín poppplata. Það eru mörg góð lög á henni, m.a. titillagið, hið mjög svo Air-lega Been Thinking of You, One Step at a Time, February Sky, Daybreak og Reykjavík. Þetta er ein af þessum plötum sem hafa sterkan heildarsvip. Í fyrsta rennsli finnt manni hann næstum því of sterkur og lögin renna saman, en við frekari hlustun koma sérkenni hvers lags betur í ljós. **Trausti Júlíusson**




**TÓNLIST**
**Antidote**
Eberg
★★★★

Eberg fylgir eftir hinni frábæru Voff, voff með fínni plötu. Nútímaleg tónlist með sterkar rætur í sígildri popplagahefð.



**WOLVERINE** X-Men Origins: Wolverine var lekið á netið mánuði fyrir frumsýningardag.

# Wolverine lekið á netið

**Bandaríska alríkislögreglan, FBI, rannsakar nú netleka á ókláruðu eintaki hasarmyndarinnar X-Men Origins: Wolverine. Myndin verður frumsýnd eftir mánuð og því eru framleiðendur hennar sérlega ósáttir við lekann, sem búið er að skrúfa fyrir.**

**„Sá sem setti myndina inn á netið og allir sem munu gera það í framtíðinni verða sóttir til saka,“ sagði í yfirlýsingu frá 20th Century Fox. Í eintakið sem birtist á netinu vantaði tæknibrellur, tónlist og nokkur atriði.**

**Hugh Jackman fer með aðalhlutverkið í Wolverine, sem er byggð á einni af þekktustu persónunum í X-Men-myndunum.**

# KLINKIÐ

LÁGVÖRUMARKAÐUR

...ótrúleg verð

Full búð af flottri Páskavöru
á 49,- 99,- og 199,-



Fullt búð af
vörum á 199,-



CHICCO
regnhlífarkerra með kerrupoka
Aðeins:

9.999,-




Blautþurrkur
4 í pakka
Aðeins:

1.199,-



Plastílát
18 stk. í pakka
Þola frost og uppþvottavél
Aðeins:

1.299,-

Komdu, sjáðu og spáðu... í verðið...

Klinkið Lágvörumarkaður Faxafeni 8 í Outlet Center

www.klinkid.is

# Halli snýr aftur eftir langt frí

**Halli Reynis hefur lítið látið fyrir sér fara undanfarið. Hann heldur tónleika í kvöld.**



HALLI REYNIS Tónlistarmaðurinn Halli Reynis heldur sína fyrstu tónleika í tvö og hálft ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég held að það sé meinhollt fyrir alla tónlistarmenn að taka sér frí," segir trúbadorinn Halli Reynis, sem heldur sína fyrstu tónleika í tvö og hálft ár í kvöld á Café Rósenberg.

Á þessum tíma sem liðinn er hefur hann stundað tónlistarkennslu og samið lög í rólegheitunum. „Ég var árið 2006 með tvær plötur og mig langaði að gera eitthvað annað í smátíma og lofta aðeins um," segir Halli, sem meðal annars samdi tónlist fyrir Dúkkulísurnar. „Það er komin mikil þörf fyrir að spila núna," segir hann og lofar bæði nýjum og gömlum lögum á tónleikunum. Spurður hvort kreppan endurspegli nýjustu lagasmíðarnar segir hann svo ekki vera. Þó hefur eitt lag um kreppuna sprottið upp. „Ég er ekkert að velta mér upp úr kreppunni í lögunum mínum í dag, það er enginn útgangspunktur. Kreppan er í mínum huga nokkuð sem við megum ekki festast alveg í."

Halli ætlar næst að gefa út safnplötu og því verða aðdáendur hans að bíða í einhvern tíma enn eftir nýju efni.

freyr@frettabladid.is

# Alhliða dansstaður í miðbænum

Skemmtistaðurinn London Reykjavík verður opnaður á neðri hæðinni á gamla Gauki á Stöng í kvöld. Áhersla verður lögð á danstónlist af ýmsum toga og ættu dansþyrstir Íslendingar því að fá þarna eitthvað fyrir sinn snúð.

Skemmtanastjórinn Kristinn Bjarnason segir að mikil þörf sé fyrir stað sem þennan í miðborginni. „Við vonumst til að fólk taki þessu vel og mæti á svæðið og skemmti sér. Þarna verður gamla hljóðkerfið sem var á Pravda sem er þekkt fyrir rosalega gott sánd," segir hann. „Þetta verður alhliða dansstaður sem verður opinn um allar helgar með áherslu á hinar ýmsu stefnur."

Aldurstakmark á London Reykjavík verður 22 ár og er ætlast til að fólk mæti þangað í vel pressuðum dansgalla og pússuðum skónum. Staðurinn verður opnaður klukkan 23 í kvöld þar sem blanda af diskói og nútímadanstónlist verður í fyrirrúmi. - fb



NÝR DANSSTAÐUR Í REYKJAVÍK Kristinn (til hægri) inni á nýja skemmtistaðnum London Reykjavík ásamt Birgi Fannari Snæland. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| FAST AND FURIOUS LÚXUS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS 3D | kl. 3.20 - 5.30 íslenskt tal | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 3.20 - 5.30 íslenskt tal | L |
| MALL COP | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KILLSHOT | kl. 8 - 10 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.30 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| FANBOYS | kl. 6 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CHOKE | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARN THE NIGHT TEMPLAR | kl. 10.20 | 14 |
| THE READER | kl. 5.50 - 8 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.50 - 8 - 10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS - POWER | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| MONSTERS VS. ALIENS | kl. 4 og 6 - Ísl. tal | L |
| MONSTERS VS. ALIENS 3D | kl. 4 og 6 - Ísl. tal | L |
| MALL COP | kl. 4, 8 og 10 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 og 10.15 | 12 |

PÁSKAMYNDIN í ár! SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 3:40 - 5:50 m/ísl. tali | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 8 - 10:20 m/ensku tali | L |
| FAST & FURIOUS | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| FAST & FURIOUS | kl. 4 - 8 - 10:20 | VIP |
| KNOWING | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WITCH MOUNTAIN | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| DUPLICITY | kl. 8 | 12 |
| WATCHMEN | kl. 8:20 | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 10:20 | 12 |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 3:40 - 5:50 m/ísl. tali | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 8(3D) - 10:10(3D) (ótextuð) | L |
| KNOWING | kl. 8D - 10:30D | 12 |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 6 - 9 | 16 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| WATCHMEN | kl. 10:10 | 16 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 6 | L |
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 | 16 |
| THE WRESTLER | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| ELEGY | kl. 10 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 6 | 7 |
| KNOWING | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| DUPLICITY | kl. 8 - 10:20 | L |
| VALKYRIE | kl. 10 | 16 |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU




Fumsýnd 3. apríl í Háskólabíói
Ekkert hlé á góðum myndum!
Skráning á póstlistann margborgar sig
www.graenaljosid.is
græna ljósið



PÁSKA
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM PÁSKA TILBOÐUM
RISA
PÁSKAEGG
STÓRT PÁSKAEGG NR.7 FYLGIR FYRSTU 100 TÖLVUNUM
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
FÖSTUDAG
10:00 - 19:00
LAUGARDAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

### > Embla samdi við Val

Knattspyrnukonan Embla Sigríður Grétarsdóttir hefur ákveðið að söðla um og ganga í raðir Vals frá KR. Embla sagði í samtali við Vísi á dögunum að hún fengi ekki þá samkeppni á æfingum hjá KR sem hún leitaði eftir. Hún ætlaði sér stóra hluti á árinu og stefndi á landsliðið í sumar. Þess vegna hefði hún ákveðið að fara í annað félag. Embla hefur leikið með KR í ellefu ár og spilað rúmlega 240 leiki fyrir félagið. Hún er fjórði leikjahæsti KR-ingurinn frá upphafi, að því er segir á heimasíðu félagsins.



**sport**

sport@frettabladid.is

**GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR:** GG-IN BYRJA VEL MEÐ DJURGÅRDEN Í SÆNSKU KVENNADEILDINNI

# *Ætla að vera 90 mínútna manneskja í sumar*

Guðbjörg Gunnarsdóttir og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir fengu algjöra draumabyrjun með Djurgården í fyrrakvöld þegar liðið sigraði Stattena, 7-0, í 1. umferð sænsku úrvalsdeildarinnar.

„Þetta er þvílíkt gott að byrja svona vel, sérstaklega þar sem þetta lið tapaði fyrsta leik í fyrra. Þetta var mikilvægur sigur fyrir sjálfstraustið. Þessi deild er þannig að þú getur unnið alla og líka tapað fyrir öllum. Þú verður bara að eiga góðan leik því það er ekkert lið sem getur ekki spilað fótbolta í þessari deild," segir Guðbjörg.

„Það var alveg eitthvað að gera hjá mér en ég geri ráð fyrir því að það verði meira að gera hjá mér í næstu leikjum," segir Guðbjörg og bætir við. „Það er gaman fyrir markmann að spila í þessari deild því þetta er eins og í ensku deildinni þegar það er alltaf mikið að gera hjá öllum markmönnum," segir Guðbjörg en hún og liðið ætlar sér að gera góða hluti á tímabilinu. „Okkur var spáð fimmta sætinu en það gæti verið af því að okkur gekk ekkert svakalega vel í æfingaleikjunum fyrir mót. Við ætlum að sjálfsögðu að vera í toppbaráttunni," segir Guðbjörg. Guðbjörg og Guðrún Sóley eru þegar komnar með viðurnefni innan liðsins. „Við erum kallaðar GG-in innan liðsins því þjálfarinn skrifar alltaf skammstafanir leikmanna upp á töflu og upphafsstafir okkar eru eins," segir Guðbjörg í léttum tón.



„Við erum loksins farnar að halda hreinu og Gunna hefur hjálpað mikið til við það. Ég held að við séum báðar að fara vera 90 mínútna manneskjur í sumar," segir Guðbjörg. „Þjálfarinn er að vísu búinn að hlíðra aðeins til fyrir Gunnu því það er brjáluð samkeppni í vörninni en ég hef fulla trú á því að hún sé búin að festa sig í sessi í vörninni," segir Guðbjörg sem kann vel við lífið í Svíþjóð

„Sænskan er öll að koma og maður er farinn að babla eitthvað. Þær eru alltaf að kenna mér eitthvað og svo reyni ég að kenna Gunnu það," segir Guðbjörg sem segist líka þurfa að komast inn í móralinn þarna. „Þeir eru ofurstundvísir. Ég hélt að ég væri alveg stundvís miðað við Íslendinga en ég er það ekki miðað við Svía," segir Guðbjörg létt að vanda.



**TEITUR ÖRLYGSSON** Spenntur fyrir framhaldinu í Garðabænum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Teitur áfram með Stjörnuna:

## Líður vel í Stjörnunni

**KÖRFUBOLTI** Teitur Örlygsson framlengdi í gær samning sinn við Stjörnuna um tvö ár. Teitur náði frábærum árangri með Stjörnuna í vetur sem meðal annars vann bikarkeppnina.

„Hérna líður mér mjög vel. Það er svo gott fólk í kringum þetta lið að mér fannst ekki spurning um að halda áfram," sagði Teitur.

„Það verður mikil áskorun að toppa þennan vetur. Við ætlum að reyna að mæta tilbúnir til leiks næsta haust og erum að horfa í kringum okkur eftir fleiri leikmönnum."

Stjarnan mun missa leikstjórnandann Ólaf Sigurðsson í sumar en hann er að flytja út. Teitur segir alla leikmenn sem vilji taka þátt í gleðinni vera velkomna í Garðabæinn.

„Staðan er þannig í þjóðfélaginu að það eru ekki miklir peningar til svo við eigum eftir að sjá hvernig þetta verður með leikmannamálin," sagði Teitur, sem segist vera mikið betri þjálfari núna en þegar hann var að þjálfa Njarðvík. „Það var góð reynsla. Öll mín einbeiting er öðruvísi núna og allt skýrara." - bb

# Drykkjufélagarnir í ónáð hjá Skotum

**Þó svo að Skotland hafi unnið 2-1 sigur á Íslandi í fyrrakvöld er umfjöllun um mál þeirra Barry Ferguson og Allans McGregor ekki minni en um sigurinn mikilvæga. Landsliðsþjálfari Skotlands, George Burley, er búinn að fyrirgefa leikmönnunum en slíkt hið sama verður ekki sagt um skosku þjóðina.**

**FÓTBOLTI** „Okkur gekk vel án ykkar," voru skilaboð skosku dagblaðanna til þeirra Barry Ferguson og Allans McGregor. Þeir voru settir á bekkinn eftir að hafa brotið agareglur skoska landsliðsins aðfaranótt sunnudags þegar þeir sátu lengi við drykkju. Landsliðsþjálfarinn George Burley hefur fyrirgefið þeim en greinilegt er að það hefur skoska þjóðin ekki gert.

Þegar nöfn þeirra Fergusons og McGregors voru lesin upp af vallarþuli Hampden Park skömmu fyrir leik í gær var púað mikið á þá. Þeir svöruðu með því að mynda V-merki með fingrunum sínum og snúa lófanum að sér þegar ljósmyndarar tóku myndir af þeim er þeir settust á varamannabekkinn. Það jafngildir því að sýna einhverjum upprétta löngutöng.

„Up yours, Scotland," sagði The Scottish Sun í túlkun sinni á atvikinu í gær. Blaðið gengur svo skrefinu lengra og gaf út sérstakt átta síðna aukablað aðeins um hlut Barry Ferguson.

Dálkahöfundar í skosku pressunni eru langflestir sammála um að skaðinn liggi fyrst og fremst í ímynd skoska landsliðsins. Undanfarna mánuði og ár hefur hún hlotið æ meiri skaða enda var leikurinn í fyrrakvöld fyrsti sigur skoska landsliðsins á Hampden Park undir stjórn George Burley og sá fyrsti síðan 2007.

Hann er nú búinn að stýra liðinu í ellefu leikjum og vinna tvo – báða gegn Íslandi. Hann tók ákvörðun um að reka tvímenningana úr landsliðshópnum en leyfði þeim svo að sitja á bekknum eftir að þeir báðust fyrirgefningar.

„Málinu er lokið af minni hálfu. Við snúum okkur nú að öðru. Þeir fá nú hreinan skjöld og það mikilvægasta er að halda leikmannahópnum saman. Við hlökkum til leiksins í Ósló," sagði Burley. Hann sagði einnig að Ferguson kæmi áfram til greina í landsliðið. „Það eru engin vandamál með Barry núna. Ég sé enga ástæðu fyrir því að hann geti ekki spilað með landsliðinu í framtíðinni og gegnt einnig fyrirliðastöðunni."

Þótt skoska pressan sé á þeirri skoðun að það hafi verið fyllilega rétt ákvörðun að taka þá Ferguson og McGregor úr byrjunarliðinu benda margir á að þetta atvik gefi til kynna að Burley hafi ekki tekist að viðhalda nægilega miklum aga í leikmannahópnum. Margir vilja meina að hann hefði aldrei átt að taka Ferguson og McGregor aftur inn í hópinn.

Þessir tveir sigrar á Íslandi og markalaust jafntefli við Noreg á heimavelli hefur sett Skota í lykilstöðu í riðlinum. Þeir voru duglegir að hampa markahetjunum sínum í gær, þeim Ross McCormack og Steven Fletcher en báðir eru þeir ungir og lítt reyndir landsliðsmenn.

Þeim Craig Gordon markverði og Alan Hutton, varnarmanni Tottenham, var einnig hælt á hvert reipi. Það jákvæða við hegðun þeirra Ferguson og McGregor, segir í skosku dagblöðunum, er að þeir ungu og óreyndu leikmenn sem var falið það hlutverk að fylla í skarð landsliðsfyrirliðans stóðust fyllilega undir þeim væntingum sem hægt var að gera til þeirra og rúmlega það.



**Í ÓNÁÐ** Ein skærasta knattspyrnustjarna Skota, Barry Ferguson (6), hefur heldur betur fallið í áliti hjá löndum sínum eftir að hann datt í það eftir leikinn gegn Hollandi um síðustu helgi. Var baulað á hann á Hampden á miðvikudag. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



SKOTLAND-ÍSLAND
**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**
*skrifar frá Glasgow*
eirikur@frettabladid.is

Skoskir fjölmiðlar um frammistöðu leikmanna:

## McCormack þótti bestur

**FÓTBOLTI** Ross McCormack var maður leiksins að mati skosku fjölmiðlanna sem gáfu leikmönnum skoska liðsins einkunnir fyrir frammistöðu sína gegn Íslandi í fyrrakvöld.

Minnst sjö dagblöð gáfu leikmönnum einkunnir. McCormack fékk átta í einkunn hjá öllum þeirra.

Þrjú þeirra gáfu Craig Gordon einnig átta, þrjú gerðu eins með Craig Gordon og Darren Fletcher fékk átta í einkunn hjá einu þeirra.

Aðrir leikmenn fengu ekki jafn háa einkunn hjá skosku blaðamönnunum, ekki heldur Fletcher sem skoraði sigurmark leiksins. - esá






Ekki bara Ferguson og McGregor í glasi:

## Sjö leikmenn á fylleríi

**FÓTBOLTI** Götublaðið The Scottish Sun greindi frá því í gær að sjö leikmenn hefðu verið á fylleríi eftir leik Skotlands og Hollands á laugardaginn – ekki bara þeir Barry Ferguson og Allan McGregor.

George Burley landsliðsþjálfari rak fyrst tvímenningana úr landsliðshópnum fyrir að brjóta agareglur en hætti við eftir að þeir báðust afsökunar. Samkvæmt frétt The Sun gerðist það fyrst eftir að fimm aðrir leikmenn viðurkenndu að þeir hefðu líka verið að drekka. Þeim fannst það ekki sanngjarnt að aðeins hinir tveir yrðu að taka á sig sökina.

Hinir fimm voru Scott Brown, Alan Hutton, Steven Fletcher, Steven Whittaker og Gary Teale. Þeir þrír fyrstnefndu voru í byrjunarliðinu og sá síðastnefndi kom inn á sem varamaður. Fletcher skoraði sigurmark Skota í leiknum. - esá



**ÞYRSTUR** Scott Brown var meðal þeirra leikmanna skoska landsliðsins sem drekktu sorgum sínum í Hollandi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**MARGRÉT LÁRA** Lék fyrsta leik sinn í sænska boltanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sænski kvennaboltinn:

## Lið Margrétar Láru vann

**FÓTBOLTI** Fyrsti leikur sænska liðsins Linköping í sænsku deildinni fór fram í gærkvöldi. Þá sótti Linköping lið Sunnana heim og vann góðan 3-0 sigur.

Margrét Lára hóf leikinn á bekknum en spilaði síðustu 13 mínútur leiksins. Hún náði ekki að skora að þessu sinni. - hbg

# FERMINGA PAKKAR



TÖLVUPAKKI

## FERMINGAPAKKI

- Intel Core 2 Duo E5200
- 4GB Dual DDR2 800MHz
- 640GB WD Blue SATA2
- 512MB Geforce 9500GT
- 19" Acer skjár 5ms
- Windows Vista Home Basic

VERÐ AÐEINS

**129.950**



ACER FARTÖLVA

acer

### Acer Extensa 5230-571G16Mn

- 2,0GHz Intel Celeron M 575 örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz PC2 5300 minni
- 160GB SATA2 harðdiskur
- Intel GMA x4500 skjástýring
- 15,4" CrystalBrite skjár
- Windows Vista Home Basic

**79.950**



ACER FARTÖLVA

acer

### Acer Aspire Blue 6530G-704G64MN

- 2.0Ghz AMD Turion64 X2 Mobile RM-70 örgjörvi
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 640GB SATA harðdiskur
- DVD±RW Dual Layer skrifari
- 16" FHD WXGA+ skjár
- Vefmyndavél og talnaborð
- 512MB ATI Radeon HD 3650 skjákort
- Windows Vista Home Premium
- 5 í 1 kortalesari, 4xUSB 2.0, EasyPort IV, HDMI, VGA, ExpressCard ofl.

**137.950**



TOSHIBA FARTÖLVA

TOSHIBA

### Toshiba Satellite U400-15M

- 2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA harðdiskur
- DVD±RW Dual Layer skrifari
- 13,3" TFT WXGA breiðskjár
- Intel GMA X4500 skjákort
- 1.3MP myndavél í skjá
-Windows Vista Business eða XP Pro
- Aðeins 2,3 kg

**134.950**



TOSHIBA FARTÖLVA

TOSHIBA

### Toshiba L300-19K

- 2,0GHz Intel Core Duo T3200
- 2GB DDR2 DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA harðdiskur
- Intel Graphics MA X4500 skjákort
- 15,4" WXGA breiðskjár
- Intel GMA X4500 skjákort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- Windows Vista Business eða XP Pro

**89.950**



HEYRNARTÓL

PHILIPS

### Philips SHP2000

Ódýr en góð heyrnatól frá philips, heynta vel í hvað sem er, t.d. til að hlusta á tónlist eða að spila tölvuleiki, 2m snúra með mini jack tengi, frábær hljómur.

**3.250**



MINNISKUBBUR

CORSAIR

### USB 8GB MINNI

Corsair USB mini 8GB minniskubbur, höggvarinn og með 10 ára ábyrgð. Einn sá allra minnsti.

**4.950**



1 TB HARÐUR DISKUR

SAMSUNG

### Samsung HD103UJ

Samsung Spinpoint F1 harður diskur, með 7200rpm SATA2 tengi og 32MB Buffer. Góður diskur á góðu verði.

**17.950**



17" ACER SKJÁR

acer

### Acer V173b

17" TFT active matrix skjár með 1280x1024 upplausn, 2500:1 í skerpu og 5ms viðbragstími ofl.

**19.950**



MARGMIÐLUNARFLAKKARI

### ICY BOX MP-303 640GB

Frábær margmiðlunarspilari með stórum 640GB WD GreenPower hörðum diski, spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði, fjarstýring fylgir.

ICY BOX

**29.950**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



**SHEARER** Svarar hér spurningum blaðamanna. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Alan Shearer:

## Þetta verður mjög erfitt

**FÓTBOLTI** Alan Shearer, nýráðinn stjóri Newcastle, gerir sér fyllilega grein fyrir því að það verður síður en svo auðvelt að bjarga liðinu frá falli.

Shearer hefur verið ráðinn stjóri tímabundið hjá félaginu og hefur aðeins átta leiki til þess forðast fallið.

Newcastle er í fallsæti sem stendur og tvö stig eru í næsta lið fyrir ofan sem er Blackburn. Fyrsta verkefnið er ekki auðvelt en Chelsea kemur í heimsókn á laugardaginn.

„Okkar bíður gríðarlega hörð barátta. Það gera sér allir grein fyrir því hversu erfitt verkefnið er. Við munum mæta tilbúnir í slaginn,“ sagði Shearer eftir sína fyrstu æfingu með liðið, sem hann sagði hafa verið afar jákvæða.

„Stuðningsmennirnir þekkja mig vel og gera sér grein fyrir því að ég mun gefa 100 prósent í verkefnið 24 tíma á dag, sjö daga vikunnar. Vonandi dugar það til því það myndi særa mig og þúsundir stuðningsmanna liðsins ef það færi niður um deild.“ - hbg

Donte Stallworth ákærður:

## Gæti farið í 15 ára fangelsi

**NFL Útherji Cleveland Browns, Donte Stallworth, er í vondum málum. Hann keyrði niður mann í Miami á dögunum og lést maðurinn.**

**Nú hefur komið í ljós að áfengismagnið í blóði Stallworth var vel yfir leyfilegum mörkum. Hann hefur verið ákærður og gæti mest fengið fimmtán ára fangelsisdóm fyrir manndráp.**

**Stallworth flúði ekki af vettvangi þegar slysið átti sér stað. Hann beið hjá manninum og játaði fúslega að hafa keyrt bílnum.** - hbg

# Blómstra undir leiðsögn Stefáns

Ármenningarnir Ásdís Hjálmsdóttir og Helga Margrét Þorsteinsdóttir settu báðar Íslandsmet á síðasta ári og ætla sér að bæta metin enn frekar í ár. Þær njóta góðs af 40 ára þjálfarareynslu Stefán Jóhannssonar.



**SÁTTAR MEÐ SINN MANN** Ásdís Hjálmsdóttir, Helga Margrét Þorsteinsdóttir og þjálfari þeirra Stefán Jóhannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Tvær af fremstu frjálsíþróttakonum landsins, Ásdís Hjálmsdóttir og Helga Margrét Þorsteinsdóttir, eiga það sameiginlegt að blómstra undir leiðsögn Stefáns Jóhannssonar hjá Ármanni. Stefán hefur fjögurra áratuga reynslu í faginu og eru stelpurnar því í góðum höndum.

Þær Ásdís og Helga Margrét eru báðar búnar að setja Íslandsmet í sínum greinum, spjótkasti og sjöþraut, og fram undan er spennandi sumar þar sem þær ættu að geta gert enn betur gangi allt upp.

„Þær eru báðar með höfuðið í lagi til þess að ná langt. Ég hef mikla reynslu í því hvort höfuðið hjá íþróttamönnum sé í lagi eða ekki,“ segir Stefán um þær Ásdísi og Helgu.

### Kemur mjög vel saman

„Þeim kemur mjög vel saman. Þær lyfta saman og svo kemur Helga inn í spjótið hjá Ásdísi. Þær bakka hvor aðra alveg svakalega vel upp sem er mjög skemmtilegt og léttir líka undir með mér. Aðalverkið hjá mér er að halda aftur af þeim,“ segir Stefán.

„Ég er búinn að þjálfa í fjörutíu ár. Ég byrjaði bara með þau allra yngstu sautján ára gamall og svo var ég 21 árs þegar ég byrjaði með stálpaða unglinga. Ég fékk liðagigt og hætti allri íþróttaiðkun og þetta tók við,“ segir Stefán. „Ég hef verið með marga mjög góða og efnilega en þær eru með þeim efnilegri.“

### Ásdís getur kastað lengra í sumar

Ásdís Hjálmsdóttir byrjaði tímabilið á því að verða fyrsta konan til þess að kasta nýja spjótinu yfir sextíu metra og bætti um leið Íslandsmet sitt frá því í fyrra.

„Ásdís er orðin 23 ára og ég er búin að vera með hana síðan hún var sextán ára. Það skemmtilega við hana Ásdísi er að hún hefur gefið sér tíma í að þróa þetta hjá sér,“ segir Stefán.

„Ég sagði við hana í byrjun að ég myndi vilja þróa þetta á mörgum árum því spjótkastið er mikil tækniíþrótt og hana þarf að þróa. Það er ekki hægt að fara einhverja skyndileið og það er ekki hægt að sleppa einhverjum hreyfingum. Hún er ennþá alveg inni á því að hún er ekki útlærð í þessu. Hún hefur alltaf náð öllu því sem við einbeitum okkur að og ég er viss um að hún heldur því áfram og þá kemur bætingin,“ segir Stefán.



„Ég er í engum vafa um það að hún getur kastað enn lengra í sumar. Ef hún væri komin á toppinn hefði ég verið óánægður með svona byrjun.“

Ásdís er sömuleiðis ánægð með þjálfarann sinn. „Hann er búinn að þjálfa mig frá 2001, þegar hann fór að taka eftir mér og sá að ég gæti eitthvað. Hann fór að taka mig á einkaæfingar og hjálpa mér. Hann hefur ekki losnað við mig síðan,“ segir Ásdís í léttum tón.

„Hann er frábær þjálfari og býr yfir alveg gríðarlegri þekkingu. Hann hefur mikla reynslu frá því að hafa þjálfað alveg ótrúlega marga afreksmenn í öllum greinum. Hann er ekki bara frábær þjálfari heldur einnig góður vinur.“

### Draumabyrjun á sumrinu

Ásdís ætlar sér mikið í sumar. „Þetta var alveg draumabyrjun en ég veit að ég á nóg eftir,“ segir Ásdís. Ég kastaði ekki neitt frábærlega. Þetta var líka ekki eins og margir halda, að ég hafi hitt á eitthvert draumakast. Þetta var alls ekki þannig. Ég náði einu kasti í gegn og ég er sannfærð um að það er nóg eftir. Nú þurfum við Stebbi bara að halda mér heilli í sameiningu því þá verður þetta gaman í sumar.“

Ásdís hefur komist í gegnum erfið meiðsli á undanförnum misserum og Stefán segir hugarfar hennar skipta þar miklu mál. „Þegar fólk er að tala um að þurfa að hvíla eftir uppskurði eða meiðsli þá fussar hún bara. Eftir uppskurðinn sem hún fór í var hún byrjuð að æfa tveimur dögum seinna,“ segir Stefán, sem hefur líka lært í gegnum öll þessi ár að bregðast rétt við ef hans fólk meiðist.

„Ef ég er með einhver smámeiðsli þá kíkir Stebbi alltaf á mig fyrst. Það er alltaf Stebbi sem reddar málunum,“ segir Ásdís.

### Helga er með skemmtilegt viðhorf

Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur verið að gera góða hluti í sjöþrautinni undanfarið, hefur orðið Norðurlandameistari unglinga og bætti Íslandsmetið í fyrra.

„Helga er búin að vera hjá mér í tvö ár má segja. Hún er mjög fjölhæf og hefur líka mjög skemmtilegt viðhorf. Hún á þó eftir að læra mjög margt,“ segir Stefán.



„Hún hefur verið örlítið meidd undanfarið og það er eitt sem hún á eftir að læra. Það er að hvíla meiðslin og alla liði og vöðva í kringum þau. Hún er svolítið bráð ennþá og á eftir að læra það,“ segir Stefán um Helgu og hún sjálf vitnar líka um það.

„Hann þarf að halda í taumana á mér og það gengur svona misvel,“ segir Helga. „Þetta er fínn karl. Ég er búin að bæta mig mjög mikið hjá honum og þá sérstaklega þegar kemur að tæknilegum atriðum. Maður gerir sér ekki alveg grein fyrir því hvað hann veit mikið. Hann er frábær þjálfari og er tilbúinn að gera allt fyrir mann,“ segir Helga en hún segir að Stefán sé sem dæmi tilbúinn að koma á æfingar næstum því hvenær sem er sólarhringsins.

„Maður getur alltaf treyst á hann,“ segir Helga og skellir upp úr þegar hún er spurð hvort hann hafi einhvern tímann öskrað á hana. „Hann er mjög þægilegur í umgengi. Hann hefur aldrei nokkurn tímann öskrað á mig enda er þetta samvinna,“ segir Helga.

### Meira efni en margur veit

Stefán segir Helgu vera mikið efni. „Ég er alveg hundrað prósent viss um að hún bætir sig mjög vel í sumar. Hún er kannski meira efni en margur veit,“ segir Stefán. Helga er í öðru sæti í heiminum í sjöþraut sautján ára og yngri og ellefta í heiminum nítján ára og yngri.

„Sjöþrautin er mjög erfið því margar tæknigreinar eru í henni. Hún er líka fyrir sprengjur eins og Helgu því ef hún nær tæknihliðinni býður það upp á mjög góðan árangur,“ segir Stefán og nú er bara að sjá hvað stelpurnar hans gera í sumar. ooj@frettabladid.is





142 / KEFLAVÍK

Guðrún er farin að dusta rykið af hjólinu eftir veturinn. Hún og 13 aðrir taka vel á móti þér við Hafnargötuna.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu að Hafnargötu 57-59 í Keflavík eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

NÝTT!

# MERKJA OUTLET

## KORPUTORGI

## Stærsta Outlet landsins!

| Sundfatnaður | Dömufatnaður |
| Barnafatnaður | Herrafatnaður |
| Íþróttafatnaður | Skór | Töskur | DVD |

Verðdæmi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dömubolir | 695 | Herrabolir | 995 |
| Dömubuxur | 995 | Herraskyrtur | 1.495 |
| Dömublússur | 1.595 | Herrabuxur | 1.495 |
| Dömujakkar | 1.995 | Stakir jakkar | 2.995 |
| Kjólar | 1.995 | | |
| Dömuskór með háum hæl | 1.995 | | |
| Dömutöskur | 995 | Barnabolir | 495 |
| | | Strákaskyrtur | 695 |
| Mikið úrval af Arena sundfatnaði | | Barnabuxur | 1.495 |
| Arena sundbolir | 3.995 | Barnanáttföt | 995 |
| | | Barnainniskór | 495 |
| Didriksons regnkápur | 2.995 | Barnaskór | 795 |
| Viking gúmmískór | | | |
| með myndum | 995 | | |
| Rucanor galli fyrir | | DVD | 100 |
| stelpur og stráka | 3.995 | Tölvuleikir | 500 |
| Rucanor körfuboltar | 995 | DVD Þættir | 1.000 |

arena
VIKING
Brandtex
DIDRIKSONS 1913
RUGBY JEANS CO.
true
RUCANOR
ZARA

# Nýjar vörur!

Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400



> **Jeff Probst**

„Ég hef í starfi mínu ferðast til framandi landa og kynnst mörgu áhugaverðu fólki. Ég tel að fá störf séu jafngóð og mitt.“
Prost er stjórnandi raunveruleikaþáttarins Survivor sem Skjár einn sýnir í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON HORFÐI Á LANDSLEIK

# Hinir óverðskulduðu ósigrar

Þjóðarstoltið tekur yfirleitt hástökk þegar íslensk landslið með sitt stóra hjarta takast á við stórþjóðir á íþróttavellinum. Ef Hagstofan hefði mælt þjóðarrembing þegar íslenska landsliðið í handbolta kom heim með silfurpening frá Ólympíuleikunum í Peking þá hefði sú mæling sprengt alla kvarða. Kaupin á Magasin du Nord hefðu ekki komist með tærnar þar sem sú ágæta samkunda hafði hælana.

Og venju samkvæmt sat maður límdur fyrir framan sjónvarpsskjáinn sinn þegar Íslendingar sóttu Skota heim á Hampden Park. Skotar eiga sér glæsta knattspyrnusögu, hafa átta sinum tekið þátt á HM og tvívegis átt lið í Evrópukeppninni. Íslenska karlalandsliðinu hefur aldrei tekist neitt af þessu. Skotar eiga lið á borð við Rangers og Celtic, við eigum Val og KR. Engu að síður öskraði einhver lítill púki aftan í hnakkanum á manni að nú væri lag, nú gætum við loks lagt Skotana enda hefðum við tapað mjög óverðskuldað fyrir þeim hér heima. Við höfum reyndar aldrei unnið þá, en engu að síður: nú var lag.



**ÓVERÐSKULDAÐ?** Ef til vill er tölfræðilega hægt að tapa tvívegis fyrir liði óverðskuldað; ugglaust er ástæðan þó sú að annað liðið er einfaldlega betra en hitt.

En viti menn. Skotarnir höfðu sigur. Og sami söngurinn hófst; að sigurinn hefði verið, líkt og hér heima, óverðskuldaður. Við hefðum jú verið miklu betri. Þetta fær mann til að velta því fyrir sér hvort það sé hugsanlegt að eitthvurt lið geti unnið annað lið tvívegis með skömmu millibili „óverðskuldað“. Kannski er erfitt að horfast í augu við þessa staðreynd en mín tilfinning er einfaldlega sú að Skotar séu betri en við í fótbolta.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.15 Auddi og Sveppi** STÖÐ 2



▶ **20.00 Twenty Four** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00 Karl í kvennafansi** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Spjallið með Sölva** SKJÁREINN



▶ **00.00 Orlando – Cleveland, beint** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Dansað á fáksspori** (e)
**15.50 Leiðarljós** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Spæjarar** (12:26)
**17.42 Músahús Mikka** (49:55)
**18.05 Afríka heillar** (Wild at Heart II) (6:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Alþingiskosningar - Leiðtogaumræður** Bein útsending frá umræðum leiðtoga framboðanna fyrir alþingiskosningarnar.
▶**21.00 Karl í kvennafansi** (Man of the House) Bandarísk bíómynd frá 2005. Löggæslumanni í Texas er falið að gæta hópsklappstýra sem eiga að bera vitni í morðmáli. Leikstjóri er Stephen Herek og meðal leikenda eru Tommy Lee Jones, Cedric the Entertainer og Christina Milian.
**22.35 Konuilmur** (Scent of a Woman) Bandarísk bíómynd frá 1992. Námsmaður tekur að sér að passa blindan mann en starfið reynist annað og meira en hann hugði. Leikstjóri er Martin Brest og meðal leikenda eru Al Pacino, Chris O'Donnell, Gabrielle Anwar, Philip Seymour Hoffman og Bradley Whitford. (e)
**01.05 Söngvaskáld** (Pétur Ben) Lagasmiðir flytja lög sín að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. Í þessum þætti flytur Pétur Ben nokkur lög og spjallar við áheyrendur. (e)
**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Employee of the Month**
**10.00 Home Alone 2**
**12.00 License to Wed**
**14.00 Murderball**
**16.00 Employee of the Month**
**18.00 Home Alone 2**
**20.00 License to Wed** Rómantísk gamanmynd með Robin Williams, Mandy Moore og John Krasinski í aðalhlutverkum.
**22.00 Painkiller Jane**
**00.00 The Mudge Boy**
**02.00 The Prophecy 3**
**04.00 Painkiller Jane**
**06.00 Reign Over Me**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (287:300)
**10.15 Sisters** (20:28) SISTERS
**11.05 Burn Notice** (3:13)
**11.50 60 mínútur**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (160:260)
**13.25 Wings of Love** (41:120)
**14.10 Wings of Love** (42:120)
**14.55 Wings of Love** (43:120)
**15.40 Nornafélagið**
**16.00 Saddle Club**
**16.23 Camp Lazlo**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
▶**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Idol stjörnuleit** (8:14) Úrslitin eru nú hafin í Smáralindinni og það er á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir komast áfram með símakosningu.
**21.20 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
**21.45 Idol stjörnuleit** Niðurstöður símakosningar í Idol stjörnuleit eru kunngjörðar og þar með upplýst hver fellur úr leik að þessu sinni.
**22.10 Rent** Rómantísk og átakanleg mynd byggð á margverðlaunuðum söngleik.
**00.25 Cellular** Ungur maður fær undarlegt símtal í gemsann sinn frá ókunnugri konu sem segist vera í klóm mannræningja. Hún segir að þeir muni myrða sig fyrr en síðar og að næstu fórnarlömb verði maður hennar og barn. Kim Basinger fer með aðalhlutverkið í þessum kynngimagnaða spennutrylli.
**02.00 The Hills Have Eyes**
**03.45 Straight into Darkness**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.25 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**17.55 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni. og árið skoðað í bak og fyrir.
**18.20 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**18.50 Fréttaþáttur spænska boltans** Hver umferð fyrir sig skoðuð í bak og fyrir.
**19.20 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**19.50 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram á Edward Jones Dome leikvanginum í St. Louis.
**20.45 F1: Malasía / æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Malasíu.
**21.15 Poker after Dark**
**22.00 Skotland - Ísland** Útsending frá leik Skotlands og Íslands í undankeppni HM.
▶**00.00 Orlando - Cleveland** Bein útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
**06.00 F1: Malasía / Æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Malasíu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.10 PL Classic Matches** Newcastle - Liverpool, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**18.40 PL Classic Matches** Man Utd - Leeds, 1998.
**19.10 Tottenham - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.50 PL Classic Matches** Crystal Palace - Blackburn, 1992.
**22.20 PL Classic Matches** Man. Utd - Sheffield Wednesday 1992.
**22.50 Premier League Preview**
**23.20 Everton - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.20 Game Tíví** (9:15) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Game Tíví** (9:15) (e)
**12.40 Óstöðvandi tónlist**
**17.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.25 Káta maskínan** (9:12) (e)
**18.55 The Game** (5:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
**19.20 One Tree Hill** (10:24) (e)
**20.10 Survivor** (6:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
▶**21.00 Spjallið með Sölva** (7:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.
**22.00 Battlestar Galactica** (7:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst með klassískri baráttu góðs og ills. Þessir þættir hafa fengið frábæra dóma og tímaritin Time og Rolling Stone hafa sagt hana bestu þáttaröðina sem sýnd er í sjónvarpi.
**22.50 Painkiller Jane** (8:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrlega hæfileika.
**23.40 Flashpoint** (11:13) (e)
**00.30 The Game** (1:22) (e)
**00.55 The Game** (2:22) (e)
**01.20 The Game** (3:22) (e)
**01.45 Jay Leno** (e)
**02.35 Jay Leno (e)**
**03.25 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
**21.00 Mér finnst** Í umsjón Bergljótar Davíðsdóttur og Katrínar Bessadóttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Biblían

Bók bókanna er falleg fermingargjöf sem endist allt lífið

Inniheldur tímatal,
litprentuð kort, orðskýringar
og mikilvæga ritningarstaði.



Biblía

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

TVÆR STÆRÐIR • FIMM MISMUNANDI ÚTFÆRSLUR • 1872 BLAÐSÍÐUR

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### Idol stjörnuleit




Úrslitin halda áfram á glæsilegu sviði Idol stjörnuleitar í Smáralindinni. Átta keppendur standa eftir og er þema kvöldsins vinsæl lög úr bíómyndum líkt og Mamma Mia, Flashdance, James Bond og The Commitments. Það er á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir halda áfram með símakosningu og hvert atkvæði skiptir máli. Seinni þátturinn er á dagskrá kl. 21.55, þar sem niðurstöður símakosningar eru kunngjörðar og þar með upplýst hver fellur úr leik að þessu sinni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Rent**

### Stöð 2 kl. 22.10

Kvikmynd gerð eftir vinsælum Broadway-söngleik. Aðalsöguhetjan er kvikmyndagerðarmaðurinn Mark sem býr með Roger sem er HIV-smitaður tónlistarmaður. Þar sem þeir hafa lítið fé milli handanna þurfa þeir að leggja ýmislegt á sig til að eiga fyrir leigunni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Stofukonsert
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (159:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks** (160:260)

**17.00 Ally McBeal** (18:24) Ally ver mann sem er sakaður um að hafa myrt konu sína með því að skera af henni höndina. Billy og Georgia eru fulltrúar sölumanns sem missti vinnuna vegna þess hversu illa hann faldi skallann á sér.

**17.45 The O.C.** (15:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**18.30 Lucky Louie** (2:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.

**19.00 Hollyoaks** (159:260)

**19.30 Hollyoaks** (160:260)

▶**20.00 Twenty Four** (1:24) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 frá upphafi. Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

**20.45 Twenty Four** (2:24)

**21.30 Twenty Four** (3:24)

**22.15 Twenty Four** (4:24)

**23.00 The Mentalist** (8:23)

**23.45 Twenty Four** (10:24)

**00.30 Ally McBeal** (18:24)

**01.15 The O.C.** (15:27)

**02.00 Lucky Louie** (2:13)

**02.30 Auddi og Sveppi**

**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Dalziel and Pascoe **10.55** Dalziel and Pascoe **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder Goes Forth **14.30** The Weakest Link **15.15** Dalziel and Pascoe **16.05** Dalziel and Pascoe **16.55** My Hero **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** My Hero **19.10** Extras **19.40** The Catherine Tate Show **20.10** Lead Balloon **20.40** Rob Brydon's Annually Retentive **21.10** Extras **21.40** The Catherine Tate Show **22.10** Lead Balloon **22.40** Rob Brydon's Annually Retentive **23.10** Lead Balloon **23.40** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet med Vejret **11.30** Diagnose søges **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Amigo **15.30** Shanes verden **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Disney Sjov **19.00** TV Avisen **19.30** Reimers **22.15** Perfect

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Møbelkunstner med oppvekst i Afrika **10.40** Árdna - Samisk kulturmagasin **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Slipp naboene løs **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.10** Mumfie **16.20** Hysj **16.30** Småplukk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Showbiz **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektimen. Løgnens pris **21.05** Kveldsnytt **21.20** Detektimen. Løgnens pris **22.15** I tjukt og tynt **23.10** Folk i farta

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Debatt **10.50** Flyttlasset går **11.20** Mat och grönt på Friland **13.00** Babben & co **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Grillad **19.45** Troja **22.20** Kulturnyheterna **22.35** Imaginary Heroes **00.25** Sändningar från SVT24



## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Margir fá þá grillu í höfuðið að þeir megi ekki láta sjá sig neins staðar. Ég hef aldrei þjáðst yfir því að vera þekktur og fer á barinn ef mig langar. Stundum verður maður fyrir óþægindum, þegar ráðist er að manni og maður er ekki í skapi til að tala við fólk. En ég held nú reyndar að allir verði fyrir því.“*

Egill Ólafsson í Pressunni 1991. „Ég hef kannski verið aðeins uppteknari af því að vera þekktur á þessum tíma, en það má venjast öllu. Ég verð ekki var við neitt annað en velvilja og góðvild. Það er bara gaman að hitta fólk, maður er manns gaman,“ segir Egill um ummæli sín í dag.

# Samkynhneigðir boltastrákar í kvöldsiglingu

Keppendur á alþjóðlegu páskamóti Strákafélagsins Styrmis í fótbolta ætla saman í kvöldsiglingu næsta fimmtudag með hvalaskoðunarbátnum Eldingu. Tilgangurinn er að gefa samkynhneigðum þátttakendum tækifæri til að kynnast betur.

„Pælingin er að þjappa fólkinu betur saman. Þau koma héðan og þaðan þessi lið og við ætlum að taka tveggja til þriggja tíma siglingu um sundin hérna,“ segir Jón Þór Þorleifson, skipuleggjandi mótsins. „Hápunkturinn verður síðan lokaballið á Rúbín á laugardeginum með Páli Óskari.“ Fyrr um daginn verður verðlaunaafhending í Kórnum í Kópavogi.

Alls etja tólf lið kappi á mótinu. Þau eru skipuð hommum og lesbíum, þar af tíu erlend, og segir Jón Þór útlendingana gífurlega spennta fyrir Íslandsförinni. Þeir munu gista víða á höfuðborgarsvæðinu, margir hverjir í heimahúsum. „Einhverjir fá að gista hjá liðsmönnum og fjölskyldum þeirra. Ég lána dómurunum íbúðina mína því ég verð fyrir vestan,“ segir Jón Þór, sem kemur einnig að skipulagningu hátíðarinnar Aldrei fór ég suður á Ísafirði þessa sömu helgi. **- fb**



**ELDING** Samkynhneigt knattspyrnufólk ætlar í kvöldsiglingu með bátnum.



**STYRMIR** Strákafélagið Styrmir stendur fyrir alþjóðlegu páskamóti í fótbolta þar sem tólf lið taka þátt.



**LÁRÉTT**
**2.** blikk, **6.** mannþyrping, **8.** skar, **9.** stormur, **11.** samanburðartenging, **12.** tólf tylftir, **14.** beikon, **16.** í röð, **17.** mánuður, **18.** ennþá, **20.** átt, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ófá, **3.** eftir hádegi, **4.** fjölmiðlar, **5.** hylur, **7.** slípaður, **10.** eldsneyti, **13.** er, **15.** ávöxtur, **16.** húðpoki, **19.** nudd.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** depl, **6.** ös, **8.** hró, **9.** rok, **11.** en, **12.** gross, **14.** flesk, **16.** hi, **17.** maí, **18.** enn, **20.** nv, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** mörg, **3.** eh, **4.** pressan, **5.** lón, **7.** sorfinn, **10.** kol, **13.** sem, **15.** kíví, **16.** hes, **19.** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Sarah Brown.
2. Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi VG.
3. Mistökum R-listans í skipulagsmálum.

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

MARÍA BJÖRK ÓSKARSDÓTTIR: ATVINNULEYSI ÞARF EKKI AÐ ÞÝÐA EINANGRUN

# Sigríður Snævarr aðstoðar atvinnulausa í kreppunni

„Við erum að halda námskeið úti um allan bæ og verðum á Hótel Sögu á morgun og flytjum þar fyrirlestur um verkefnið okkar. Félagsmálaráðherra opnar fyrirlesturinn og borgarstjórinn lýkur honum,“ segir Sigríður Snævarr, fyrrverandi sendiherra. Hún hefur ásamt Maríu Björk Óskarsdóttur stofnað fyrirtækið Nýttu kraftinn en tilgangur þess er hvatning og stuðningur við atvinnulausa í formi fræðslu, fyrirlestra og námskeiðahalds eins og það er orðað í fyrirtækjalýsingunni.

María segir hugmyndina upphaflega komna frá Sigríði. Hún hafi viljað miðla af reynslu sinni sem sendiherra í Finnlandi og Svíþjóð þegar kreppan skall þar á undir lok síðustu aldar. Sigríður hafi síðan haft samband við hana skömmu eftir að hún missti vinnuna í Landsbankanum og fengið hana til að móta með sér hugmyndafræðina sem býr að baki Nýttu kraftinn. María segir grunnhugmynd Sigríðar hafa verið þá að atvinnumissirinn hefði í raun ekkert með einstaklinginn eða hæfni hans að gera.

Ferlið sem þær María og Sigríður hafa sett saman stendur yfir í þrjá mánuði. Grundvallaratriðið er að viðkomandi gangi til hvers dags sem vinnudagur væri. Fólk eigi að nota að minnsta kosti fjóra tíma á hverjum virkum degi í eitthvað uppbyggilegt. Þetta felist ekki í því að setja í uppþvottavélina eða önnur hversdagsleg störf heldur að það fari á námskeið, sinni sjálfboðastörfum eða láti gamlan draum rætast. „Allt á þetta að miða að því að gera hvern og einn samkeppnishæfan í atvinnuleitinni,“ útskýrir María og bætir við að allir taki áhugasviðspróf til að víkka hugann og skapa ný tækifæri.

Of langt mál færi í að útskýra þetta ferli og námskeiðið í þaula. María segir þó að þær leggi mikla áherslu á tenginguna við atvinnulífið. Stór þáttur í því sé að hver og einn fái svokallaðan mentor úr atvinnulífinu sem hann hittir aðra hverja viku. „Auðvitað geta fjárhagsáhyggjurnar verið miklar og við gerum ekkert lítið úr því. Aðalatriðið er hins vegar að brjótast út úr þeirri einangrun sem atvinnuleysi getur reynst mörgum.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**BYGGT Á REYNSLU FRÁ FINNLANDI** Sigríður Snævarr vildi miðla af reynslu sinni sem sendiherra í Finnlandi og Svíþjóð þegar kreppan skall þar á. Ásamt Maríu Björk Óskarsdóttur hjálpar hún nú atvinnulausum að takast á við hversdagsleikann og atvinnuleitina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Útvarpsstöðin Bylgjan hefur tekið Spurningakeppni fjölmiðlanna upp á sína arma eftir að Rás 2 skar keppnina niður vegna sparnaðar. Fréttablaðið sagði á dögunum frá því að þetta væri í bígerð og upphaflega hugmyndin var að fá Ævar Örn Jósepsson til að stjórna keppninni líkt og á Rás 2. Það gekk ekki eftir og í staðinn var **Logi Bergmann Eiðsson** fenginn til starfans. Logi er þrautreyndur stjórnandi spurningakeppna og mun jafnframt semja spurningarnar. Spurningakeppni fjölmiðlanna verður send út um páskana.



Áhugi erlendra fjölmiðla á Íslandi hefur verið ótrúlegur eftir bankahrunið. Nýjasti miðillinn sem sýnir ógöngum okkar Íslendinga áhuga er franska útgáfan af Marie Claire. Í nýjasta tölublaði þess er að finna viðtal við blaðakonuna og rithöfundinn **Snæfríði Ingadóttur**. Fyrirsögn viðtalsins við hana, og viðmælendur víðar að, er „Krísan gerði þær sterkari“. Þar segir af því hvernig Snæfríður hefur nýverið snúið sér að því að skrifa vinsælar ferðamannabækur sem vekja athygli út fyrir landsteinana. Og sagan er sögð á ljóðrænan hátt eins og tíðkast hjá þeim frönsku.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er mikil óánægja með þá ákvörðun RÚV að sýna ekki beint frá Söngkeppni framhaldsskólanna. Í gær höfðu rúmlega níu þúsund skráð sig á Facebook-síðu þar sem skorað er á Sjónvarpið að endurskoða þessa ákvörðun. Meðal þeirra sem leggja orð í belg er tónlistamaðurinn **André Bachmann** sem tekur undir áskorun framhaldsskólanemanna.



**- hdm, fgg**




# Tónlistarmenn fengu 11 milljónir

Tónlistarsjóðurinn Kraumur úthlutaði í gær tæpum ellefu milljónum króna til listamanna og hljómsveita, eigin verkefna Kraums og samstarfsverkefna sjóðsins.

Alls var 4,9 milljónum veitt til tónlistarmanna og hljómsveita. Hjaltalín fékk hæsta styrkinn, eða 1,2 milljónir króna. Hann mun nýtast við gerð nýrrar plötu og tónleikahald. „Fyrir hljómsveit eins og Hjaltalín þar sem eru sjö kjarnameðlimir er það mjög gott að fá svona pening. Við erum líka að vinna í okkar næstu plötu og það er mikill kostnaður við hana. Þessi peningur verður vel nýttur við gerð hennar,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, umboðsmaður Hjaltalín, hæstánægður með styrkinn.

Næsthæsta styrkinn, eða hálfa milljón, fengu Nordic Affect, Sin Fang Bous, Ólafur Arnalds og For a Minor Reflection. Einnig fékk Lay Low hálfa milljón fyrir tónleika sína erlendis síðar á árinu, þar á meðal á hátíðunum Glastonbury og End of the Road. Að auki fékk Mógil hálfa milljón í styrk fyrir tónleika sína á stærstu heims- og þjóðlagahátíð heims, Vomex, og fyrir væntanlega tónleikaferð sína um Ísland.

Ólöf Arnalds, sem spilaði einmitt á Vomex í fyrra við mjög góðar undirtektir, fær einnig hálfa milljón vegna undirbúnings annarrar plötu sinnar.

Þá fá þrjár efstu sveitirnar á Músíktilraunum eina milljón króna samanlagt fyrir hljóðverstíma á Flateyri. Einnig voru myndarlegir styrkir veittir vegna námskeiða og vinnusmiðja á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður og vegna tónleika ungra listamanna á Listahátíð Reykjavíkur og tónlistarhátíð unga fólksins í Kópavogi, auk fleiri styrkja. **- fb**



**KRAUMUR ÚTHLUTAR MILLJÓNUM** Eldar Ástþórsson hjá Kraumi tilkynnir um úthlutanir Kraums á skemmtistaðnum Boston við Laugaveginn. FRÉTTBLAÐIÐ/ANTON



Kosningar2009
KOSNINGAUMFJÖLLUN RÍKISÚTVARPSINS
3.-25. APRÍL
Ríkisútvarpið verður með ítarlegar fréttaskýringar og borgarafundi í hverju kjördæmi, leiðtogaumræður og kosningavökur í Sjónvarpinu og á Rás 1 og Rás 2.
SJÓNVARPIÐ RÁS 2
BEINAR ÚTSENDINGAR Í SJÓNVARPINU OG Á RÁS 2*
3. APRÍL LEIÐTOGAUMRÆÐUR
BORGARAFUNDIR:
6. APRÍL ÍSAFJÖRÐUR – NORÐVESTURKJÖRDÆMI
8. APRÍL HAFNARFJÖRÐUR – SUÐVESTURKJÖRDÆMI
14. APRÍL REYKJAVÍK – REYKJAVÍK-NORÐUR
16. APRÍL AKUREYRI – NORÐAUSTURKJÖRDÆMI
20. APRÍL SELFOSS – SUÐURKJÖRDÆMI
22. APRÍL REYKJAVÍK – REYKJAVÍK-SUÐUR
24. APRÍL LEIÐTOGAUMRÆÐUR
25. APRÍL KOSNINGAVAKA SJÓNVARPSINS *EKKI SEND ÚT Á RÁS 2
RÁS 1
25. APRÍL KOSNINGAVAKA
RÁS 2
25. APRÍL KOSNINGAVAKA
RUV.IS
Á KOSNINGAVEF RÍKISÚTVARPSINS ERU FRÉTTIR, FRÉTTASKÝRINGAR, KANNANIR OG KOSNINGABLOGG.
rúv
SJÓNVARPIÐ RÁS 1 RÁS 2 RUV.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Að ýlfra eins og sjakali*

Við eigum í stríði segja þeir, að vísu ekki hernaðarlegu heldur fjármálalegu en það ber að sama brunni; meðalaldur styttist, fólk flýr land, félagsleg vandamál aukast og þar fram eftir götunum. Þetta þarf auðvitað ekki að koma á óvart; það sem sætir hins vegar furðu er að þótt þetta eigi að heita nútímalegt stríð, þar sem skuldavöndlar og jöklabréf hafa leyst byssustingi og sprengjuvörpur af hólmi, dregur baráttan í orði kveðnu merkilega mikinn dám af því hvernig orrustur voru háðar fyrir tæpri öld: víglínan var mörkuð, grafnar skotgrafir þar sem hvorki þokaði fram né aftur.

**SEM** betur fer hefur blóði ekki verið úthellt á Íslandi, ekki bókstaflega að minnsta kosti. En að fylgjast með pólitískri umræðu á Íslandi árið 2009 er á stundum engu líkara en að lesa bókina Tíðindalaust á vesturvígstöðvunum, sem lýsir hryllingi fyrri heimsstyrjaldar, þegar blóði heillar kynslóðar var úthellt í tilgangslausum orrustum án þess að vígstaðan breyttist. „Ferskt blóð á vígvöllinn," var til dæmis slagorð tveggja ungra frambjóðenda í prófkjöri eins flokkanna. Þetta lýsir dálítið nöturlegri sýn á stjórnmálaþátttöku; að bjóða sig fram sem pólitískt byssufóður í þráteflinu á þingi.

**ÞAÐ** hefur verið auðvelt að rýna í umræðurnar á þingi undanfarna daga með þessum gleraugum; þar sem karpið breytist í skotgrafahernað, ræðupúltið er vélbyssuhreiður þar sem hægt er að láta flokkslínuna dynja á andstæðingum þínum og vonast til að smám saman mjakist maður áfram. En þegar ég fylgdist með umræðum á Alþingi um lagafrumvarp um endurgreiðslur til kvikmyndargerðarmanna, og sá alþingismann bresta fyrirvaralaust í söng í pontu, varð mér hugsað til annarrar bókar sem gerist í fyrri heimsstyrjöldinni.

**ÉG** veit sannarlega ekki af hverju vitfirringarnir eru reiðir yfir að vera þar," sagði góði dátinn Svejk eftir að honum var fleygt út af geðveikrahælinu. „Maður fær að skríða allsber um gólfið, ýlfra eins og sjakali og bíta hvern sem maður vill. Ef maður leyfði sér annað eins úti á götu yrði fólk standandi hissa og hrópaði á lögregluna, þarna þykir þetta sjálfsagt. Það er allt svo frjálslegt þar, að engan lýðræðissinna hefir nokkru sinni dreymt annað eins frelsi."

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 3. apríl, 93. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.38 | 13.31 | 20.25 |
| Akureyri | 6.19 | 13.16 | 20.14 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

þýskir dagar

25%
afsláttur
af öllum þýsku
merkjunum okkar!
eingöngu nýjar vörur í okkar verslunum

BOSS
HUGO
strellson
LLOYD
eterna
gardeur
SARAR
bugatti

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS
HUGO
B&S
KONUR
B&S Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS
KRINGLUNNI 533 4242